



Fornleifaskráning

vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð



Horft inn Reyðarfjörð og yfir víkina við Útstekk þar sem Stóru-Breiðuvíkurbúgarður stóð fyrrum

Guðný Zoëga
Ragnheiður Traustadóttir
Anna Rut Guðmundsdóttir
Bryndís Zoëga

2004/27

Inngangur	3
Tilgangur fornleifaskráninga	3
Fornleifaskráning og aðferðir	5
Aðferð við skráningu	5
Jarðanúmer	5
Tegund, hlutverk og heiti	5
Lega	6
Staðhættir og lýsing	6
Hættumat	6
Heimildir	6
Saga jarðanna og fornleifar	6
Saga jarðanna og fornleifar	7
Byggð í Reyðarfirði – ágríp	7
Útstekkur	8
Svínaskáli	26
Eskifjarðarkaupstaður	45
Lambeyri	48
Eskifjörður	67
Veturhús	79
Eskifjarðarsel	85
Borgir	93
Reyðarfjörður - kauptún	99
Teigagerði	101
Bakkagerði	107
Kollaleira	124
Áreyjar	132
Slétta	140
Borgargerði	174
Samantekt - fornleifar í Fjarðabyggð	180
Niðurstöður	186
Heimildir	188

Yfirlitskort af skráðum jörðum

Útstekkur og Helgustaðanáma - loftmynd

Svínaskáli og Lambeyri - loftmynd

Eskifjörður, Eskifjarðarsel, Borgir - loftmynd

Kollaleira og Bakkagerði - loftmynd

Áreyjar - loftmynd

Slétta - loftmynd

Sléttuströnd og Borgargerði - loftmynd

Inngangur

Í tengslum við aðal- og deiliskipulagsgerð í Fjarðabyggð voru skráðar tólf jarðir í sveitarfélaginu. Nauðsynlegt er að fornleifaskráning fari fram í tengslum við skipulagsgerð og var fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fengin til að vinna slíka skráningu. Árið 1847 voru 34 jarðir í Reyðarfjarðarhreppi hinum forna. Skráð var upp úr heimildum á 17. jarðanna, þ.e. allar minjar sem koma fyrir í heimildum skráðar en ekki skoðaðar á vettvangi (svokölluð svæðisskráning), og tólf jarðanna voru skráðar á vettvangi og fór sú vinna fram haustið 2002 og sumarið 2003. Að skráningunni komu starfsmenn Byggðasafns Skagfirðinga og fornleifarannsóknarinnar á Hólum í Hjaltadal, Hólarannsóknarinnar.

Skráðar voru jarðir í eða við þéttbýli þar sem mest hættu er á jarðraski. Það voru jarðirnar Svínaskáli, Lambeyri, Eskifjörður/Veturhús, Teigagerði, Bakkagerði og Kollaleira. Á Teigagerði, Bakkagerði og Kollaleiru var skráð á vettvangi það svæði sem deiliskipulag nær yfir annars voru jarðirnar svæðisskráðar. Jarðir sem eru í sérstakri hættu vegna framkvæmda voru Eskifjarðarsel/Byggðarholt en golfvöllur er í landi Byggðaholts og í landi Sels hefur farið fram malarnám auk þess sem þar hafar verið gerðar tilraunaboranir vegna hitaveitu. Jörðin Áreyjar var skráð vegna skipulagðrar skógræktar sem þar fer fram og jörðin Slétta og hjáleiga hennar Borgargerði voru skráðar þar sem þar fer fram vega- og jarðgangagerð. Býlið Borgir, hjáleiga Eskifjarðar, var skráð þar sem hún er í hættu vegna skriðufalla og einnig var skráð á Útstekk en þar var verslunarstaður á tímum einokunarverslunarinnar. Auk þess voru skráðar minjar í Helgustaðanámu þar sem silfurbergsvinnsla fór fram frá 17. fram á 20. öld en sú skráning fylgir með í viðauka. Ekki voru skráðar jarðirnar Hólmar, Sómastaðir og Sómastaðagerði þar sem skráning hafði þegar farið þar fram í tengslum við umhverfismat vegna byggingar álvers.

Sérstakar þakkir færum við heimildamönnum okkar Geir Hólm á Eskifirði, fyrrverandi safnstjóra Sjóminjasafns Austurlands, ábúendum á Útstekk, þeim Sjöfn Gunnarsdóttur og Heiðberg Hjelm, Óskari Ágústssyni, Reyðarfirði, Bóas Hallgrímssyni og Sigurbjörgu Einarsdóttur frá Bakkagerði, Guðmundi Má Beck, Kollaleiru, Guðrúnu Kjartansdóttur, Áreyjum og Sigurði Baldurssyni, bónda á Sléttu. Þakkir eru og færðar Óttari Guðmundssyni, skipulagsfulltrúa, og Guðmundi Sigfússyni, forstöðumanni Umhverfissviðs Fjarðabyggðar, sem útveguðu loftmyndir af svæðinu.

Heimildavinna var í höndum Rúnu K. Tetzschner, Ingu Sóleyjar Kristjónudóttur, Ingibjargar Jónsdóttur, Önnu Rutar Guðmundsdóttur og Bryndísar Zoëga. Þór Jónsson, fréttamaður, las próförk og Hjalti Þórðarson, landfræðingur, sá um kortagerð.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagrofum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Þjörgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskonun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í sameiginlegan gagnagrunn minjavörslunnar, Sarp.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á skipulagskort frá Verkfræðistofu Austurlands.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf eða -stöfum heitis jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Slétta - 158971, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens, 197 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernar jarðar; bæjarstaði á Sléttu væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Slétta - 158204-145

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma

¹ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Sléttukrókur eða Brunnhús, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort í eigu sveitarfélagsins frá Loftmyndum ehf.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Saga jarðanna og fornleifar

Í eftirfarandi kafla er stiklað á stóru um sögu byggðar í Breiðdal auk þess sem rakin er saga hvernar jarðar í stórum dráttum. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Saga jarðanna og fornleifar

Byggð í Reyðarfirði – ágríp

Reyðarfjörður er lengstur Austfjarða og liggur milli Krossaness að norðan en Vattarness að sunnan. Fjörðurinn klofnar í tvennt um Hólmanes og nefnist sá minni, er liggur til norðvesturs, Eskifjörður. Að fornu voru tveir hreppar í firðinum, Reyðarfjarðarhreppur að norðanverðu og Fáskrúðsfjarðarhreppur að sunnanverðu. Áramótin 1906/1907 var Reyðarfjarðarhreppi skipt upp í þrjá hreppa, Helgustaðahrepp, Eskifjarðarhrepp og Reyðarfjarðarhrepp.² Þannig hélst hreppaskipting, með einhverjum breytingum hreppamarka, fram til 1998 er hrepparnir voru sameinaðir í sveitarfélagið Fjarðabyggð.

Heimildir eru fáar um fyrstu byggð í Reyðarfirði en fjarðarins er líklega fyrst getið í Landnámabók þar sem greinir frá Naddoði og mönnum hans sem náð höfðu að Íslandsströnd eftir hafvillur. ”Þeir gengu upp í Austfjörðum á fjall eitt hátt ok sást um víða [...] Þar heitir nú Reyðarfjall í Austfjörðum, er þeir höfðu at komit.”³ Þrír landnámsmenn eru nefndir í Landnámabók. Fyrst er að nefna bræðurna Ævar sem nam Reyðarfjörð og Brynjólf sem nam Eskifjörð. Þeir munu þó fljótlega hafa haldið upp á Hérað og numið land þar. Þriðji landnámsmaðurinn var Krumur sem nam land í Þernunesi og Hafarnesi á suðurströnd fjarðarins.⁴

Þess mun oft getið í fornum ritum að skip hafi komið út í Reyðarfjörð og víst að þangað hefur verið siglt frá öndverðu.⁵ Sagnir eru um verslun til forna við Búðareyri og verslun var í Stóru-Breiðuvík (Útstekk) á tímum einokunar í landinu. Vera kann að þangað hafi verið siglt fyrir einokunartímann en heimildir vantar.⁶ Eftir einokunartímann við lok 18. aldar færðist verslun til Eskifjarðar en við lok þeirrar 19. var einnig hafin verslun á Búðareyri og Hrúteyri.

Frá upphafi hefur byggð við Reyðarfjörð, líkt og aðrar austfirskar sjávarbyggðir, grundvallast á hefðbundnum búskaparháttum auk nokkurrar sjósóknar. Myndun þéttbýlis hófst ekki fyrir alvöru í firðinum fyrr en við lok 19. aldar þegar Norðmenn hófu þar síldarútgerð.⁷ Auk þéttbýlisstaðanna tveggja á Eskifirði og Búðareyri var dálítið þéttbýli út með strönd Reyðarfjarðar sunnanverðri, svokallaðri Sléttuströnd.⁸ Nú eru tveir af þremur þéttbýliskjörnum Fjarðabyggðar í Reyðarfirði, í Eskifirði og á Búðareyri, en þéttbýlið Sléttuströnd hvarf upp úr aldamótunum 1900.

² Sveitir og jarðir í Múlapingi, III. bindi, bls. 136.

³ Íslendingasögur I. bindi, Landnáma, I. kafli., bls. 25.

⁴ Saga Reyðarfjarðar, bls. 9-10.

⁵ Saga Reyðarfjarðar, bls. 52.

⁶ Sveitir og jarðir í Múlapingi, III. bindi, bls. 101.

⁷ Sveitir og jarðir í Múlapingi, III. bindi, bls. 121.

⁸ Sveitir og jarðir í Múlapingi, III. bindi, bls. 170.

Stekkur/Útstekkur - 182060-123



Séð yfir núverandi bæjarstæði á Útstekk, neðan við húsið er Plássið svokallað og handan þess Búðamelur. Ljósmynd: Jóhann Zoëga.

Saga

Jarðarinnar er fyrst getið í Manntölum frá 1703 og 1816 og Jarðatali Johnsens 1847, ábúandi þá einn leigjandi.⁹ Í þessum heimildum er hún nefnd Stekkur en annars kölluð Útstekkur til aðgreiningar frá Innstekk, eða Breiðuvíkurstekkur enda upphaflega hjáleiga frá Stóru-Breiðuvík.¹⁰

Á tíma einokunarverslunar Dana (1602-1787) var Stóra-Breiðavík verslunarstaður fyrir miðhluta Austurlands og var allt til aldamótanna 1800. Þar þótti enn fremur góð sláturhöfn. Verslunarstöðvarnar voru í núverandi landi Breiðuvíkurstekks; Útstekks í hvammi niður við sjóinn. Í opinberum skjölum gekk kaupstaðurinn undir nafninu Reyðarfjörður eða Röðefjorden. Kaupsvæðið var ekki alltaf það sama en hefur náð frá Gvendarnesi í suðri að Lagarfljóti og Gilsá í Fljótsdal. Verslunarstaðurinn reis á Eskafirði um lok einokunartímans 1787. Verslun var þó einhver á Breiðuvíkurstekk fram yfir 1800.¹¹ Litlar menjar eru nú um þennan verslunarstað en sjór hefur nú breytt mjög landinu framundan núverandi bæjarstæði Útstekkjjar.

Náttúrufar og jarðabætur

⁹ Jarðatal Johnsens, bls. 375.

¹⁰ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III bindi. bls. 103.

¹¹ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III bindi. bls. 101

Bærinn stendur í hvammi örskammt upp frá sjó og gamla túnið utan við melana með ströndinni óslétt, bratt og sundurskorið lækjum, um tveggja kýrfóðra tún. Engjar voru í fjalli, mýrar heygóðar með reytingsslægjum og allgóð ræktunarskilyrði um undirhlíðar. Stekkur á landshlut og trjáreka með hinum jörðunum á Stóru-Breiðuvíkurtorfunni (Sjm: 103).¹² Eldri bæjarhús stóðu í brekkunni ofan og norðaustan núverandi bæjarstæðis.

Heimildaskrá

Manntal á Íslandi árið 1703, tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Rvk. 1924-1947.

J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kbh. 1847.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976. (Sjm)



Yfirlit yfir Útstekk, Plássið og Búðamel. Verslunarstaðurinn mun að hluta til hafa legið framan við Búðamel þar sem sjór hefur nú brotið land. Ljósmynd: Jóhann Zoëga

¹² Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III bindi. bls. 103.

Stekkur 182060 123 - 1

Horft til norðvesturs yfir gamla bæjarstæðið. Ljósmynd: Jóhann Zoëga

Hlutverk: Bæjarhóll

Lega: N: 65, 1, 23 (-650231) V: 13, 50, 5 (-138347)

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Samkvæmt Sveitum og jörðum (bls. 104) segir í Búskaparannál: “Eldri hús: Torfbær og timburhús í hlaðinni tótt. Baðstofa um 3 rúmlengdir, með skarsúð, fjós undir palli, 2 herb. í timburhúsinu.” Gamla bæjarstæðið er um 60 m ofan við núverandi íbúðarhús. Í brekku austan við Bæjarlækinn.

Lýsing

Enn er uppistandandi hluti af gamla torfbænum en hann hefur verið notaður sem útihús. Nú standa fjárhús og hlaða á gamla bæjarstæðinu.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlapingi III bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

Stekkur 182060 123 - 2

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Hleðsla

Lega: N: 65, 1, 23 (-650231) V: 13, 50, 5 (-138347)

Hleðsluhæð: 1,5 m

Lengd: 1,5 m

Breidd: 1,5 m
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir


Leifar súrheyshlöðu standa 15 m norðaustan við gamla bæinn, uppi á hól.

Lýsing

Niðurgrafnar undirstöður súrheyshlöðu sem hefur verið hringlaga og grjóthlaðin. Hleðsla stendur enn vel. Hlaðan er um 1,5 m í þvermál og um 1,5 m að dýpt.

Stekkur 182060 123 - 3

Hlutverk: Naust
Tegund: Hleðsla
Lega: N: 65, 1, 20 (-650222) V: 13, 50, 9 (-138358)
Hleðsluhæð: 60 sm
Lengd: 5 m
Breidd: 4 m
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð



Staðhættir

Naust er grafið inn í bakka neðst við heimreiðina, efst í fjöruborði um 30 m suðvestan núverandi íbúðarhúss.

Lýsing

Naustið er grjóthlaðið á þrjá vegu, opið fram til fjarðar. Hefur verið grafið inn í melinn ofan fjörunnar. Lengd þess er um 5 m og breidd 4 m, mesta vegg hæð 60 sm.

Stekkur 182060 123 - 4

Hlutverk: Kirkja
Tegund: Heimild
Lega: N: 65, 1, 21 (-650225) V: 13, 49, 53 (-138314)
Ástand: Ómetið
Horfin: Engin merki eru nú um kirkjuna, þarna er nú sléttað tún

Staðhættir

“Utan við Hesthústún er Kirkjumelur, þar fyrir utan Kirkjan, smátún. Þar liggur steinn, sem átti að vera kirkjuhellan” (ÖÚ).

“Í lýsingu á Stóru-Breiðuvík er einnig minnst á Kirkjuna og sagt að barn sé grafið þar en nú sé allt sléttað” (ÖSB).

“Fleira bendir til verslunartímans, t.d. virðist annar bakki bæjarlækjarins upphlaðinn, þá mótar fyrir hleðslu á fleti, er Kirkja heitir. Þar hefur líklega staðið kirkja sú, er Gyða Thorlacius segir Kyhn kaupmann hafa byggt á sinn kostnað” (Sjm: 103).

Kirkjustæðið er ekki þekkt með vissu en álitíð er að það sé í svokölluðu Kirkjutúni, alveg út við núverandi girðingu sem liggur niður í sjó yst (austast) í landi Útstekkjar.

Lýsing

Í túnjaðrinum austantil er stórt grjót sem kallað hefur verið Kirkjuhellan. Talið að þar sé um að ræða helluna úr kirkju þeirri sem tilheyrði Breiðuvíkurkaupstað. Nánari heimildir eru ekki til um hvar kirkja þessi stóð.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Útstekks, Stefán Einarsson skráði.

Örnefnaskrá Stóru-Breiðuvíkur, Stefán Einarsson skráði.

Sveitir og jarðir í Múlapingi III. bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

Stekkur 182060 123 - 5

Hlutverk: Verslun

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 20

(-650222)

V: 13, 50, 12

(-138367)

Lengd: 7 m


Breidd: 6 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil
hætta

Hættuorsök:

Ábúð/sjógangur



Staðhættir

“Búðarústir eru niðri við sjóinn undir melnum. Fullt er af akkerum og legufærum á ströndinni. Þarna er ágætishöfn í norðanátt.” (ÖÚ).

“Hinn gamli Reyðarfjarðarkaupstaður var í landi B, þ.e. “plássíð” (verslunarhúsin). Bærinn stendur örskammt upp frá sjó í hvammi, sem Búðaa hefur rofið í marbakkamela æðiháa og malarmikla neðan við núverandi þjóðveg. Einkum eru melarnir innan við bæinn háir og lausir í sér og ganga fram í fjöruna. Sjórinn virðist hafa étið sig upp í melana, og þar sem áður hafa staðið verslunarhúsin undir mel, flýtur nú sjór, en að einhverju leyti sýnist þó hafa hrapað yfir grunnana. Fleira bendir til verslunartímans, t.d. virðist annar bakki bæjarlækjarins upphlaðinn, þá mótar fyrir hleðslu á fleti, er Kirkja heitir. Þar hefur líklega staðið kirkja sú, er Gyða Thorlacius segir Kyhn kaupmann hafa byggt á sinn kostnað. Á þessum slóðum úir og grúir af gömlum garða- og tóttabrotum” (Sjm:103).

Í búskaparannál Sveita og jarða segir: “Gamalt: Menjar verslunarstaðarins, tættur hér og þar” (Sjm:104).

Leifar byggingar er efst við fjöruborð framan í Búðarmel austantil um 10 m neðan við heimreiðina sem liggur á ská til austurs niður melinn.

Lýsing

Greinileg grjóthleðsla sem liggur á um 7 m kafla langsum eftir fjöruborðinu. Tilgangur þessarar hleðslu hefur verið að hækka upp og slétta land undir byggingu. Ógreinilegur veggur liggur norður-suður á um 6 m kafla vestast við upphækkunina. Mesta hæð vegghleðslu er 20 sm, þykkt 1 m. Grjót sést ekki í veggjum en er greinilegt í upphleðslunni. Ferhyrnd flöt er austan þessa veggjabrots og hefur það líklega verið vesturveggur byggingar. Lega og útlit þessara minja bendir til að þar sé um að ræða leifar húsa frá verslunartímanum. Aðrar minjar eru ekki greinilegar neðan Búðamels en þar hefur sjór gengið nokkuð á landið.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Útstekks, Stefán Einarsson skráði.

Örnefnaskrá Stóru-Breiðuvíkur, Stefán Einarsson skráði.

Sveitir og jarðir í Múlapingi III. bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

Stekkur 182060 123 - 6

Sérheiti: Plássið

Hlutverk: Verslun

Tegund: Heimild

Legi: N: 65, 1, 20 (-650222) V: 13, 50, 7 (-138353)


Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Flötin framan (sunnan) núverandi íbúðarhúss mun vera kölluð Plássið eftir verslunarstaðnum sem þar stóð á einokunartímanum. Engar minjar eru nú greinilegar á Plássinu sjálfu en merki eru um mannvirki fremst við fjöruborðið og einnig við núverandi íbúðarhús.

Stekkur 182060 123 - 7

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Legi: N: 65, 1, 21 (-650225) V: 13, 50, 9 (-138358)

Lengd: 11 m
Breidd: 6 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Tóft liggur um 4 m vestur af íbúðarhúsi fast uppi við brekkuna sem heimreiðin lá um áður.

Lýsing

Mjög gróin tóft sem snýr nnv-ssa meðfram melnum vestan íbúðarhúss. Lengd um 11 m og breidd um 6 m. Mesta hleðsluhæð 30 sm, breidd 2 m. Hvergi sést í grjót í hleðslu og er tóftin hlaðin upp við brekkuna þannig að brekkan myndar vestari langvegg og nyrðri skammvegg. Vera kann að um sé að ræða minjar frá gamla verslunarstaðnum.

Stekkur 182060 123 - 8

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Lega: N: 65, 1, 21 (-650225) V: 13, 50, 8 (-138356)
Lengd: 4 m
Breidd: 5 m
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Tóftin liggur um 5 m norðan við núverandi íbúðarhús inni í garði.

Lýsing

Ferköntuð mjög útflött tóft, um 4 x 5 m að innanmáli. Veggir nokkuð greinilegir en grjót hvergi að sjá í hleðslu. Engar dyr eru greinilegar á tóftinni. Ýmsar mishæðir eru inni í garðinum sem kunna að benda til tófta en mjög erfitt er að gera sér grein fyrir þeim vegna gróðurs. Vera kann að þarna sé um að ræða tóftir frá verslunartímanum.

Stekkur 182060 123 - 9

Hlutverk: Garður
Tegund: Hleðsla
Lega: N: 65, 1, 22 (-650228) V: 13, 50, 9 (-138358)
Lengd: 25 m
Breidd: 1 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Hlaðið garðlag liggur austan við og meðfram gamla akveginum niður melinn vestan núverandi íbúðarhúss.

Lýsing

Garðurinn liggur á um 25 m kafla efst í brekku í skruðgarði norðan húss. Grjót sést ekki í hleðslu, þykkt 1 m og um 50 sm á þykkt.

Stekkur 182060 123 - 10

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Hleðsla

Lega: N: 65, 1, 22 (-650228) V: 13, 50, 7 (-138353)

Lengd: 7 m

Breidd: 5 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Ógreinileg tóft er um 20 m vestan fjárhúss sem nú stendur á gamla bæjarstæðinu, um 60 m ofan núverandi íbúðarhúss á eystri bakka bæjarlækjar.

Lýsing

Ógreinileg veggjalög en tóftin hefur snúið nálega norður-suður og er um 7 x 5 m að utanmáli.

Stekkur 182060 123 - 11

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Hleðsla

Lega: N: 65, 1, 20 (-650222) V: 13, 50, 7 (-138353)

Ástand: Ómetið

Horfin: Horfið

Staðhættir

Ofan fjöruborðs, neðst í svokölluðu Plássi, munu hafa staðið fjárhús. Einhverjar mishæðir eru í jarðvegi en veggjalög eru ekki lengur greinileg.

Aðrar upplýsingar

Fjárhús þessi eru greinileg á myndinni af bæjarstæðinu í Sveitum og jörðum, bls. 104.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

Stekkur 182060 123 - 12

Hlutverk: Garður

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

“Fleira bendir til verslunartímans, t.d. virðist annar bakki bæjarlækjarins upphlaðinn, þá mótar fyrir hleðslu á fleti, er Kirkja heitir ... Á þessum slóðum úir og grúir af gömlum garða- og tóttabrotum” (Sjm:103).

Lýsing

Leifar þessarar hleðslu fundust ekki við skráningu.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

Stekkur 182060 123 - 13

Hlutverk: Mylla

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Samkvæmt SJM segir í Búskaparannál: “Gamalt: ... Myllutótt við bæjarlæk.” (Sjm: 104).

Lýsing

Ekki fundust leifar myllunnar við skráningu en steinninn úr myllunni er enn til á Útstekk.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

Stekkur 182060 123 - 14

Hlutverk: Sögn

Tegund: Heimild

Lega: N: 65, 1, 21 (-650225) V: 13, 50, 5 (-138347)

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Samkvæmt SJM segir í Búskaparannál: “Í gamla túninu er sérkennileg hólstrýta oddhlaðin” (Sjm:104).

Lýsing

Sagnir eru um að í hólnum sé fólgið víkingaskip.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

Stekkur 182060 123 - 15

Hlutverk: Leiði

Tegund: Grafstæði

Lega: N: 65, 1, 22 (-650228) V: 13, 50, 13 (-138369)

Ástand: Ómetið

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Í Búskaparannál Sveita og jarða segir: “Uppi á melum ofan við bæinn er leiði fransks lautnants, er varð fyrir voðaskoti í Hjáleigulandi 1864, þegar foringjar af herskipi gengu á land til lóuveiða. Kross er á leiðinu og málmspjald á með nafni mannsins og dánartíma, nú orðið nokkuð máð” (Sjm:104).

Í lýsingu á Stóru-Breiðuvík er þessu einnig lýst: “Á milli Búðarlæks og bæjar, á Stekksmel, er Fransmaður grafinn,



Ljósmynd: Jóhann Zoëga

1880-90; þar á er legsteinn. Fransmenn voru á lóuskytteri, og hljóp skot í háttsettan mann, nú mjög nálægt vegi. Engar búðarústir sjást, en sléttur flatur fyrir ofan fjöru innan við Strýtuhól heitir Pláss” (ÖSB).

“Þegar Kaupstaður var í vikinni undir Búðarmelnum, er sagt, að Íslendingur hafi barizt við blámann á Plássinu, og bar landinn sigur af hólmi. Fyrir innan húsið er Búðarmelur, þar er fransmaðurinn grafinn, þar fyrir innan Búðargil” (ÖÚ).

Lýsing

Leiðið er á melholti vinstra megin núverandi heimreiðar að Stekk. Járngirðing er umhverfis leiðið og er enn uppistandandi kross úr járn á leiðinu.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Útstekks, Stefán Einarsson skráði.

Örnefnaskrá Stóru-Breiðuvíkur, Stefán Einarsson skráði.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

Stekkur 182060 123 - 16

Sérheiti: Brekkenshús

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Hús

Lega: N: 65, 1, 20 (-650222) V: 13, 50, 8 (-138356)

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Lýsing

Leifar af sjóhúsi norsks manns, Brekken, byggt um 1880-1890. Hluti af húsinu mun hafa verið flutt inn á Reyðarfjörð (Sjm: 104). Enn stendur uppi hluti af þessu húsi.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.



Brekkenshús. Ljósmynd: Jóhann Zoëga.

Stekkur 182060 123 - 17

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Mannvirki

Lega: N: 65, 1, 20 (-650222) V: 13, 49, 56 (-138322)

Ástand: Ómetið

Hættumat: Engin hætta

Heimildamaður: Sjöfn Gunnarsdóttir, ábúandi á Útstekk, fædd þar og uppalin, ábúandi á Útstekk, fædd þar og uppalin.

Staðhættir

Leifar af matjurtagarði liggur um 70 m neðan vegar á sléttri flöt fyrir miðju Kirkjutúni. Garðurinn hefur verið um 7 x 5 m að ummáli og snýr nálega austur-vestur.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

Stekkur 182060 123 - 18

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Lega: N: 65, 1, 21 (-650225) V: 13, 49, 59 (-138328)

Ástand: Ómetið

Horfin: Horfin, hefur verið sléttað úr.

Heimildamaður: Sjöfn Gunnarsdóttir, ábúandi á Útstekk, fædd þar og uppalin.

Staðhættir

Á flatrí tungu vestan við svokallað Kirkjutún.

Lýsing

Þarna munu hafa staðið fjárhús úr torfi og grjóti rifin 1991.

Stekkur 182060 123 - 19

Hlutverk: Reiðgata

Tegund: Gata

Lega: N: 65, 1, 25 (-650236) V: 13, 50, 14 (-138372)

Ástand: Sæmilegt

Lýsing

Gamlar reiðgötur liggja að bænum austan til í mel austan núverandi heimreiðar.

Stekkur 182060 123 - 20

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 25 (-650236) V: 13, 49, 60 (-138331)

Lengd: 10 m


Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Vegna ábúðar

Heimildamaður: Sjöfn Gunnarsdóttir, ábúandi á Útstekk, fædd þar og uppalin.

**Staðhættir**

Fjárhústóft er ofan (norðan) túns á Stekk, á svokölluðum Börðum, um 5 m neðan við veginn út Helgustaðahrepp.

Lýsing


Fjárhústóft úr torfi og grjóti, snýr nnv-ssa, þil hefur verið til suðurs út að firði. Hleðsla stendur vel, veggjaþykkt er mest um 2 m og veggjahæð um 1,5 m.

Aðrar upplýsingar

Þessi hús voru í notkun fram á áttunda áratug 20. aldar.

Stekkur 182060 123 - 21**Sérheiti:** Ærhús**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Tóft**Lega:** N: 65, 1, 23 (-650231) V: 13, 50, 6 (-138350)**Ástand:** Ómetið**Hættumat:** Búið að slétta.**Heimildamaður:** Sjöfn Gunnarsdóttir , ábúandi á Útstekk, fædd þar og uppalin.**Staðhættir**

Á sléttri flöt á austurbakka svokallaðs Grafningslækjar um 50 m ofan og norðvestan gamla bæjarstæðisins. Fjárhúsin munu hafa verið úr torfi og grjóti með járnþaki. Þau voru notuð fram á 8. áratug sl. aldar.


Stekkur 182060 123 - 22**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Tóft**Lega:** N: 65, 1, 24 (-650233) V: 13, 50, 8 (-138356)**Lengd:** 7 m**Breidd:** 4 m**Ástand:** Ómetið**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Ábúð**Heimildamaður:** Sjöfn Gunnarsdóttir , ábúandi á Útstekk, fædd þar og uppalin.**Staðhættir**

Svokallað Framtún er í lægð vestan gamla bæjarstæðisins milli Bæjarlækjarins og Grafningslækjar. Austan í því er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin er um 7 x 4 að innanmáli, veggir orðnir nokkuð ógreinilegir. Hefur snúið nálega norður-suður, dyr til suðurs. Ekkert grjót er greinilegt í veggjum. Mótar fyrir garða í

miðri tóft.

Stekkur 182060 123 - 23**Sérheiti:** Hesthúsatún**Hlutverk:** Hesthús**Lega:** N: 64, 1, 22 (-640228) V: 13, 50, 2 (-138339)**Lengd:** 5 m**Breidd:** 4 m**Ástand:** Slæmt**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Ábúð**Heimildamaður:** Sjöfn Gunnarsdóttir , ábúandi á Útstekk, fædd þar og uppalin.**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: “Utan við Langhól er Hesthústún.” Hesthústóft er austan til í svokölluðu Hesthústúni sem liggur í lögð milli tveggja mela austan gamla bæjarstæðisins.

Lýsing

Ógreinileg tóft um 5 x 4 m að utanmáli. Dyr til suðurs. Tóftin hefur snúið nálega norður-suður. Dýpt tóftar mest um 40 sm.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Útstekks, Stefán Einarsson skráði.

Stekkur 182060 123 - 24

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 26 (-650239) V: 13, 50, 3 (-138344)

Lengd: 4 m


Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Sjöfn Gunnarsdóttir , ábúandi á Útstekk, fædd þar og uppalin.



Staðhættir

Hesthústóft stendur efst ofan svokallaðs Hesthústúns um 180 m beint ofan gamla bæjarstæðisins og um 15 m neðan við veg út Helgustaðahrepp.

Lýsing

Hleðslur enn mjög greinilegar, grjót og torf á þrjá vegu en timburþil snúið til suðurs. Um 4 x 4 m að innanmáli. Mesta vegghæð 1 m og þykkt 1 m.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Útstekks, Stefán Einarsson skráði.

Stekkur 182060 123 - 25

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 23 (-650231) V: 13, 50, 3 (-138344)

Ástand: Slæmt

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Sjöfn Gunnarsdóttir , ábúandi á Útstekk, fædd þar og uppalin.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Útstekkjara segir: “Þar fram af [Hesthústúni] er Kvíastæði; upp af því eru Börð” (ÖÚ).

Leifar kvíanna eru um 70 m ofan (norðan) gamla bæjarstæðisins á austurbakka svokallaðs Ærhúslækjar.

Lýsing

Hlaðið hefur verið í kringum stórt náttúrugrjót en hleðslur eru nú mjög ógreinilegar.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Útstekks, Stefán Einarsson skráði.

Stekkur 182060 123 - 26

Hlutverk: Reykhús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 25 (-650236) V: 13, 50, 2 (-138339)

Lengd: 2 m


Breidd: 2,5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Sjöfn Gunnarsdóttir , ábúandi á Útstekk, fædd þar og uppalin.



Staðhættir

Leifar af kofa eru 20 m austan Ærhúslækjar sem rennur utan (austan), um 150 m norðaustan gamla bæjarstæðisins.

Lýsing

Grjóthlaðinn kofi, að nokkru grafinn inn í hlíðina. Hleðslur enn mjög greinilegar og standa vel, hæstar um 1 m og þykkt 1 m. Um 2 - 2,5 m að innanmáli. Snýr norðaustur-suðvestur, dyr í suðvestur. Húsið var notað fram á síldarárin.

Aðrar upplýsingar

Mun einnig hafa gegnt hlutverki hrútakofa.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Útstekks, Stefán Einarsson skráði.

Stekkur 182060 123 - 27

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 21 (-650225) V: 13, 50, 59 (-138497)

Hleðsluhæð: 1,5 m

Lengd: 7 m


Breidd: 2,5 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Sjöfn Gunnarsdóttir , ábúandi á Útstekk, fædd þar og uppalin.



Staðhættir

Leifar húss standa austan undir mel sem er vesta við svokallað Kirkjutún.

Lýsing


Húsið hefur verið grafið inn í austurbakka melsins. Ferköntuð grjóthleðsla 2,5 x 7 m það sem enn stendur af hleðslunni, en búið er að fjarlægja austurpart hússins. Mesta veggghæð 1,5 m. Var rífið um 1991.

Stekkur 182060 123 - 28**Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Mannvirki**Lega:** N: 65, 1, 25 (-650236) V: 13, 5, 5 (-130847)**Lengd:** 7 m**Breidd:** 2,5 m**Ástand:** Gott**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Ábúð**Heimildamaður:** Sjöfn Gunnarsdóttir, ábúandi á Útstekk, fædd þar og uppalin.**Staðhættir**

Samkvæmt Sveitum og jörðum (bls. 104) segir í Búskaparannál: "Sáðgarður 175 m²." Kartöflugarður á eystri bakka Bæjarlækjar um 30 m ofan við gamla bæjarstæðið, 8 x 16 m að ummáli.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlapingi III. bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

Stekkur 182060 123 - 29**Sérheiti:** Sláturkofi**Hlutverk:** Kofi**Tegund:** Tóft**Lega:** N: 65, 1, 20 (-650222) V: 13, 50, 13 (-138369)**Hleðsluhæð:** 0,3 m**Lengd:** 2 m**Breidd:** 1,5 m**Ástand:** Slæmt**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Ábúð/sjógangur**Heimildamaður:** Sjöfn Gunnarsdóttir, ábúandi á Útstekk, fædd þar og uppalin.**Staðhættir**

Kofatóft er framan í Búðamel, fast ofan fjöru um 20 m neðan heimreiðar og um 30 m austan við leifar hákarlahjalls.

Lýsing

Leifar af smá kofa, grjóthlöðnum um 2 x 1,5 að innanmáli. Kofinn hefur verið grafinn inn í melinn að hluta og snúið ssa-nnv. Orðinn nokkuð hruninn, dyr hafa vísað til fjarðar. Notaður síðast til að sjóða í slátur.

Stekkur 182060 123 - 30**Hlutverk:** Ullarþvottur**Tegund:** Heimild**Lega:** N: 65, 1, 22 (-650228) V: 13, 50, 17 (-138381)**Ástand:** Ómetið**Horfin:** Horfin vegna flóða í Búðalæk.

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Ull var þvegin á austurbakka Búðalækjar sem rennur í Búðagili vestan Búðamels. Þarna munu hafa verið einhverjar hleðslur en þær hurfu við flóð sem varð í læknum.

Stekkur 182060 123 - 31

Hlutverk: Hákarlahjallur

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 20 (-650222) V: 13, 50, 17 (-138381)

Lengd: 8 m

Breidd: 4 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Hætta


Hættuorsök: Vegna ábúðar og sjávangangs.

Staðhættir

Leifar hákarlahjalls standa fremst á bakka ofan fjöru, syðst í Búðarmel austan í mynni Búðagils.

Lýsing

Tveir grjóthlaðnir langveggir liggja nna-ssv, sá syðri 6 m að lengd og sá nyrðri 8 m lengd, 4 m á milli þeirra. Hrunið hefur úr syðri veggnum fram fyrir bakkann. Hleðslurnar standa á nokkurri upphækkun sem bendir til endurbygginga á staðnum.



Stekkur 182060 123 - 32

Hlutverk: Íshús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 20 (-650222) V: 13, 50, 17 (-138381)

Lengd: 7 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Vegna ábúðar.

Staðhættir

Niðurgroftur er inn í Búðamel, á eystri bakka Búðalækjar við mynni Búðagils.

Lýsing

Íshúsið hefur verið grafið inn í melinn fast aftan hákarlahjallsins. Hefur verið grjót- og torfhlaðin, veggir mjög þykkir, allt upp í 2,5 m. Snýr ssv-nna, dyr hafa vitað til suðvesturs að Búðalæk.

Stekkur 182060 123 - 33

Sérheiti: Vörðumelur

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

“Rétt utan við Búðarlæk á Efri-Hálsi er Vörðumelsmýri; upp af mýrinni er Vörðumelur” (ÖÚ).

Lýsing

Ekki skráð 2003.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Útstekks, Stefán Einarsson skráði.

Stekkur 182060 123 - 34

Hlutverk: Vegur

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

“Upp af þeim [Grákollsmelum] er Skarðshjalli og þar upp af Hrafnaskörð, var fjölfarin leið til Hellisfjarðar” (ÖÚ).

“Landið teygir sig upp með Eydalafjalli innanverðu og Grákolli, en innan við hann eru Hrafnsskörð og fornar vegarlóðir? upp fjallið í skörðin. Handan skarðanna eru innstu daladrög Hellisfjarðar” (Sjm:104).

Aðrar upplýsingar

Ekki skráð 2003.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Útstekks, Stefán Einarsson skráði.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

Stekkur 182060 123 - 35

Sérheiti: Svarðarbörð

Hlutverk: Torfskurður

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

“Upp af honum [Hrafnárstekk] er Langihryggur. Þar út af Svarðarbörð, neðri og efri” (ÖÚ).

Aðrar upplýsingar

Ekki skráð 2003.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Útstekks, Stefán Einarsson skráði.

Stekkur 182060 123 - 36

Sérheiti: Torfbotn

Hlutverk: Torfskurður

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

“Upp af túni eru Hálsar... upp af Efri-Hálsi er Fífumýri og út og niður úr henni botn, kallaður Torfbotn; þar var góð veltan” (ÖÚ).

Lýsing

Ekki skráð 2003.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Útstekks, Stefán Einarsson skráði.

Stekkur 182060 123 - 37

Hlutverk: Vegur

Tegund: Vegur

Lega: N: 65, 1, 22 (-650228) V: 13, 50, 9 (-138358)

Ástand: Sæmilegt

Heimildamaður: Heiðberg Hjelm, ábúandi á Útstekk.

Lýsing

Gamla þjóðbrautin til Vöðlavíkur og Viðfjarðar lá um bæjarstæðið á Útstekk. Enn eru greinileg merki um þennan veg í austurbrekku melsins ofan og vestan íbúðarhúss og skruðgarðs.

Svínaskáli - 155974-128



Séð yfir tún á Svínaskála, þar eru nú matjurtagarðar Eskfirðinga. Hólmanes í baksýn. Ljósmynd: Guðný Zoëga

Saga

Svínaskáli er innsta jörðin í Helgustaðahreppi. Í jarðatali Johnsens frá 1845 var jörðin talin 9 hundruð að dýrleika og kúgildi tvö.¹³ Árið 1906 var Eskifjarðarhreppur stofnaður, að hluta til úr landi Svínaskála. Jörðin var í bændaeign til 1963 en þá keypti Eskifjarðarhreppur hana. Á Svínaskála var reist hvalstöð árið 1904. Stöðin var starfrækt í átta sumur.¹⁴

Jörðin fór úr ábúð 1952 en var í bændaeign fram til 1963 er Eskifjarðarhreppur keypti hana.¹⁵ Hjáleiga frá Svínaskála var Svínaskálastekkur eða Innstekkur en hann varð sjálfstæð jörð 1890.¹⁶ Í landi Svínaskála eru nú matjurtagarðar bæjarbúa.

Landamerki

Í kaupbréfi frá 1822 er landamerkjum Svínaskála þannig lýst: “Land alt og reki mille svo kallaðs Merkgils að utan, þaðan upp framan verdt veð þuss hofða og uppí Lios á, enn að innanverdu í Lambeyrar á yttre og mille þessara ummerkja alt á Eggjar upp að undan skyldu því plátse á Míou Eyre sem utmælt er fyrir Kaupstaðar grunn og áður er selt Konunglegre Hatign”.¹⁷ Nú eru mörk jarðarinnar að utan við Svínaskálastekk á Leiti við sjó, á Stekkshnaus í fjalli, á Sandskeiðsmel, við foss innan við Litladal. Mörk

¹³ Jarðatal Johnsens, bls. 375.

¹⁴ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 115.

¹⁵ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 116.

¹⁶ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 113.

¹⁷ Örnefnaskrá Svínaskála og Svínaskálastekks.

eru óljós efst í fjalli. Innri mörk voru rétt utan við Mjóeyrina en jörðin er nú öll í eigu sveitarfélagsins.¹⁸

Náttúrufar og jarðabætur


Svínaskáli stendur í miklu brattlendi og voru tún í nokkurri brekku. Svínaskáli var að stærð meðalbú, heimatún var ágætt en engjar eru í fasteignamati frá 1918 sagðar litlar, reytingssamar og langsóttar. Í fasteignamatinu eru tún sögð 4 hektarar og taða 200 hestburðir. Beitiland var lítið en kjarngott, engin mótekja eða torfskurður og hæfileg áhöfn áætluð 3 kýr, 3 hestar og 150 fjár.¹⁹

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976. (Sjm)
J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kmh. 1847. Bls. 375.
Örnefni í landi Svínaskála og Svínaskálastekks, Stefán Einarsson skráði. (ÖSS)

¹⁸ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 113.

¹⁹ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 116.

Svínaskáli 155974 128 - 1**Hlutverk:** Bústaður**Tegund:** Bæjarstæði**Staðsetning:** N: 65, 3, 21 (-650558) V: 13, 58, 18 (-139717)**Ástand:** Gott**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Jarðrækt**Staðhættir**

Á túnakorti Svínaskála eru sýnd tvö hús á bæjarstæðinu. “Neðan við túnfótinn á Svínaskála liggur hann [þjóðvegurinn] um lága hæð, sem heitir Svínaskálaklif, oftast kallað Klif. Upp af því á hæð ofar en í miðju Svínaskálatúni stóð bærinn á Svínaskála, og eru þar enn glöggar tættur margra húsa” (ÖSS).

Lýsing

Bæjarhúsin standa efst í brattri túnbrekku og eru þau á nokkurri upphækkun. Húsin eru sýnd á túnakorti Svínaskála. Tóftir eldri

bæjarhúsanna eru úr torfi og grjóti. Það eru tvær aflangar samfastar tóftir sem snúa nálega austur-vestur. Tóftirnar eru samanlagt um 15 m langar og breiddin 3.5 m að innanmáli. Eystri tóftin er nokkuð upphlaðin og stendur herra en sú vestari. Tvennar dyr hafa verið til suðurs á vestari tóftinni en engar dyr eru greinilegar á þeirri eystri. Þvert aftan við vestari tóftina er grjót og torfhlaðin tóft, snýr n-s. Aftan hennar í bæjarhólnum er ferköntuð niðurgrafin tóft, e.t.v. hlaða. Austan hlöðutóftarinnar mótast fyrir ferköntuðum garðlögum, líklega af matjurtagarði. Um 4 metrum framan við þessar tóftir eru leifar af steinsteyptum grunni sem snýr eins og þær, 15 x 9 m að utanmáli. Grjóthleðsla er neðst í grunninum en steyp ofan á hana. Veggurinn er nú nokkuð tekinn að falla. Allt í kringum bæjarhólinn og í túninu öllu eru matjurtagarðar en Svínaskálar voru notaðir fyrir skólagarða og einnig almenning.

Heimildaskrá

Túnakort Svínaskála, Helgustaðahreppi.

Örnefnaskrá Svínaskála og Svínaskálastekks B, Stefán Einarsson skráði, með viðbættum.

Svínaskáli 155974 128 - 2**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** N: 65, 3, 21 (-650558) V: 13, 58, 18 (-659717)**Ástand:** Slæmt**Horfin:** Er horfið

Staðhættir

Óglöggar mannvirkjaleifar eru um 15 m vestur af bæjarhólnum.

Lýsing

Um 15 m vestur af bæjarhólnum er upphækkun í túninu, flöt að ofan. Í henni er ferhyrind gryfja. Þarna hafa staðið einhver hús en veggjalög eru ekki lengur greinileg.

Svínaskáli 155974 128 - 3

Hlutverk: Tóft

Tegund: Mannvirki

Staðsetning: N: 65, 3, 20 (-650556) V: 13, 58, 13 (-139703)

Lengd: 3 m

Breidd: 4 m

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Það mótar fyrir húsgrunni 20 m norðaustan bæjarhóls, uppi á brekkubrún yst í túni.

Lýsing

Ferköntuð slétta þar sem greinilega hefur staðið hús. Einföld grjótlögn afmarkar grunn þess á tvo vegu en annars eru engin veggjalög greinileg. Húsið hefur verið um 3 x 4 m að ummáli.

Svínaskáli 155974 128 - 4

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 65, 3, 21 (-650558) V: 13, 58, 12 (-139700)

Hleðsluhæð: 0,3 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Horfin að hluta

Staðhættir

Veggjabrot liggur frammi á brekkubrún vestan gilsins sem Beljandi rennur um, efst og yst í túni á Svínaskálum um 40 m ofan bæjarstæðisins.

Lýsing

Ógreinilegt ferkantað veggjalag, virðist eitthvað hafa verið skemmt. Tóftin hefur líklega ekki verið stór en það eina sem eftir er af henni er um 2 m langt veggjalag og nokkrir steinar. Mesta veggshæð um 30 sm, þykkt 50 sm.

Svínaskáli 155974 128 - 5

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft


Staðsetning: N: 65, 3, 24 (-650567) V: 13, 58, 26 (-139739)

Hleðsluhæð: 1,2 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir



Tóft er um 100 m vestur af bæjartóftum Svínaskála. Uppi við fjallsbrekkur, gegnt Hólmanesi

Lýsing

Tóft hlaðin úr torfi og grjóti. Tóftin er vel gróin og sést aðeins í grjót í austurvegg hússins. Veggir standa frekar vel. Dyr eru á tóftinni og snúa þær til suðurs. Mesta hæð veggja er 120 sm og mesta þykkt þeirra er 100 sm. Sunnan við tóftina er niðurgrafningur, 50 sm að dýpt, og veggir hans hlaðnir úr grjóti og torfi. Hann er að utanmáli 1 x 1,5 m. Þar sér í grjót en tóftin er vel gróin.

Svínaskáli 155974 128 - 6

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 65, 3, 24 (-650567) V: 13, 58, 21 (-139725)

Þvermál: 1,1 m


Lengd: 9,5 m

Breidd: 5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir



Tóftir fjárhúsa liggja um 80 m í vestur frá bæjartóftum á Svínaskálum og 200 m ofan við veginn sem liggur inn Eskifjörð norðanverðan.

Lýsing

Fjárhústóft hlaðin úr torfi og grjóti. Veggir standa vel en þó er hrunið úr þeim sums staðar. Garði er fyrir miðri tóft. Hún er að utanmáli 9,5 x 5 m. Mesta hæð veggja er 110 sm en mesta þykkt 100 sm. Til vesturs er sambyggð lítil tóft sem er að utanmáli 2 x 2,5 m. Vestan við tóftina er einföld grjótlögn sem liggur um 40 m upp í hlíðina. Steinarnir sjást vel á yfirborði og er mesta breidd 40 sm.

Svínaskáli 155974 128 - 7

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 65, 3, 23 (-650564) V: 13, 58, 18 (-139717)

Skekkja: 2 m

Ástand: Gott


Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Fjárhústóft er um 50 m frá bæjartóftum á Svínaskálum um 200 m ofan við veg sem liggur út Helgustaðahrepp.

Lýsing

Fjárhústóft úr grjóti og torfi. Tóftin er vel gróin en það sést í grjót á nokkrum stöðum. Töluvert er hrunið úr veggjum en þeir standa samt vel. Garði er í gegnum miðja tóft.



Við enda garðans er steipt fjárbað. Ofan við hana (til norðurs) er sambyggð hlaða, sem er að utanmáli 5 x 8 m. Hún er 130 sm djúp og mesta þykkt veggja er 100 sm.

Svínaskáli 155974 128 - 8

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 3, 20 (-650556) V: 13, 58, 10 (-139694)

Ástand: Ómetið

Horfin: Horfin

Staðhættir

“Upp með Beljanda að innan upp að Hólbrennum heitir Fjósballi. Þar var áður sumarfjós” (ÖSS). Engin merki eru nú um fjósbygginguna á balanum.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Svínaskála og Svínaskálastekks B, Stefán Einarsson skráði, með viðbættum.

Svínaskáli 155974 128 - 9

Sérheiti: Klaufarkvíar

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Tóft


Staðsetning: N: 65, 3, 23 (-650564) V: 13, 58, 8 (-139689)

Lengd: 5 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta



Staðhættir

“Ofan við túnið á Svínaskála er hæð, sem heitir Smjörhóll. Utan við hann eru Klaufarkvíar; ofar er Grýluskot” (ÖSS).

Lýsing

Tóftin er að ummáli 4 x 5m með tvær hliðar grafnar inn í hlíðina. Um miðja tóftina er veggur, 0,3 m hár og 0,5 m breiður, sem stúkar af norðvesturhorn tóftarinnar. Mesta hæð veggja er 1 m og mesta þykkt veggja 1 m. Tóftin er vel gróin.

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Svínaskála og Svínaskálastekks.

Svínaskáli 155974 128 - 10

Hlutverk: Saltfisksþurrkun

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 3, 14 (-650539) V: 13, 58, 5 (-139683)

Ástand: Ómetið

Staðhættir

“Sléttan milli bæjanna Stekks og Svínaskála inn að ánni Beljanda heitir einu nafni Leiti. Efst á Leitinu er Grásteinsholt ... Innst á Leitinu á sjávarbakkanum voru Svínaskálasjóhús, en rétt utan við Beljanda neðan götu Reitar, þar sem saltfiskur var þurrkaður” (ÖSS).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Svínaskála og Svínaskálastekks B, Stefán Einarsson skráði, með viðbættum.

Svínaskáli 155974 128 - 11

Hlutverk: Verslunarhúsnæði

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 65, 8, 12 (-650533) V: 13, 58, 5 (-139681)

Hleðsluhæð: 0,4 m

Lengd: 9 m

Breidd: 4 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta



Ljósmynd: Guðný Zoëga

Staðhættir

“Sléttan milli bæjanna Stekks og Svínaskála inn að ánni Beljanda heitir einu nafni Leiti. Efst á Leitinu er Grásteinsholt ... Innst á Leitinu á sjávarbakkanum voru Svínaskálasjóhús, en rétt utan við Beljanda neðan götu Reitar, þar sem saltfiskur var þurrkaður. Upp af sjóhúsunum (sem nú eru horfin fyrir allöngu) heitir Lambastekkur. Rétt ofan við götu upp af Svínaskálasjóhúsunum stóð Verzlunarhús

Jónasar bónda Símonarsonar á Svínaskála

(reist um 1880, timburhús og undir því kjallari hlaðinn úr grjóti, eyðilagður fyrir skömmu; húsið keypti Carl D. Tulinius, kaupmaður á Eskifirði, um 1894 og flutti inn á Reyðarfjörð, þar sem það stendur enn á mölinni neðan við Oddnýjarhæð, mjög lengi verzlunarhús Magnúsar Magnússonar)” (ÖSS) .

Lýsing

Ferköntuð tóft, 4 x 9 m, niðurgrafin í hlíðina á þrjár hliðar en syðri langhlið hefur verið grafin í burtu við vegagerð. Mesta vegghæð um 40 sm. Hefur snúið sa-nv.

Aðrar upplýsingar

Hætta vegna umferðar

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Svínaskála og Svínaskálastekks B, Stefán Einarsson skráði, með viðbættum.

Svínaskáli 155974 128 - 12

Hlutverk: Lambhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 65, 3, 16 (-650544) V: 13, 58, 13 (-139703)

Lengd: 10 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

“Upp með Beljanda að innan upp að Hólbrekku heitir Fjósballi. Þar var áður sumarfjós. Utan við Beljanda út af Hólnum voru í Beljandagili fyrrum Lambhús” (ÖSS).

Lýsing

Grjót- og torfhlaðin fjárhústóft snýr n-s. Bárujárnspekja er fallin niður í tóftina. Tóftin er um 10 x 4 m að innanmáli. Þvert aftan á hana er hlöðutóft um 8 x 6 m að utanmáli. Hleðslur standa enn mjög vel, allt upp í 2 m hæð. Veggjapykkt er mest 2 m. Austan tóftarinnar er stór garður sem líklega er matjurtagarður sá sem sýndur er á túnakorti.

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Svínaskála og Svínaskálastekks B, Stefán Einarsson skráði, með viðbættum.

Svínaskáli 155974 128 - 13

Hlutverk: Mylla

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: Engin ummerki er að finna um mylluna

Staðhættir

“Upp með Beljanda að innan upp að Hólbrekku heitir Fjósballi ... Utan við Beljanda út af Hólnum voru í Beljandagili fyrrum Lambhús. Nokkru neðar var Myllan, kornmylla knúin vatni úr Beljanda. Mylluna reisti Jónas Símonarson, bóndi á Svínaskála (d. 1893).”

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Svínaskála og Svínaskálastekks B, Stefán Einarsson skráði, með viðbættum.

Svínaskáli 155974 128 - 14

Sérheiti: Íshúsið

Hlutverk: Íshús

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 65, 3, 14 (-650539) V: 13, 58, 5 (-139681)

Hleðsluhæð: 1,7 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegagerð

**Staðhættir**

“Upp með Beljanda að innan upp að Hólbrekku heitir Fjósballi. Þar var áður sumarfjós. Utan við Beljanda út af Hólnum voru í Beljandagili fyrrum Lambhús. Nokkru neðar var Myllan, kornmylla knúin vatni úr Beljanda. *Ljósmynd: Guðný Zoëga*

Mylluna reisti Jónas Símonarson, bóndi á Svínaskála (d. 1893). Yzt og neðst í túninu var Íshúsið, og var svæðið inn af því kallað Íshústún” (ÖSS).

Lýsing

Djúp niðurgrafin tóft, grjóthlaðin, hefur snúið nálega n-s. Um 5 m ofan vegar á brekkubrún. Tóftin hefur að hálfu verið fjarlægð við vegagerð. Mesta vegghæð um 1,7 m.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Svínaskála og Svínaskálastekks B, Stefán Einarsson skráði, með viðbættum.

Svínaskáli 155974 128 - 15

Hlutverk: Slóggrafir

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: Engin ummerki eru um slóggrafir

Staðhættir

“Upp með Beljanda að innan upp að Hólbrekum heitir Fjósballi. Þar var áður sumarfjós. Utan við Beljanda út af Hólnum voru í Beljandagili fyrrum Lambhús. Nokkru neðar var Myllan, kornmylla knúin vatni úr Beljanda. Mylluna reisti Jónas Símonarson, bóndi á Svínaskála (d. 1893). Yzt og neðst í túninu var Íshúsið, og var svæðið inn af því kallað Íshústún. Innan við það tóku Sléttur við inn að Beljanda og upp að Myllu. Efst á sléttunum voru Slóggrafir. Í þeim var geymdur fiskúrgangur, sem síðan var dreift á tún til áburðar. Innst og efst í Svínaskálatúni var kallað Efrahústún” (ÖSS).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Svínaskála og Svínaskálastekks B, Stefán Einarsson skráði, með viðbættum.

Svínaskáli 155974 128 - 16

Hlutverk: Hleðsla

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: N: 65, 3, 19 (-650553) V: 13, 58, 11 (-139697)

Þvermál: 1,5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Staðhættir

Í vesturbakka við lækinn Beljanda á um 70 m kafla.

Lýsing

Grjóthlaðinn bakki sem hlaðinn hefur verið til að slétta til fyrir heimreiðina sem áður hefur legið beint upp með læknum. Mesta hæð þessarar hleðslu er um 1,5 m, stendur vel en er farin að síga fram á stöku stað.

Svínaskáli 155974 128 - 17

Hlutverk: Matjurtagarður

Staðsetning: N: 65, 3, 19 (-650553) V: 13, 58, 9 (-139692)

Lengd: 30 m
Breidd: 15 m
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Matjurtagaður um 15 x 15 m að utanmáli er áfastur austan Lambhússins

Svínaskáli 155974 128 - 18


Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 65, 3, 12 (-650533) V: 13, 58, 7 (-139686)

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta



Staðhættir

“Sléttan milli bæjanna Stekks og Svínaskála inn að ánni Beljanda heitir einu nafni Leiti [...] Innst á Leitinu á sjávarbakkanum voru Svínaskálasjóhús” (ÖSS).

Sjóhúsin stóðu 10 m neðan vegar út Helgustaðahrepp um 60 m utan (austan) Beljanda.

Lýsing

Sjóhúsin eru horfin að öðru leyti en því að garðbrot, um 3 m langt liggur n-s upp frá fjöruborði. Virðist vera hluti af ferkantaðri tóft sem að öðru leyti er horfin.

Aðrar upplýsingar

Hætta vegna sjávargangs

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Svínaskála, Stefán Einarsson skráði.

Svínaskáli 155974 128 - 19

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 3, 19 (-650553) V: 13, 58, 19 (-139719)

Lengd: 12 m

Breidd: 7 m

Ástand: Ómetið

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Á túnakorti Svínaskála eru fjögur mannvirki, þar af eru tveir matjurtagarðar utan við Beljandann. Samkvæmt túnakortinu munu garðarnir hafa verið samtals 310 m².

Lýsing

Á eystri bakka Beljanda um 10 m ofan Lambhúss, efri garðurinn af tveimur sem sýndur er á túnakorti.. Greinilegur ferkantaður garður, um 12 x 7 m að ummáli.

Heimildaskrá

Helgi Gíslason: Túnakort Svínaskála, Helgustaðahreppi.

Svínaskáli 155974 128 - 20**Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** N: 65, 3, 16 (-650544) V: 13, 58, 11 (-139697)**Ástand:** Gott**Hættumat:** Mikil hætta**Staðhættir**

Á túnakorti Svínaskála eru fjögur mannvirki, þar af eru tveir matjurtagarðar utan við Beljandann. Samkvæmt túnakortinu munu garðarnir hafa verið samtals 310 m².

Lýsing

Neðri matjurtagarðurinn sem sýndur er á túnakorti. Ferköntuð garðmyndun austan við lækinn Beljanda rétt ofan vegar út Helgustaðahrepp.

Aðrar upplýsingar

Hætta vegna jarðræktar

Heimildaskrá

Helgi Gíslason: Túnakort Svínaskála, Helgustaðahreppi.

Svínaskáli 155974 128 - 21**Sérheiti:** Lambastekkur**Hlutverk:** Stekkur**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** N: 65, 3, 18 (-650550) V: 13, 57, 57 (-139658)**Lengd:** 9 m**Breidd:** 2 m**Ástand:** Gott**Hættumat:** Lítil hætta

Heimildamaður: Geir Hólm, fyrrverandi safnstjóri Sjóminjasafns Austurlands á Eskifirði.

Staðhættir

“Frá Stekksá og inn að Beljanda heitir sléttan milli Stekks og Svínaskála Leiti. Efst á því er Grásteinsholt. Innsti partur þess (fyrir ofan sjóhúsin á Svínaskála) heitir Lambastekkur” (ÖSS).

Lýsing

Samkvæmt upplýsingum frá Geir Hólm var lambastekkurinn grjóthleðsla ofan verslunarhúsanna sem stóðu ofan sjóhúsa á Svínaskálum. Ekki sjást neinar leifar af þessum garði nú.


Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Svínaskála og Svínaskálastekks.

Svínaskáli 155974 128 - 22**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** N: 65, 3, 18 (-650550) V: 13, 57, 57 (-139658)**Lengd:** 9 m**Breidd:** 2 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta



Staðhættir

Tóftin er um 200 m ofan við veg sem liggur inn Eskifjörð og um 200 m austan við Beljanda, upp af svokölluðum Lambastekk.

Lýsing

Liggur í hlíðinni gegnt austasta enda Hólmaness. Stekkur hlaðinn úr grjóti. Hann

er of fallinn til þess að greina megi hvort hann hafi verið tvískiptur. Utanmál tóftar er 2 x 9 m. Mjög hruninn og tóftin full af grjóti.

Svínaskáli 155974 128 - 23

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 65, 3, 17 (-650547) V: 13, 57, 58 (-139661)

Lengd: 2,5 m

Breidd: 5 m


Ástand: Ómetið

Staðhættir

Tóftin er á eystri bakka lítills lækjar um 150 m ofan vegar og um 300 m austan bæjarstæðis á Svínaskálum, ofan svokallaðs Lambastekks og sjóhúsa.

Lýsing

Hlaðin grjóttóft 2,5 x 5 m að utanmáli. Nokkuð gróflega hlaðin og mjög hrunin þannig að hún er full af grjóti. Orðin mjög gróin og farin að samsamast umhverfinu.



Svínaskáli 155974 128 - 24

Hlutverk: Gata

Tegund: Gata

Staðsetning: N: 65, 3, 29 (-650581) V: 13, 58, 47 (-139797)

Ástand: Ómetið

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

“Gamla reiðgötur lágu frá Eskifirði að Svínaskála eftir hjalla ofan við Hellnakamba og Mjöeyrarbala út yfir Litlaeyrargil? og um Kvíaholt” (ÖSS).

Lýsing

Liggja frá Svínaskálum og inneftir í átt til Eskifjarðarkaupstaðar. Um 300 m frá vegi .

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Svínaskála og Svínaskálastekks B, Stefán Einarsson skráði, með viðbættum.

Svínaskáli 155974 128 - 25**Sérheiti:** Kofamelur**Hlutverk:** Kofi**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** N: 65, 3, 44 (-650622) V: 13, 57, 34 (-139594)**Hleðsluhæð:** 0,4 m**Lengd:** 3 m**Breidd:** 4 m**Ástand:** Ómetið**Hættumat:** Lítil hætta**Staðhættir**

“Innan við Hrygginn er Hnausamýri, fyrir innan hana Sandskeið, fyrir innan það Tjarnarbotnar. (Beljandinn rennur gegn um þá.) Innst og neðst í þeim er Kofamelur.” Kofatóft er á eystri bakka lækjar um 20 m neðan vegar yfir Oddsskarð. Efst á melholti til móts við Hólmanes.

Lýsing


Smátóft, líklega smalakofi, 3 x 4 m at utanmáli. Tóftin er ferhyrnd og snýr norðaustur/suðvestur, hún er mjög gróin. Steinar sjást aðeins á tveimur stöðum í tóftinni. Veggjahæð er 0,4 m og þykkt veggja er 0,3 m.

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Svínaskála og Svínaskálastekks.



Ljósmynd: Guðný Zoëga

Svínaskáli 155974 128 - 26**Sérheiti:** Svínaskálarétt**Hlutverk:** Rétt**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** N: 65, 3, 24 (-650567) V: 13, 58, 26 (-139739)**Þvermál:** 0,5 m**Lengd:** 5 m**Breidd:** 9 m**Ástand:** Ómetið**Staðhættir**

“Holtið fyrir innan túnið á Svínaskála heitir Kvíaból eða Kvíaholt. Þar var Svínaskálarétt” (ÖSS).

Réttin er um 105 m vestur af bæjartóftum á Svínaskálum. Er í fjallshlíðinni norðanvert í Eskifirði gegnt Hólmanesi um 200 m ofan við veginn sem liggur inn Eskifjörð. Réttin er staðsett á austanverðum lækjarbakka.

Lýsing

Næstum hringlaga tóft úr grjóti og torfi. Það sést í grjót allan hringinn og veggirnir standa vel en hrúnið er úr þeim á stöku stað. Tóftin er vel gróin. Mesta breidd veggjar er 1 m og mesta hæð er 50 sm. Utanmál tóftar er 5 x 9 m. Hlið er á henni sem snýr í suðaustur.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Svínaskála og Svínaskálastekks B, Stefán Einarsson skráði, með viðbættum.

Svínaskáli 155974 128 - 27

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: N: 65, 3, 15 (-650542) V: 13, 58, 0 (-139667)

Ástand: Ómetið

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Grjóthleðsla um 150 m ofan vegar sem liggur inn Eskifjörð, ofan svokallaðs Lambstekks og sjóhúsa.

Lýsing

Ferhyrndur grjótrettur, sem liggur norðvestur/suðaustur. Út frá tóftinni liggja einfaldar grjótlagnir sem gætu verið undan girðingu.

Svínaskáli 155974 128 - 28

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Mannvirki

Staðsetning: N: 65, 3, 23 (-650564) V: 13, 58, 7 (-139686)

Lengd: 15 m

Breidd: 20 m

Ástand: Gott

Staðhættir

Liggur í hlíðinni vestan megin við Beljanda, þar sem Beljandi og lækurinn innan við hann sameinast. Um 200 m frá veginum sem liggur inn Eskifjörð.

Lýsing

Greinileg afmörkun matjurtagarðs, að ummáli 15 x 20 m.

Svínaskáli 155974 128 - 29

Hlutverk: Hvalstöð

Tegund: Heimild


Staðsetning: N: 65, 3, 5 (-650514) V: 13, 57, 46 (-139628)

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Staðhættir

“Sléttan milli bæjanna Stekks og Svínaskála inn að ánni Beljanda heitir einu nafni Leiti.



Teikning Geirs Hólm af hvalstöðinni, sjóhúsum, íshúsi lambastekk og myllu á Svínaskála. Eskja I, bls. 17

Efst á Leitinu er Grásteinsholt. Utan til á Leitinu niðri við sjó var Hvalstöð rekin frá 1904” (ÖSS).

“Á sléttunni var reist hvalveiðistöð 1904, og gerði það Ásgeir Ásgeirsson kaupmaður á Ísafirði. Hann starfrækti stöðina í 8 sumur, álíka lengi og aðrar hvalstöðvar á Austurlandi voru reknar ...” (Sjm:116).

Lýsing

Þar sem hvalstöðin var, eru nokkur ummerki um húsbyggingar og steyptir stöplar. Annars standa þar engin hús lengur.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Svínaskála og Svínaskálastekks B, Stefán Einarsson skráði, með viðbættum.

Sveitir og jarðir í Múlapingi III. 1976. Bls. 116.

Svínaskáli 155974 128 - 30

Hlutverk: Leiði

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 3, 35 (-650597) V: 13, 59, 35 (-139931)

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

"Árið 1786 var maður hálshöggvinn á Mjóeyri og grafinn beint niður af íbúðarhúsinu, sem nú er þar, svo sem miðja vegu milli þess og sjóhússins. Var þúfa hans sýnileg vel fram á seinustu áratugi og jafnan kölluð Leiðið. Nú hefur verið sléttað yfir hana fyrir alllöngu” (ÖSS).

Lýsing

Austast frammi á bakka ofan fjöru á Mjóeyrinni. Leiðið er afmarkað með hvítmálaðri járngríðingu og er á því legsteinn úr náttúrugrjóti.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Svínaskála og Svínaskálastekks, Stefán Einarsson skráði, með viðbættum.

Svínaskáli 155974 128 - 31

Hlutverk: Gata

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

“... Og áður hafi verið selför frá Svínaskála í þessum sama Selbotni og hafi í þeirra manna minnum, sem ennþá lifa, sést glögg merki til gatna frá Svínaskála þangað fram og upp ...” (ÖSS).

Lýsing

Fundust ekki við skráningu 2003.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Svínaskála og Svínaskálastekks B, Stefán Einarsson skráði, með viðbættum.

Svínaskáli 155974 128 - 32

Sérheiti: Hlíðarendi

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 3, 54 (-650650) V: 13, 59, 59 (-139997)

Ástand: Ómetið

Horfin: Þarna er nú vegur.

Staðhættir

"Á árunum 1881-1891 er í sálnaregistri Hólma aðeins talið eitt hús í kaптúninu utan Ljósár: Hlíðarendi. Það var dálítið býli, torfbær og stóð í Hlíðarendatúni nærri Hlíðarendarétt, sem enn er notuð. Hér voru og lengi Beitarhús frá Svínaskála. Þar er fyrstur húsráðenda talinn Guðmundur Bjarnason. Einar Þorsteinsson, sem síðar bjó á Grund (efri), bjó þar 1884-1889, en síðastur Jón Þorleifsson (Eskja: 25-26)."

Á túnakorti Hlíðarenda eru sýnd fjögur hús.

Lýsing

Engin merki sjást nú um býli þetta en þarna er nú svokallaður Réttarstígur.

Heimildaskrá

Túnakort Hlíðarenda.

Eskja I bindi, Einar Bragi Sigursson bjó til prentunar, 1971.

Svínaskáli 155974 128 - 33

Sérheiti: Hlíðarendarétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 3, 54 (-650650) V: 13, 59, 59 (-139997)

Ástand: Ómetið

Horfin: Þarna er nú vegur.

Staðhættir

"Á árunum 1881-1891 er í sálnaregistri Hólma aðeins talið eitt hús í kaптúninu utan Ljósár: Hlíðarendi. Það var dálítið býli, torfbær og stóð í Hlíðarendatúni nærri Hlíðarendarétt, sem enn er notuð. Hér voru og lengi Beitarhús frá Svínaskála. Þar er fyrstur húsráðenda talinn Guðmundur Bjarnason. Einar Þorsteinsson, sem síðar bjó á Grund (efri), bjó þar 1884-1889, en síðastur Jón Þorleifsson (Eskja: 25-26)."

Lýsing

Engin merki sjást nú um réttina en þarna er nú svokallaður Réttarstígur.

Heimildaskrá

Eskja I bindi, Einar Bragi Sigursson bjó til prentunar, 1971.

Svínaskáli 155974 128 - 34

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 3, 54 (-650650) V: 13, 59, 59 (-139997)

Ástand: Ómetið

Horfin: Þarna er nú byggð

Heimildamaður: Geir Hólm

Staðhættir

"Á árunum 1881-1891 er í sálnareglistri Hólma aðeins talið eitt hús í kaupsýðinu utan Ljósár: Hlíðarendi. Það var dálítið býli, torfbær og stóð í Hlíðarendatúni nærri Hlíðarendarétt, sem enn er notuð. Hér voru og lengi Beitarhús frá Svínaskála. Þar er fyrstur húsráðenda talinn Guðmundur Bjarnason. Einar Þorsteinsson, sem síðar bjó á Grund (efri), bjó þar 1884-1889, en síðastur Jón Þorleifsson (Eskja: 25-26)."

Lýsing

Þarna er nú vegur sem kallast Réttarstígur. Engin merki sjást nú um tóftir.

Heimildaskrá

Eskja I bindi, Einar Bragi Sigursson bjó til prentunar, 1971.

Svínaskáli 155974 128 - 35

Sérheiti: Selbotn

Hlutverk: Býli

Tegund: Tóftaþyrping

Staðsetning: N: 65, 4, 19 (-650719) V: 13, 59, 21 (-139892)

Ástand: Ómetið

Staðhættir

"Uppi í fjalli á mörkum Lambeyrar var á fyrri hluta 19. aldar húsmannslóð eða smábýli, sem Selbotn hét (Eskja: 12)."

"Neðan við Sniðbrekkur milli Ljósár og Bröttubrekku eru botnar, sem heita Efri-Selbotnar og Neðri-Selbotnar. Á þessum slóðum var býlið Selbotn í fyrstu kallað Botn" (Eskja:25).

Lýsing

Býlið er á grösugu flatlendi afmörkuðu á þrjá vegu af brattri melbrekku. Lækur rennur í gegn um grasbalann. Í Selbotni eru þrjár tóftir greinilegar. Stærsta tóftin, bæjartóftin, er frammi á

brattri melbrún og er hún fjórskipt úr torfi og grjóti, mjög vel gróin og hvergi sér í grjóti. Mesta hæð veggja er 1 m og mesta þykkt 2 m. Utanmál tóftar er 8 x 11 m. Veggir standa vel og tóftin er vel greinileg. Nyrst er tóft sem liggur austur-vestur og eru dyr greinilegar á austurvegg. Áföst sunnan hennar er stærri tóft sem liggur einnig norður-suður. Framan hennar og áfatar eru tvær smærri tóftir og eru dyr á þeirri vestari til suðurs.

Aðrar upplýsingar

"Árið 1884 reis landamerkjadeila milli Jóns Johnsens, sýslumanns eiganda Lambeyrar, og Jónasar Símonarsonar eiganda Svínaskála. Þar kemur m.a. fram eftirfarandi í málsskjöllum: Verjandi (Jónas) segir, að "hafi fram til 1839 verið byggð í svonefndum Selbotni, sem liggur í þrætuspildunni og hafi landsskuld af þessu býli



ávallt átölulaust verið goldið til eiganda Svínaskála og áður hafi verið selför frá Svínaskála í þessum sama Selbotni og hafi í þeirra manna minnum, sem ennþá lifa, sést glögg merki til gatna frá Svínaskála þangað fram og upp ..." (Eskja: 12).

Í Örnefnaskrá segir: "Geta má þess einnig svona rétt til gamans, að í árslok 1824 nefnir prestþjónustubókin (bls. 23) Margréti Þorsteinsdóttur í Selbotni, sem verið hafði vinnukona á Svínaskála árið áður en flutt sig í Selið til að ala húsbónda sínum, Jóni Jónssyni, annað barnið á hálfu öðru ári."

Heimildaskrá

Eskja I bindi, Einar Bragi Sigurðsson bjó til prentunar, 1971.

Örnefnaskrá Svínaskála og Svínaskálastekks B, Stefán Einarsson skráði, með viðbættum.

Svínaskáli 155974 128 - 36

Sérheiti: Selbotn

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 65, 4, 21 (-650725) V: 13, 59, 21 (-139892)

Lengd: 3,5 m

Breidd: 1,5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Merki eru um þrjár tóftir í Selbotni. Tóft íbúðarhússins er stærst og stendur fremst í botninum. Smátóft er um 30 m norðvestur af íbúðarhúsa tóftinni í Selbotni, í brekku vestan til í botninum.

Lýsing

Lítill tóft 3,5 x 1,5 að innanmáli. Hún er niðurgráfin, 80 sm þar sem hún er dýpst, og innveggir eru grjóthlaðnir. Grjót er einnig í botni tóftarinnar. Mesta þykkt veggja er 1 m. Tóftin er mjög gróin.

Svínaskáli 155974 128 - 37

Sérheiti: Selbotn

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 65, 4, 22 (-650728) V: 13, 59, 21 (-139892)

Hleðsluhæð: 0,4 m

Lengd: 5 m

Breidd: 1,5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Merki eru um þrjár tóftir í Selbotni. Tóft íbúðarhússins er stærst og stendur fremst í botninum. Fjárhústóft er svo efst og vestast í Selbotni, efst á melhrygg um 50-60 m norðvestur af tóft íbúðarhússins.

Lýsing

Tóftin er um 5 x 1,5 að innanmáli. Grjót- og torfhlaðin, dyr hafa verið til austurs. Grjót sést í hleðslum. Tóftin er annars mjög gróin. Mesta veggjahæð er 40 sm og veggjaþykkt 1 m.

Svínaskáli 155974 128 - 38

Sérheiti: Beckshús

Hlutverk: Hús

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Staðhættir

"Upp með Beljanda út af Hól voru fyrrum Lambhús í Beljandagili. Nokkru neðar var Myllan, knúin vatni úr Beljanda og notuð til kornmölunar. Mylluna reisti Jón Símonarson bóndi á Svínaskála (d. 1893). Einhvers staðar á þessum slóðum var á fyrri hluta 19. aldar og fram eftir öldinni svokallað Beckshús, en ekki er nú með nákvæmni hægt að benda á stað þess (Eskja: 20)."

Lýsing

Fannst ekki við skráningu 2003.

Eskifjarðarkaupstaður

Ágrip af sögu

Sögu Eskifjarðarkaupstaðar hafa verið gerð góð skil í ritinu Eskju og verður hér aðeins tæpt á henni. Eskifjarðarkauptún liggur norðvestan til í samnefndum firði sem gengur út úr Reyðarfirði. Eskifjörður var hluti af hinum forna Reyðarfjarðarhreppi þar til árið 1906 er þar varð sérstakt hreppsfélag. Hreppamörk voru upphaflega sett niður rétt utan Mjóeyrar og náðu inn að Bleiksá. Árið 1968 var mörkunum breytt þannig að hreppamörk að sunnan urðu um Hólmaháls miðjan.²⁰ Frá 1998 er hreppurinn hluti af Fjarðabyggð, sameinuðu sveitarfélagi Reyðarfjarðarhrepps, Eskifjarðarkaupstaðar og Neskaupstaðar.

Þegar einokunarversluninni lauk á seinni hluta 18. aldar færðist verslun frá Stóru-Breiðuvík innar í fjörðinn þangað sem kaupstaðurinn stendur nú.²¹ Eskifjörður fékk kaupstaðarréttindi þann 18. ágúst 1786 en fyrsta verslunarhúsið var reist á staðnum 1789. Verslun hófst þó ekki fyrir alvöru fyrr en 1898 er Örum og Wulff hófu verslunarrekstur á staðnum.²² Kaupstaðnum var valinn staður í landi býlisins Lambeyrar, auk þess sem keyptur var skiki úr landi Svínaskála á svokallaðri Mjóeyri 1807.²³ Verslunarrekstur hófst þó ekki á eyrinni fyrr en um aldamótin 1900.

Verslunarstaðirnir urðu fljótt tveir, Útkaupstaður og Framkaupstaður, versluðu Örum og Wulff í Útkaupstað en Framkaupstaður var í umsjón íslensks kaupmanns, Kjartans Ísfjörð. Verslun var í Útkaupstað allt til 1949. Töluverð útgerð var í tengslum við þessar verslanir og myndaðist dálítið þéttbýli í kringum verslanasvæðin. Árið 1801 eru íbúar á Eskifirði einungis 6 en um 1850 eru þeir orðnir 54.²⁴ Líkt og annarsstaðar á Austfjörðum hófst þó þéttbýlismyndun á Eskifirði fyrir alvöru í kringum síldveiðar Norðmanna um 1880.²⁵

Sögu útgerðar og atvinnuhátta í Eskifjarðarkaupstað eru gerð góð skil í Sjóminjasafni Austurlands sem er til húsa í Gömlu-Búð, gömlu krambúðinni í Útkaupstað.

Minjar í landi Eskifjarðarkaupstaðar

Eskifjarðarkauptún hefur langa og merka byggingasögu og var snemma hafið að byggja þar að hætti Norðmanna og Dana. Í riti Harðar Ágústssonar, Húsakönnun Eskifjarðar, og Eskju er að finna miklar upplýsingar um þessa húsasögu en enn hefur eiginleg húsasaga ekki verið skráð. Húsasagan er utan þess ramma sem fornleifaskráning tekur til.

Í fornleifaskránni eru skráðar minjar húsa sem byggð hafa verið með gamla laginu, þ.e. úr torfi og grjóti, auk annarra minja um búskap og sjósókn fyrri tíma sem falla undir lagalega skilgreiningu á fornleifum. Einnig eru skráð hús sem nú eru horfin í byggðakjörnum tveimur Framkaupstað og Útkaupstað eins og byggðin var þar 1833 og 1880 samkvæmt kortum sem finna má í Húsakönnuninni.

²⁰ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 120.

²¹ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 100.

²² Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 120.

²³ Eskja I, bls. 11

²⁴ Húsakönnun á Eskifirði.

²⁵ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 121.

Með þrengingum kreppuáranna upp úr 1930 ræktuðu bæjarbúar í æ ríkara mæli matjurtir og héldu búfénað til að brauðfæða sig og sína. Slík var einnig raunin í öðrum þéttbýlisstöðum á Austfjörðum. Minjar um þennan kreppubúskap eru ekki teknar með í þessari skráningu en eru samt allrar athygli verðar.

Búskapur á Eskifirði í byrjun 20. aldar

Við lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. varð sífellt algengara að íbúar kaupstaðarins ræktuðu túnbletti við hús sín og voru mörg þessara túna færð á túnakort snemma á 20. öldinni. Þessi tún voru skráð í fornleifaskráningunni þar sem staðsetning þeirra var þekkt - þó að ekki sé víst að öll hús og garðar á þeim geti talist fornleifar eftir skilgreiningu laganna.

Árið 1890 voru aðaltúnin í bænum Bleiksártún, þá Framkaupstaðartún og Útkaupstaðartún innan Lambeyrarár. Auk þess munu hafa verið komnir ræktaðir blettir umhverfis húsinn Grund, rétt utan Lambeyrartúns og á Lambeyrarhól. Túnræktun jókst upp úr aldamótunum 1900. Heimildir um ræktun í bænum eru heldur gloppóttar enda kvarta matsmenn Fasteignamats 1918 yfir dræmum undirteknum við spurningarlistum þeirra.²⁶

Í Fasteignamatinu 1918 er getið um tún á Bleiksá og Lambeyri, en Lambeyri þykir öllu lakari jörð. Þar að auki er einungis getið um 8 túnbletti auk nokkurra ræktaðra smástykkja. Stærsta túnið var tún Sameinuðu verslananna, um 45 hestburðir. Aðrir túneigendur eru þessir: Kristján Jónsson, Hlíðarenda, Jón Gíslason, Sjólýst, Jón Steingrímsson, Steinholti, Hallgrímur Gíslason á Grund, Klausen eldri, og Guðlaugur Eyjólfsen á Árbakka.

Kort eru til yfir þessa túnbletti og sýna þau umfang túns auk þeirra húsa og matjurtagarða sem þar eru. Til viðbótar þeim tünnum sem getið er í matsgerðinni er einnig að finna túnakort yfir tún Figveds, sem hóf verslun á Eskifirði 1907, Bleiksártún og tún M. Magnússonar. Auk þess eru kort yfir tún Eyjólfs Péturssonar og Jóhanns Þorvaldssonar sem áttu túnbletti í landi býlisins Eskifjarðar.

Staðsetning túna á Árbakka, túns M. Magnússonar, er ekki kunn. Tún Hlíðarenda er skráð með Svínaskálum og Eyjólfs Péturssonar með Eskifirði.

Hér eftir fylgir listi yfir gps hnit á þeim tünnum þar sem staðsetning er kunn:

Útkaupstaðartún (Tún J. Anesens á túnakorti)

N65° 4' 21'' V14°1' 1''

Útkaupstaðartún var ofan við verslunarhúsin í Útkaupstað. Eina húsið sem enn stendur frá þeim tíma er Gamlabúð sem hýsir Sjóminjasafn Austurlands. Gps hnit var tekið þar sem svokölluð Sauðarétt stóð, ofan Gömlubúðar.

Sjólýst:

N65°04'00'' V14°00'14''

Á túnakorti Sjólýstar eru sýnd þrjú hús auk matjurtagarðs. Hnit voru tekin við húsið Sjólýst.

²⁶ Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls. 122.

Steinholt

N65°04'03" V14°00'14"

Á túnakorti Steinholt er sýnt eitt hús og einn matjurtagarður. Gps hnit voru tekin þar sem Steinholt mun hafa staðið.

Grund

N65°04'13" V14°00'34"

Ekkert túnakort er til fyrir bæinn Grund. Gps hnit voru tekin við Hótel Öskju en þar mun Grund hafa staðið. Engar minjar eru lengur sjáanlegar.

Klausenstún

N65°04'07" V14°00'27"

Í Klausenstúni var eitt hús og þrír matjurtagarðar samkvæmt túnakorti. Hnit voru tekin við Klausenshús svokallað en túnið mun hafa verið neðan þess. Reyndar er til annað túnakort merkt F. Klausen sem sýnir smá túnblett með einu húsi en ekki er vitað hvar þessi túnblettur var.

Tún Figveds

N65°03'55" V14°00'00"

Á túnakorti Figveds eru sýnd tvö hús og einn matjurtagarður. Hnit voru tekin við Figvedshús eða Prestshús eins og það var síðar kallað.

Bleiksártún

N: 65, 4' 42" V: 14, 1' 54"

Engin hús eru sýnd á kortinu yfir Bleiksártún. Hnitin eru tekin þar sem álitíð er að býlið Bleiksá hafi staðið.

Tún Jóhanns Þorvaldssonar

N65°04'40" V14°02'17"

Tún Jóhanns Þorvaldssonar var þar sem nú er íþróttaleikvöllur bæjarins. Á túnakortinu er sýnt eitt hús en það er nú horfið.

Lambeyri - 182061-132



Eskifjörður um 1880 / myndin er birt í Eskju.

Saga

Lambeyri var upphaflega hjáleiga frá Eskifirði. Þar var byggt býli í manntalinu 1703 og 1816 var komið dálítið hverfi í landi jarðarinnar með 37 manns á átta heimilum. Þá voru auk Lambeyrabýlisins Eskifjarðarkaupstaður, Isfjörds fact. og Örum og Wulffs Factorie (tvær selstöðuverðslanir) auk fimm húsmannsplássu og tómthúsa, Klofa, Þórunnartómthúss, Bráðræðis, Norska húss og Hóls. Lambeyri er á jarðaskrá 1847 en er kölluð eyðijörð 1861. Vera kann að þá þegar hafi jörðin verið komin undir kaптúnið en einhver búskapur hefur verið rekinn á jörðinni þar sem túnið er ekki tekið undir byggingar að ráði fyrr en milli 1940-50.²⁷

Landamerki

Landamörk við Eskifjörð að innan eru við Bleiksá en við Svínaskála um Lambeyrará (nú Ljósá) að utan.²⁸

Eitt hús er sýnt á túnakorti Lambeyrar.

Heimildaskrá

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976. (Sjm)

Túnakort Lambeyrar.

²⁷ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi. bls. 118.

²⁸ Eskja I, bls. 32.

Lambeyri 182061 132 - 1**Sérheiti:** Lambeyri**Hlutverk:** Bústaður**Tegund:** Heimild**Lega:** N: 65, 4, 15 (-650708) V: 14, 0, 41 (-140114)**Ástand:** Ómetið**Heimildamaður:** Geir Hólm, fyrrverandi safnstjóri Sjóminjasafns Austurlands.**Staðhættir**

"Utan við Lambeyrará góðu steinsnari ofan vegar stóð bærinn í Lambeyri, og hafa hús á þeim stað ávallt heitið því nafni til þessa dags. Þar hefur um undanfarna áratugi og þar til á útmánuðum 1969 verið útibú Landsbankans og íbúð útíbússtjóra. Elzti stofn hússins er frá 1875, viðauki frá 1878, en því hefur mikið verið breytt frá upphaflegri gerð. Í tíð sýslumannanna Johnsens og Axels V. Tulinius var það oftast kallað Sýslumannshúsið ... " (ÖL).

Lýsing

Gps hnit voru tekin á núverandi ípróttavelli skv. upplýsingum frá Geir Hólmi. Staðsetning sést á meðfylgjandi korti af Eskafirði frá 1833, merkt E.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Lambeyrar, skráð af Alfreð Guðnasyni. (ÖL)

Lambeyri 182061 132 - 2**Sérheiti:** Norska hús**Hlutverk:** Bústaður**Tegund:** Heimild**Ástand:** Ómetið**Horfin:** Húsið er horfið**Heimildamaður:** Geir Hólm, fyrrverandi safnstjóri Sjóminjasafns Austurlands.**Staðhættir**

"Nokkurn veginn fyrir miðri Lambeyrarvík (stundum kölluð Lambeyrarbugt, eftir að Norðmenn tóku að leggja hingað leið sína). Nokkurn veginn fyrir miðri Lambeyrarvík ofan vegar reisti George Wallace, kaupmaður frá Bergen fyrsta hús í Eskifjarðarkaupstað árið 1789 (fyrir var að sjálfsögðu gamli bærinn í Lambeyri). Það var jafnan nefnt Norska húsið, stóð enn í byrjun aðventu þegar manntalið 1816 var tekið, og bjó þar þá Eiríkur Ögmundsson með bústýru, en hefur að líkindum verið rífið litlu síðar" (ÖL). Þetta hús er nefnt tómthús eða húsmannspláss í Sveitum og jörðum (bls. 118).

Lýsing

Ekki er vitað hvar húsið stóð.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Lambeyrar, skráð af Alfreð Guðnasyni.

Lambeyri 182061 132 - 3**Sérheiti:** Hóll**Hlutverk:** Bústaður**Tegund:** Heimild**Lega:** N: 65, 4, 12 (-650700) V: 14, 0, 30 (-140083)

Ástand: Ómetið

Horfin: Horfinn vegna byggðar

Heimildamaður: Geir Hólm, fyrrverandi safnstjóri Sjóminjasafns Austurlands.

Staðhættir

"Ofan við barnaskólann heitir Lambeyrarhóll, í daglegu tali stýtt í Hóll. Í manntalinu 1816 er talinn Þorsteinn Árnason, tómthúsmaður á Hól, og hann átti þar heima lengi eftir það. En óslitið mun ekki hafa verið búið á Hól öllu lengur en frá 1874. Um aldamótin voru húsin orðin þrjú" (ÖL).

Lýsing

Gps hnit tekin á Hótel Öskju sem nú stendur á bæjarstæðinu

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Lambeyrar, skráð af Alfreð Guðnasyni.

Lambeyri 182061 132 - 4

Sérheiti: Bráðræði

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: Horfið vegna byggðar

Staðhættir

"Á manntalinu 1916 er getið tveggja tómthúsa milli Lambeyrar (bæjarins) og Útkaupstaðar: Þórunnarhúss (þar býr þá Þórunn Jónsdóttir, ekkja, með dætrum sínum tveim) og Bráðræðis (þar búa Sveinn Árnason og kona hans), en enginn veit lengur hvar þessi hús stóðu" (ÖL).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Lambeyrar, skráð af Alfreð Guðnasyni.

Lambeyri 182061 132 - 5

Sérheiti: Þórunnarhús

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: Horfið vegna byggðar

Staðhættir

"Á manntalinu 1916 er getið tveggja tómthúsa milli Lambeyrar (bæjarins) og Útkaupstaðar: Þórunnarhúss (þar býr þá Þórunn Jónsdóttir, ekkja, með dætrum sínum tveim) og Bráðræðis (þar búa Sveinn Árnason og kona hans), en enginn veit lengur hvar þessi hús stóðu" (ÖL).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Lambeyrar, skráð af Alfreð Guðnasyni.

Lambeyri 182061 132 - 6

Sérheiti: Klofi

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Legi: N: 65, 4, 24 (-650733) V: 14, 1, 51 (-140308)

Ástand: Ómetið

Horfin: Horfinn vegna byggðar

Heimildamaður: Geir Hólm, fyrrverandi safnstjóri Sjóminjasafns Austurlands.

Staðhættir

"Rétt utan við Grjótá inn og upp af Útkaupstaðartúni stóð á fyrri hluta 19. aldar húsið Klofi, fyrst getið í manntalinu í byrjun aðventu 1816 og kallað "húsmanna pláss"" (ÖL).

Lýsing

Gps hnit tekin eftir leiðbeiningum frá Geir Hólmi.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Lambeyrar, skráð af Alfreð Guðnasyni.

Minjar í Útkaupstað



Gamlabúð er ein eftir af þeim byggingum sem sýndar eru á korti frá 1833. Þar sem Útkaupstaður stóð er nú iðnaðarhúsnæði auk frystihúss og steypis viðlegukants. Engar minjar er lengur að finna þar. Margar minjanna eru sýndar á korti frá 1833 en hnit voru tekin á þeim minjum sem ekki eru sýnd á kortinu.

Lambeyri 182061 132 - 7

Sérheiti: Heimahestastaurinn

Hlutverk: Hestsfjötur

Tegund: Heimild

Lega: N: 65, 4, 21 (-650725) V: 14, 1, 0 (-140167)

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Geir Hólm, fyrrverandi safnstjóri Sjóminjasafns Austurlands.

Staðhættir

“Nokkrum föðmum innan við brunninn á svæðinu milli íbúðarhúss og pakkhúss var Heimashestastaurinn. Aðkomuhestar voru bundir við annan staur beint neðan við tröppur Gömlu-Búðarinnar (Eskja:70).

Heimildaskrá

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 - 8

Sérheiti: Hestastaur

Hlutverk: Hestsfjötur

Tegund: Heimild

Lega: N: 65, 4, 20 (-650722) V: 14, 0, 57 (-140158)

Horfin: Engin merki eru lengur um staurinn.

Heimildamaður: Geir Hólm fyrrverandi safnstjóri Sjóminjasafns Austurlands

Staðhættir

“Nokkrum föðmum innan við brunninn á svæðinu milli íbúðarhúss og pakkhúss var Heimashestastaurinn. Aðkomuhestar voru bundnir við annan staur beint neðan við tröppur Gömlu-Búðarinnar (Eskja:70).

Lýsing

Gps hnit voru tekin við suðvestur horn Gömlu búðar en þar munu tröppurnar hafa verið skv. upplýsingum frá Geir Hólmi.

Heimildaskrá

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 - 9

Sérheiti: Útkaupstaðardokk

Hlutverk: Bátahöfn

Tegund: Heimild

Horfin: Dokkin er nú horfin.

Heimildamaður: Geir Hólm, fyrrverandi safnstjóri Sjóminjasafns Austurlands.

Staðhættir

"Í krikanum utan við hana var Útkaupstaðardokk, bátalægi skipa. Síðar voru dokkirnar tvær, eins og ljóslega kemur fram í úttekt frá 1892 ..." (ÖL)

Engin merki eru nú lengur um dokkina en gps hnit voru tekin eftir leiðbeiningum frá Geir Hólmi (er númer 10 á meðfylgjandi korti af Eskifirði frá 1880).

Aðrar upplýsingar

Útkaupstaðardokk var vetrarlægi skipa. Síðar urður dokkirnar tvær og voru hlaðnir grjóttveggir tveir sinn hvoru megin við bryggju. Bryggjan við Útkaupstaðardokk var í notkun í tíð Carls D. Tuliniusar kaupmanns og var vanalega kölluð Tuliniusarbryggja. Eftir henni lá járnbraut upp með framenda Gömlu-Búðar (Eskja:70).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Lambeyrar, skráð af Alfreð Guðnasyni.

Kort af Eskifirði 1880 úr Húsakönnun Eskifirði.
Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 - 10

Sérheiti: Blóðvöllur

Hlutverk: Slátrun

Tegund: Heimild

Lega: N: 65, 4, 21 (-650725) V: 13, 1, 0 (-130167)

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Geir Hólm, fyrrverandi safnstjóri Sjóminjasafns Austurlands.

Staðhættir

"Framan við Mörbúðina var Blóðvöllurinn, þar sem fé var slátrað á haustin undir berum himni, og á honum stóð Gálginn" (ÖL).

Lýsing

Staðsetning sést á meðfylgjandi korti af Framkaupstað.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Lambeyrar, skráð af Alfreð Guðnasyni.

Lambeyri 182061 132 - 11

Sérheiti: Sauðarétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Horfin: Horfin vegna byggðar

Heimildamaður: Geir Hólm, fyrrverandi safnstjóri Sjóminjasafns Austurlands.

Staðhættir

"Niður af Blóðvellinum var Sauðaréttin, þar sem sláturfé var rekið inn."

Lýsing

Punktur var tekinn eftir staðsetningu réttarinnar á korti frá 1833 en réttin er númer 7 á kortinu.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Lambeyrar, skráð af Alfreð Guðnasyni.

Lambeyri 182061 132 - 12

Sérheiti: Útkaupstaðabrunnur

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Lega: N: 65, 4, 20 (-650722) V: 14, 0, 56 (-140156)

Horfin: Brunnurinn er nú horfinn

Heimildamaður: Geir Hólm, fyrrverandi safnstjóri Sjóminjasafns Austurlands.

Staðhættir

"Upp af Kabinettinu, eins og miðja vegu milli þess og Pakkhússins, var Útkaupstaðabrunnur" (ÖL).

"Upp af Skúrnum, eins og miðja vega milli hans og Pakkhússins, var Útkaupstaðabrunnur" (Eskja:70).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Lambeyrar, skráð af Alfreð Guðnasyni.
Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 - 13

Sérheiti: Springspeli

Hlutverk: Landfestar

Tegund: Heimild

Legi: N: 65, 4, 17 (-650714) V: 14, 1, 0 (-140167)

Horfin: Þarna eru nú steipt bryggja.

Heimildamaður: Geir Hólm, fyrrverandi safnstjóri Sjóminjasafns Austurlands.

Staðhættir

"Í fjörunni inn og niður af Gamla-Bauk var Springspelinn fyrir landfestar skipa."

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Lambeyrar, skráð af Alfreð Guðnasyni.

Lambeyri 182061 132 - 14

Sérheiti: Fiskhúsið / Salthúsið

Hlutverk: Fiskvinnsla

Tegund: Heimild

Horfin: Húsið er nú horfið

Staðhættir

"Rétt ofan við bryggjuna og neðan vegar stóð Fiskhúsið, sneri stöfnum út og fram, löngu horfið."

"Rétt ofan við bryggjuna neðan vegar [Tuliniusarbryggju] stóð Salthúsið, síðar kallað Fiskhúsið, sneri stöfnum út og fram, löngu horfið (Eskja:72).

Sést á korti frá 1880, númer 11.

Hnit voru tekin samkvæmt upplýsingum frá Geir Hólmi.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Lambeyrar, skráð af Alfreð Guðnasyni.
Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 – 15

Hlutverk: Bryggja

Tegund: Heimild

Horfin: Þarna er nú plan framan við frystihúsið

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er sýnd bryggja neðan við Gömlubúð, númer 8 á korti. Myndar austurhlíð Útkaupstaðardokkar á korti frá 1880.

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 og 1880 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Lambeyri 182061 132 - 16

Hlutverk: Brú

Tegund: Heimild

Horfin: Horfin vegna byggðar

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er sýnd brú rétt austan við Gömlubúð, númer 9 á korti.

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Lambeyri 182061 132 - 17

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Horfin: Horfið vegna þéttbýlis

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1880 er sýnd fjósbygging um 25 m norðaustan af Gömlubúð, er númer 6 á korti.

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Lambeyri 182061 132 - 18

Hlutverk: Íbúðarhús

Sérheiti: Útkaupstaðarhúsið

Tegund: Heimild

Horfin: Horfið vegna þéttbýlis

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er sýnt íbúðarhús fast við norðausturhorn Gömlubúðar, er númer 1 á korti. Einnig númer 1 á korti frá 1880.

Aðrar upplýsingar

Húsið var kaupmannshús frá 19. öld og var það kallað Útkaupstaðarhúsið. Áfast húsinu var Skúrinn (númer 7 á korti frá 1880) svokallaður en utan undir honum stóð Bakaríið (númer 8 á korti frá 1880). Bakaríið hafði fyrr gengið undir nafninu Mjólkurhúsið og Gestahúsið. Öll eru hús þessi nú horfin (Eskja:68).

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 og 1880 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 - 19

Hlutverk: Beykis- og mörbúð

Tegund: Heimild

Horfin: Horfin vegna þéttbýlis.

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er sýnd beykis- og mörbúð um 25 m norðaustur af Gömlubúð, er númer 5 á korti. Við búðina er sýndur garður, númer 6 á kort21

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Lambeyri 182061 132 - 20**Hlutverk:** Sláturhús / Pakkhús**Tegund:** Heimild**Horfin:** Horfið vegna þéttbýlis**Staðhættir**

Á korti af Eskifirði frá 1883 er sýnt sláturhús og pakkhús við suðvesturhorn Gömlubúðar, er númer 3 á korti.

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Lambeyri 182061 132 - 21**Hlutverk:** Íbúðarhús**Tegund:** Heimild**Horfin:** Horfið vegna þéttbýlis**Staðhættir**

Á korti af Eskifirði frá 1880 er sýnt íbúðarhús um 40 m norðaustur af Gömlubúð, merkt C á korti og nefnt íbúðarhús Ísaks Árnasonar.

Aðrar upplýsingar

Árið 1830 var mæld upp lóð fyrir Ísak Árnason snikkara og húsasmið í Eskifjarðarkaupstað. Húsið var reist 1832 en byggt við það og endurbætt og var það síðar kallað Assistentshús og enn síðar myndað uppistöðu í húsi sem nefnist Gamli Baukur og stendur enn, nokkuð breyttur (Eskja:61-63).

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1880 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 - 22**Hlutverk:** Íbúðarhús**Tegund:** Heimild**Horfin:** Horfið vegna þéttbýlis**Staðhættir**

Á korti af Eskifirði frá 1880 er sýnt íbúðarhús um 50 m norðaustur af Gömlubúð, merkt D á korti og nefnt íbúðarhús Páls Ísfeldts.

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Lambeyri 182061 132 - 23**Hlutverk:** Pakkhús / Íshús**Tegund:** Heimild**Horfin:** Horfið vegna þéttbýlis**Staðhættir**

Á korti af Eskifirði frá 1833 og 1880 er sýnt pakkhús um 20 m beint norður af Gömlubúð, er númer 4 korti frá 1833 og númer 5 á korti frá 1880.

Aðrar upplýsingar

Húsið var smíðað af hinum þjóðkunna smiði Þorsteini frá Skipalóni árið 1833 og snéri það stöfnum út og fram. Því var síðar breytt í íshús og nefndist þá Íshúsið. Húsið er nú horfið (Eskja:70).

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 og 1880 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.
Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 - 24

Hlutverk: Lýsisbræðsla

Sérheiti: Lýsisbúðin / Lýsishúsið

Tegund: Heimild

Horfin: Horfin vegna þéttbýlis

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1880 er Lýsishúsið / Mörbúðin númer 8. Sýnt sem beykis og mörbúð á kortinu frá 1833, númer 5 á því korti. Aðrar upplýsingar

Húsið var líklega reist 1816 en rífið um 1908 (Eskja:70)

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1880 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.
Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 - 25

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Horfin: Horfið vegna þéttbýlis

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1880 er sýnt hesthús milli Mörbúðarinnar og Pakkhússins, númer 4 á korti. Það mun hafa verið hesthús Tuliniusar kaupmanns sem keypti Útkaupstað 1863 (Eskja: 70, Húsakönnun Eskifirði).

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1880 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.
Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.
Hörður Ágústsson, Húsakönnun Eskifirði.

Lambeyri 182061 132 - 26

Sérheiti: Útkaupstaðarreitar

Lega: N: 65°04'22'' V: 14°00'56''

Hlutverk: Fiskverkun

Tegund: Heimild

Horfin: Horfnir vegna þéttbýlis

Staðhættir

Fiskreitar voru inn af Mörbúðinni og Salthúsinu sem sýnd eru númer 3 og 11 á korti frá 1880 (Eskja:72).

Heimildaskrá

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.
Kort af Eskifirði frá 1880 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Minjar í Framkaupstað



Engar minjar eru eftir af Framkaupstað af þeim sem sýndar eru á korti frá 1833 en öll þau hús sem sýnd eru á kortinu frá 1880 eru enn uppstandandi að einhverju leyti enn í dag. Í sóknarlýsingu frá 1843 gerir Séra Hallgrímur Jónsson á Hólum úttekt á Framkaupstað: “Í innra kaптúninu eru: Íbúðarhúsið og sölubúðin í sama húsi, sem að nokkru leyti er af steini gjört, þar að auki þrjú önnur, stór timburhús og ein þrjú minni, auk hjalla og fiski- og hákarlhúss. Þar er líka vindmylla. Ekkert torfhús er í öllum kaupstaðnum, nema eitt fjós. Auk kaupmannahúsanna eru þar tvö lítil timburhús og býr í öðru þeirra trésmiður en í öðru járnsmiður. Skammt fyrir ofan kaupstaðinn búa tveir húsmenn í vesælum torfkofum. Engin fiskihús eru hér önnur í sókninni nema smáhjallar sumstaðar – því síður nokkur hróf handa þiljuskipum.” (Sýslu og sóknarlýsingar Múlasýsla: 385).

Í úttekt sem gerð var tveimur árum síðar er Kjartan Ísfjörð kaupmaður lést er þessara húsa getið: Íbúðarhús, þar sem jafnframt er krambúð, kornvöruhús nýsmíðað, Assistentshús, sláturhús og mörbúð, hjallar tveir sambyggðir, hjallur nýsmíðaður, lýsisskúr nýsmíðaður, lýsishús með grjóttveggjum, timburþaki og viðbyggðum timburskúr, hlaða og fjós, tvö sambyggð hús, lítil vatnsmylla, nýtt hesthús fyrir fjóra

hesta, beykisbúð og í henni íbúð, vindmylla og kringum hana rimlagirðing, brunnhús og kamar. Garður er upp við Assistentshúsið girtur grjótveggjum á þrjá vegu (Eskja:81).

Húsin í Framkaupstað voru flest tekin ofan árið 1851 og flutt að Vestdalseyri við Seyðisfjörð. Nákvæm staðsetning þeirra er því óljós en hér fylgir listi yfir þær minjar sem sjá má á korti af Eskifirði frá 1833 (Eskja:81).

Heimildir

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Múlasýslur, sýslu- og sóknarlýsingar. Finnur M. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfu. Reykjavík, 2000.

Kort af Eskifirði frá 1880 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Lambeyri 182061 132 - 27

Sérheiti: Framkaupstaður

Hlutverk: Krambúð / íbúðarhús

Tegund: Heimild

Horfin: Horfinn

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er sýnt íbúðar- og verslunarhúsnæði á sama stað og íbúðarhúsið sem sýnt er á korti frá 1880.

Húsið var rífið og flutt á Vestdalseyri 1851 en var byggt aftur og bar þá nafnið Framkaupstaður (Eskja: 81-84).

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 -28

Hlutverk: Sláturhús / mörbúð

Tegund: Heimild

Horfin: Horfin vegna þéttbýlis

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er sláturhús og mörbúð fáeina metra frá suðvesturhorni Framkaupstaðar. Númer 2 á korti.

Aðrar upplýsingar

Húsið er talið upp í úttekt frá 1845 (Eskja:81).

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 -29

Hlutverk: Íbúðarhús og pakkhús

Tegund: Heimild

Horfin: Horfin vegna þéttbýlis

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er íbúðarhús og pakkhús sýnt um 10 m suðaustur frá horni Framkaupstaðarhússins. Númer 3 á korti. Áfastur austan við er garður, númer 15 á korti. Kann að vera Assistentshús og garður sem getið er um í úttekt á húsum 1845 en þar segir “Garður er upp við Assistentshúsið, girtur grjótveggjum á þrjá vegu” (Eskja:81).

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Lambeyri 182061 132 -30

Hlutverk: Pakkhús

Tegund: Heimild

Horfin: Horfið vegna þéttbýlis

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er pakkhús sýnt um 20 m sunnan Framkaupstaðar, númer 4 á korti.

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Lambeyri 182061 132 -31

Hlutverk: Hjallur

Tegund: Heimild

Horfin: Horfinn vegna þéttbýlis

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er sýndur hjallur beint austur af pakkhúsinu. Númer 5 á korti.

Aðrar upplýsingar

Hjallurinn er talinn upp í úttekt frá 1845 (Eskja:81).

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 -32

Hlutverk: Lýsisbræðsla

Tegund: Heimild

Horfin: Horfin vegna þéttbýlis

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er lýsisbræðsla við fjöruborð rétt austan fiskreitsins, er númer 6 á korti.

Aðrar upplýsingar

Lýsissskúr er nefndur í úttekt frá 1845 (Eskja:81).

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.
Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 -33

Hlutverk: Beykisbúð / pakkhús

Tegund: Heimild

Horfin: Horfin vegna þéttbýlis

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er beykisbúð/pakkhús um 20 m norðaustur af Framkaupstað, númer 7 á korti.

Aðrar upplýsingar

Beykisbúðin er nefnd í úttekt frá 1845 (Eskja:81).

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.
Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 -34

Hlutverk: Fjós / hlaða

Tegund: Heimild

Horfin: Horfið vegna þéttbýlis

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er sýnt fjós fast ofan beykisbúðarinnar, númer 8 á korti.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt á Framkaupstað frá 1845 er getið um fjós og hlöðu, sambyggð (Eskja:81).

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.
Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 -35

Hlutverk: Vindmylla

Tegund: Heimild

Horfin: Horfin vegna þéttbýlis

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er vindmylla sýnd ofan byggðarinnar í Framkaupstað. Númer 10 á korti.

Aðrar upplýsingar

Vindmyllunnar er getið í úttekt frá 1845 (Eskja:81).

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.
Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 -36

Sérheiti: Framkaupstaðarreitar

Hlutverk: Fiskreitir

Tegund: Heimild

Horfin: Horfnir vegna þéttbýlis

Staðhættir

“Ofan vegar upp af Nótastofunni voru Framkaupstaðarreitar, náðu utan frá Skoruvíkurlæk inn á móts við útendann á Dahlshúsi, frá vegi upp á móts við efra hornið á Framkaupstaðarhúsinu eða lítið eitt lengra” (Eskja:81).

Á korti af Eskifirði frá 1833 er fiskreitir sýndur ofan fjöruborðs sunnan Framkaupstaðar.

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 -37

Sérheiti: Framkaupstaðarbryggja

Hlutverk: Bryggja

Tegund: Heimild

Horfin: Horfin vegna þéttbýlis

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er sýnd bryggja um 20 m beint neðan (sunnan) Framkaupstaðar.

Bryggjan var beint undan gamla verslunarstaðnum (Eskja:81).

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Lambeyri 182061 132 -38

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Horfin: Horfin vegna þéttbýlis

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er sýnd rétt áföst sláturhúsinu vestanvert. Númer 13 á korti.

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Lambeyri 182061 132 -39

Hlutverk: Skipalægi

Sérheiti: Framkaupstaðardokk

Tegund: Heimild

Horfin: Horfið vegna þéttbýlis

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er skipsdokk sýnd innst í Framkaupstað, innan sláturhúss og mörbúðar, númer 14 á korti. Framkaupstaðardokk var framundan

verslunarhúsunum í kaupstaðnum og innst við hana var svokölluð Framkaupstaðarbryggja.

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Lambeyri 182061 132 -40

Sérheiti: Jónshús

Hlutverk: Íbúðarhús

Tegund: Heimild

Horfin: Horfið vegna þéttbýlis

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er sýnt íbúðarhús Jóns Jóhannessonar, númer 16.

Húsið er fyrst nefnt í sóknarmannatali Hólma 1831 kennt við Jón Jóhannesson. Seinna var húsið nefnt Beikirshús þar sem þá bjó þar Ásmundur Ísfeldt, beykir (Eskja: 84).

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 -41

Hlutverk: Eldhús / smiðja

Tegund: Heimild

Horfin: Horfið vegna þéttbýlis

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er eldhús og smiðja sýnd rétt austan íbúðarhúss Jóns Jóhannessonar, númer 17 á korti.

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Lambeyri 182061 132 -42

Hlutverk: Hjallur

Tegund: Heimil

Horfin: Horfinn vegna þéttbýlis

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er austasta hús Framkaupstaðar hjallur, merktur 18 á korti.

Aðrar upplýsingar

Getið eru um hjalla í úttekt á kaupstaðnum frá 1845 (Eskja:81)

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 - 43

Hlutverk: Mylla

Tegund: Heimild

Horfin: Horfin vegna byggðar

Heimildamaður: Geir Hólm, fyrrverandi safnstjóri Sjóminjasafns Austurlands.

Staðhættir

"Myllan, reist um eða skömmu eftir 1880, stóð utan við ána [Grjótá] spölkorn ofan við veginn, knúin vatni úr Grjótá og notuð til kornmölunar" (ÖL).

Lýsing

Gps hnit var tekið eftir leiðbeiningum frá Geir Hólmi. Myllan er númer 19 á meðfylgjandi korti af Eskifirði frá 1833.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Lambeyrar, skráð af Alfreð Guðnasyni.

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Lambeyri 182061 132 - 44

Sérheiti: Grjótárbrú

Hlutverk: Brú

Tegund: Heimild

Horfin: Horfin vegna byggðar

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er brú á Grjótánni rétt neðan við vatnsmylluna.

Aðrar upplýsingar

Brú virðist hafa verið nokkuð lengi á ánni því að 1830 skuldbindur Kjartan Ísfjörð kaupmaður sig til að halda við göngubrú yfir ána (Eskja:84).

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 -45

Sérheiti: Hesjubryggja

Hlutverk: Bryggja

Tegund: Heimild

Horfin: Horfin vegna þéttbýlis

Staðhættir

Á korti af Eskifirði frá 1833 er sýnd bryggja um 20 m beint neðan (sunnan) Framkaupstaðar. Utan við Framkaupstaðarbryggju var Hesjubryggja frá síldarárunum frá síðasta fimmtungi 19. aldar (Eskja:81).

Heimildaskrá

Kort af Eskifirði frá 1833 úr ritinu Húsakönnun Eskifirði.

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 -46

Sérheiti: Hesjusjóhús

Hlutverk: Sjóhús

Tegund: Heimild

Horfin: Horfið

Staðhættir

Bryggjan var beint undan gamla verslunarstaðnum (Eskja:81). Við efri enda bryggjunnar stóð Hesjusjóhús.

Heimildaskrá

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Lambeyri 182061 132 -47

Sérheiti: Framkaupstaðarrétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild



Horfin: Horfin

Staðhættir

Í Eskju (bls. 83) segir að Framkaupstaðarrétt hafi verið ofarlega á Framkaupstaðartúni á ofanverðri 19. öld.

Heimildaskrá

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.



Eskifjörður m/Veturhúsum - 155959-130



Bæjarstæði Eskifjarðar. Ljósmynd: Guðný Zoëga

Saga

Eskifjörður er landnámsjörð í Eskifirði. Brynjólfur hinn gamli Þorgeirsson mun hafa komið skipi sínu í Eskifjörð og verið þar áður en hann fór upp að byggja Fljótsdal.²⁹ Eskifjörður hefur verið í bændaeign frá fornu fari og var dýrasta jörðin í Reyðarfjarðarhreppi áður en hún deildist í fleiri jarðir. Að fornu mun jörðin hafa verið 16 hundruð en árið 1861 var hún 23,63 hundruð.³⁰ Þorsteinn ríki Þorsteinsson (d.1788) mun hafa verið síðasti bóndinn sem átti Eskifjörð allan en hann seldi Þorláki sýslumanni Ísfjörð landið utan við Lambeyri.³¹ Nú er jörðin í eigu sveitarfélagsins.

Jörðin Eskifjörður náði frá 1779-1854 yfir allan dalinn og var ein eign. Eskifjarðarsel og síðar Borgir voru aðeins hjábýli heimajarðarinnar.³² Aðrar hjáleigur og afbýli frá Eskifirði voru Bakki, Lambeyri sem kaupstaðurinn byggðist síðar upp á, Bleiksá, Gil, Eyjólfsblettur, húsmannslóð sem byggðist 1898.³³ Býlið Veturhús var í byggð frá 1881-1945.³⁴

Veturhús eru skráð hér með Eskifirði. Býlið stóð um 2 km inn af Eskifirði. Tún var talið gefa af sér 50 hestburði árið 1942, útheyskapur lítill. Land var annars sameiginlegt með Eskifirði.³⁵

Í Sveitum og jörðum segir: "Landamörk eru að austan við Bleiksá ofan af fjöllum, raunar af vatnaskilum við Fannardal í Norðfirði og niður að neðsta fossi en þaðan beina stefnu í stöpul innan við Eskifjarðarárbrú. Þetta voru hreppamörk Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarhrepps til 1968. Að sunnan eru mörk við Borgir frá Borgarkrók, þ.e. syðri fjarðarkrók, inn í Langabarðslæk og þar þvert norður í Eskifjarðará. Milli Eskifjarðar og Veturhúsa voru aðeins nytjamörk og var Veturhúsabændum óheimilt

²⁹ Örnefnaskrá Eskifjarðar.

³⁰ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 126.

³¹ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 127.

³² Örnefnaskrá Eskifjarðar.

³³ Eskja, I. bindi, bls. 103.

³⁴ Örnefnaskrá Eskifjarðar.

³⁵ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 129.

að beita fé utan við Innri-Þverá. Má því segja að Eskifjarðará ráði mörkum beggja býla utan frá Langabarðslæk og til upptaka inn undir Hraevasskörðum”.³⁶

Náttúrufar og jarðabætur

Eskifjörður á land innan fjarðarbotns norðan ár en einnig landspildu sunnan ár neðan túna á Borgum. Undirlendi er fremur votlent en norðan þess brattar hlíðarbrekkur klæddar kjarri. Vegur liggur framhjá Eskifirði og inn á Eskifjarðarheiði en hún var kaupstaðarleið af Héraði. Eskifjörður mun hafa verið góð jörð til búskapar á fyrri tíð, beutiland víðlent og kjarngott, sérstaklega fyrir sauðfé. Samkvæmt fasteignamatinu 1918 var gamla túnið "snögg, harðlent og brunahætt, því ekki grasgefið". Engjar voru í góðu meðallagi, aðalengjarnar sunnan Eskifjarðarár en einnig var heyjað í fjallinu.³⁷

Heimildaskrá

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson sá um útgáfuna, 1971.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976. (Sjm)

Örnefni í landi jarðarinnar Eskifjarðar, Stefán Einarsson skráði. (ÖE)

³⁶ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 127.

³⁷ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 127-28.

Fornleifaskrá**Eskifjörður 155959 130 - 1****Hlutverk:** Bæjarhóll**Tegund:** Heimild**Lega:** N: 65, 4, 52 (-650811) V: 14, 2, 48 (-140467)**Lengd:** 40 m**Breidd:** 40 m**Ástand:** Ómetið**Horfin:** Horfin**Staðhættir**

Á Túnakorti Eskifjarðar er eitt hús sunnan við veginn, fyrir framan það er hlaðið.

Lýsing

Núverandi íbúðarhús, byggt 1917, stendur á gamla bæjarhólnum og þar eru nú engar tóftir.

Heimildaskrá

Túnakort Eskifjarðar

Eskifjörður 155959 130 - 2**Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Heimild**Horfin:** þarna er nú sléttað tún.**Staðhættir**

Á Túnakorti Eskifjarðar er hús, u.þ.b. 100 m norður af bústaðnum..

Lýsing

Þarna er nú sléttað tún og engar minjar um þessi hús.

Heimildaskrá

Túnakort Eskifjarðar

Eskifjörður 155959 130 - 3**Hlutverk:** Mylla**Tegund:** Tóft**Lega:** N: 65, 4, 57 (-650825) V: 14, 2, 46 (-140461)**Lengd:** 2 m**Breidd:** 1,5 m**Ástand:** Gott**Hættumat:** Lítil hætta**Hættuorsök:** Vegna ábúðar**Staðhættir**

"Bæjarlækur er í túni og vatnsmylla var í bæjarlæknum." (ÖE).

Myllutóftin er á vesturbakka bæjarlækjar um 100 m norðaustur af bæjarhólnum.

Lýsing

Um 2 x 1,5 m grjóthlaðin myllutóft, sem er nú mjög hruninn. Hlaðin renna hefur verið á um 20 m kafla upp frá myllunni í lækinn fyrir ofan. Þar sést ógreinileg grjóthleðsla.

Heimildaskrá

Örnefni í landi jarðarinnar Eskifjarðar, Stefán Einarsson skráði.

Eskifjörður 155959 130 - 4

Sérheiti: Ærhúslækur/Ærhústún

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Máfríðartún er líklega það sama og Bakkatún við bæjarstæði Bakka suðvestan Eskifjarðar. Utan Máfríðartúns var Ærhúslækur og Ærhústún ofan vegar (ÖE).

Lýsing

Engar tóftir eru sýnilegar en steipt fjárhús eru utan Bakkalækjar, rétt innan túns í Eskifirði.

Heimildaskrá

Örnefni í landi jarðarinnar Eskifjarðar, Stefán Einarsson skráði.

Eskifjörður 155959 130 - 5

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: Þarna er nú sléttað tún.

Staðhættir

Ut看 Eskifjarðarbæjar er hesthúslækur og utan hans Hesthústún (ÖE).

Heimildaskrá

Örnefni í landi jarðarinnar Eskifjarðar, Stefán Einarsson skráði.

Eskifjörður 155959 130 - 6

Sérheiti: Kvíaklettur

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnalýsingu segir: „Ut看 við Ytri-Þverá er Snasaklettur, þar fyrir utan Brekkur. Í þeim inn og upp af Eskifjarðarbæ er Kvíaklettur”(ÖE).

Heimildaskrá

Örnefni í landi jarðarinnar Eskifjarðar, Stefán Einarsson skráði.

Eskifjörður 155959 130 - 7

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 4, 56 (-650822) V: 14, 2, 43 (-140453)

Hleðsluhæð: 1,4 m

Lengd: 7 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta



Staðhættir

Tóftin liggur um 200 m norðaustur af íbúðarhúsinu í Eskifirði og um 30 m innan við læk sem rennur utan bæjar. Kann að vera hesthús það sem Hesthústún er kennt við (sjá 130-5)

Lýsing

Tóft hlaðin úr grjóti um 4 x 4 m að utanmáli. Tóftin liggur norður-suður og hefur tréþil vitað til suðurs. Veggir standa ágætlega en eru þó eilítið farnir að hrynja inn á við. Mesta vegg hæð er um 1,4 m og þykkt veggja 1 m.

Eskifjörður 155959 130 - 8

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

„Utan við Leiti er Litlilækur, þar fyrir utan Stekkalækur og Stekkur (sér til rústa) skammt fyrir innan býlið Veturhús” (ÖE)

Heimildaskrá

Örnefni í landi jarðarinnar Eskifjarðar, Stefán Einarsson skráði.

Eskifjörður 155959 130 - 9

Sérheiti: Gyðugarðar

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Lega: N: 65, 4, 53 (-650814) V: 14, 2, 47 (-140464)

Skekkja: 2

Horfin: Horfnir, þarna er nú sléttað tún.

Staðhættir

„Neðratún er kallað neðan vegar og Efratún ofan vegar (hjá Bakka). Utan og neðan við Bæjarhól sem bærinn stóð og stendur á heita Gyðugarðar” (ÖE).

Garðarnir lágu rétt ofan við veginn sem liggur upp að Eskifjarðarbænum.

Heimildaskrá

Örnefni í landi jarðarinnar Eskifjarðar, Stefán Einarsson skráði.

Eskifjörður 155959 130 - 10

Sérheiti: Gamlarétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Lega: N: 65, 5, 11 (-650864) V: 14, 5, 37 (-140936)

Hleðsluhæð: 0,4 m

Lengd: 25 m

Breidd: 25 m

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Vegna vatnsrofs.

Staðhættir

Í Eskju segir: "Niður undan Leiti er grjóthleðsla í Eskifjarðarargljúfri kölluð Gamlarétt. Í ánni innan við hana er Gömluréttarhylur" (Eskja:98).

"Liggur á árbakkanum norðanmegin Eskifjarðarar (í sveigju á ánni) liggur upp að kletti og brekku að norðan" (ÖE).


Lýsing

Veggir réttarinnar eru grjóthlaðnir í boga út frá kletti til austurs. Lengd réttarinnar er um 25 m og breidd um 12 m. Hlið er til austurs. Hleðslur eru enn mjög greinilegar en veggir nokkuð hrundir. Mesta þykkt veggja er 0,7 m og mesta hæð 0,4 m.

Heimildaskrá

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson sá um útgáfuna, 1971.

Örnefni í landi jarðarinnar Eskifjarðar, Stefán Einarsson skráði.



Eskifjörður 155959 130 - 11

Sérheiti: Eskifjarðarrétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Lega: N: 65, 4, 55 (-650819) V: 14, 3, 10 (-140528)

Horfin: Engin merki eru nú lengur um réttina.

Staðhættir

„Í Eskifjarðar á framan og neðan við Bakkatún er Réttarhylur, neðan undir Eskifjarðarrétt" (ÖE).

Réttin stóð um 20 m ofan vegar inn Eskifjarðardal og 200 m inn af bæjarhúsum í Eskifirði.

Heimildaskrá

Örnefni í landi jarðarinnar Eskifjarðar, Stefán Einarsson skráði.

Eskifjörður 155959 130 - 12

Sérheiti: Bleiksárrétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 4, 52 (-650811) V: 14, 2, 48 (-140467)

Lengd: 24 m

Breidd: 10 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna ábúðar.

Staðhættir

Rétt innan við Bleiksána, stutt fyrir ofan veginn stóð Bleiksárrett fram yfir 1930 (ÖE).

Leifar réttarinnar eru um 70 m ofan núverandi sóknarkirkju og um 15 m vestan Bleiksár.

Lýsing


Stórir steinar í ógreinilegri röð. Grjót hefur verði fjarlægt úr réttinni. Ummál um 24 x 10 m.

Aðrar upplýsingar

Búið er að fjarlægja steina úr réttinni.

Heimildaskrá

Örnefni í landi jarðarinnar Eskifjarðar, Stefán Einarsson skráði.

**Eskifjörður 155959 130 - 13**

Sérheiti: Kaupstaðarleiðin

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Lega: N: 65, 5, 19 (-650886) V: 14, 5, 30 (-140917)

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Vegna umferðar inn dalinn.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: "Kaupstaðarleiðin forna liggur yfir Eskifjarðarheiði (ÖE)." Og í Sveitum og jörðum stendur: "Upp frá dalstafni innan við Veturhús liggur hin forna kaupstaðarleið yfir Eskifjarðarheiði (Sjm: 127-28)".

Lýsing

Vegur liggur inn dalinn upp á Eskifjarðarheiði. Merki eru um gamla vegagerð um 100 m vestan túns á Veturhúsum rétt ofan þess vegar sem nú liggur inn dalinn. Upphlaðinn vegur á um 70 m kafla meðfram núverandi vegi.

Heimildaskrá

Örnefni í landi jarðarinnar Eskifjarðar, Stefán Einarsson skráði.

Sveitir og jarðir III. bindi, Ármann Halldórsson bjó til útgáfu, 1971.

Eskifjörður 155959 130 - 14

Hlutverk: Fjárborg

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 5, 12 (-650867) V: 14, 5, 9 (-140858)

Hleðsluhæð: 0,4 m

Lengd: 6 m

Breidd: 6 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Engin hættu

**Staðhættir**

Hringlaga grjóttóft um 30 m norðan við veg sem liggur inn á Eskifjarðarheiði. Gegnt Eskifjarðarseli, miðja vegu milli fjárhúss og íbúðarhúss.

Lýsing

Nálega hringlaga grjóttóft. Hleðslan er nánast öll hrunin en er um 0,4 m þar sem hún er hæst og um 0,4 m breið. Eystri veggur er nánast beinn en hinir liggja í hálfhring til suðurs.

Eskifjörður 155959 130 - 15

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 5, 7 (-650853) V: 14, 4, 48 (-140800)

Lengd: 7 m

Breidd: 3 m

Ástand: Slæmt

Lýsing

Mjög ógreinilegt tóftarbrot í móa á áreyrum Innri-Þverár. Tóftin snýr austur-vestur, mjög jarðsokkin.

Eskifjörður 155959 130 - 16

Hlutverk: Beitarhús


Tegund: Tóftabyrping

Lega: N: 65, 5, 18 (-650883) V: 14, 5, 36 (-140933)

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Vegna umferðar um veg inn Eskifjarðardal.



Staðhættir

Í búskaparannál Sveita og jarða segir: "Leiti skammt innan við Veturhús rétt neðan við veginn til Eskifjarðarheiðar var lengi grjótgarður og neðan við hann tættur að sögn af beitarhúsum frá St-Breiðuvík (Sjm:128)."

Þrjár ógreinilegar tóftir um 5 m neðan vegar inn til Eskifjarðarheiðar og um 300 m inn (vestur) af túni á Veturhúsum.


Lýsing

Sú tóft sem næst er vegi er ferhyrnd, mjög hrunin grjóttóft um 5 x 3 m að utanmáli, snýr norður-suður. Tóftin er tvískipt og er minna hólfi sunnanvert, kann að vera leifar stekkjar. Hæð hleðslu er mest 30 sm þykkt 40 sm (Ath. vel; hvað er 40 sm, breiddin?). Um

3 m, dyr verið á austurhlið (Hvað er um 3 m?). Suðvestan hennar er önnur tóft sem snýr nálega norður-suður. Hún er mjög gróin og útflött, um 7 x 3 m að utanmáli. Hæð veggja er mest 30 sm og þykkt einnig um 30 sm. Um 5 m sunnan þeirrar tóftar er svo hringlaga garðlag um 10 x 10 m að innanmáli, dyr hafa verið til suðurs. Áföst norðurhlið þessa gerðis er tóftarupphækkun um 7 x 4 m að utanmáli, snýr norður-suður. Einhverjar hleðslur, e.t.v. hús, hafa verið innan garðsins og kann hér að vera um að ræða tóftir beitarhúsa þeirra sem greint er frá í Sveitum og jörðum. Engar leifar grjótgarðs fundust þó.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlapingi III. bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

Eskifjörður 155959 130 - 17**Sérheiti:** Gil**Hlutverk:** Bústaður**Tegund:** Heimild**Lega:** N: 65, 4, 46 (-650794) V: 14, 1, 56 (-140322)**Lengd:** 7 m**Breidd:** 7 m**Ástand:** Sæmilegt**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Ábúð**Staðhættir**

„Í Bleiksárgili var á seinni hluta 19. aldar húsmannslóð eða smábýli kallað Gil. Þar bjó Friðrik Þorleifsson á árunum 1878-1880 en eftir það er býlið ekki nefnt í sálnaregistri Hólma né heldur fyrir“ (ÖE).

Bæjarstæðið á Gili hefur verið um 30 m vestan Bleiksár og um 70 m ofan við núverandi sóknarkirkju Eskfirðinga.


Lýsing

Tvískipt tóft um 7 x 7 m að utanmáli. Hleðslur eru mjög grónar og útlattar og ekki er hægt að greina dyr á tóftinni.

Heimildaskrá

Túnakort Eskifjarðar

Örnefni í landi jarðarinnar Eskifjarðar, Stefán Einarsson skráði.

Eskifjörður 155959 130 - 18**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Lega:** N: 65, 4, 45 (-650792) V: 14, 2, 1 (-140336)**Hleðsluhæð:** 70 sm**Lengd:** 4 m**Breidd:** 4 m**Ástand:** Gott**Hættumat:** Hætta**Staðhættir**

Tóft er austan undir melnum þar sem grafreitir Eskifjarðarbúa stendur, um 70 m norðvestur af nýju sóknarkirkjunni, vestan lækjar sem rennur vestan kirkjunnar.

Lýsing

Hringlaga smátóft um 4 x 4 m að utanmáli og hafa dyr vitað til austurs. Þykkt vegghleðslu er um 1 m og hæð hennar mest um 70 sm. Þessi tóft tilheyrir líklega býlinu Gili eða Bleiksárgili.

Eskifjörður 155959 130 - 19**Sérheiti:** Bakki**Hlutverk:** Bústaður

Tegund: Heimild

Lega: N: 65, 4, 55 (-650819) V: 14, 3, 8 (-140522)

Lengd: 7 m

Breidd: 7 m

Ástand: Ómetið

Staðhættir

"Innan við bæinn, þar sem blettur heitir Bakkatún, þar var afbýlið Bakki, byggt a.m.k. um nokkurt skeið á 18. öld, fór í eyði 1756 segir Olavius (Sjm:128)."

"Innan við tún í Eskifirði er Bakkatúnslækur, utan við hann er Bakkatún. Þar var hjábýli frá Eskifirði, Bakki. Hann er ekki nefndur á manntalinu 1703, en er kominn í byggð 1734 og ábúandi þá Böðvar Bjarnason. Olavius segir í ferðabók sinni, að Bakki hafi farið í eyði 1756, en það virðist hafa verið nokkru fyrr, því að í "Jarða- og bændatali 1752-1767", sem geymt er í Þjóðskjalasafni, stendur við árið 1754, "Bache, Hiäbyle i Eyde" (Eskja:101).

Bakkatún liggur um 150 m suðvestan bæjar í Eskifirði. Þar er nú sléttað tún og engin merki býlisins að finna.

Heimildaskrá

Eskja, I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson bjó til prentunar, 1971.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

Eskifjörður 155959 130 - 20

Sérheiti: Eyjólfsblettur

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Lega: N: 65, 4, 51 (-650808) V: 14, 2, 27 (-140408)

Ástand: Ómetið

Horfin: Horfin vegna byggðar

Staðhættir

Á Túnakorti Eyjólf Pjeturssonar er eitt hús norðan megin við lækinn. Utan við Yztahúslæk er Eyjólfsblettur, býli sem er nú í eyði. Nú hefur verið byggð spennistöð fyrir rafveitu á Eyjólfsbletti (ÖE).

Eyjólfsblettur er smábýli kennt við Eyjólf Pétursson sem byggði þar 1898 (Sjm: 128).

Lýsing

Gps hnit voru tekin við spennistöðina en engin merki eru nú um býlið.

Aðrar upplýsingar

Gps punktur tekinn við spennistöð. Engin ummerki um bústað.

Heimildaskrá

Túnakort Eyjólf Pjeturssonar.

Örnefni í landi jarðarinnar Eskifjarðar, Stefán Einarsson skráði.

Sveitir og jarðir III. bindi, Einar Bragi Sigurðsson bjó til prentunar, 1971.

Eskifjörður 155959 130 - 21

Sérheiti: Bleiksá

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Lega: N: 65, 4, 42 (-650783) V: 14, 1, 54 (-140317)

Ástand: Ómetið

Horfin: Horfin vegna byggðar

Staðhættir

"Bærinn Bleiksá stóð utan við ána með sama nafni í Bleiksártúni, þar sem nú er Skrúðgarður Eskfirðinga. Gamall Eskfirðingur, Lukka Friðriksdóttir, segir bæinn hafa staðið "utan í hólnum í garðinum." Thor Jensen-Brand, fæddur á Eskfirði 1888 og dvaldist þar til 1911, kemst svo að orði: "Bærinn stóð undir barðinu í Bleiksártúni uppi á klöppinni, snéri forhlið út og suður á Strönd (Eskja:78)."

Lýsing

Bærinn mun hafa staðið í skrúðgarðinum sem nú er einnig tjaldstæði bæjarins. Engin merki eru nú um tóftir.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt jarðatali Johnsens (bls.375) er býlið talið afbýli frá Eskfirði. Jörðin var þó í Lambeyrarlandi. Býlið mun hafa verið fyrst byggt snemma á 19. öldinni. Enginn er talinn búa þar í manntalinu 1816 en 1820 býr þar Magnús Eiríksson, húsmaður. Jón Þorleifsson er síðast talinn ábúandi á býlinu 1889. Eftir 1881 varð Bleiksá sérstakt býli með landamörk við Eskifjörð að innan við Bleiksá en við Lambeyri að utan um Grjótá.

Heimildaskrá

Eskja, I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson bjó til prentunar, 1971.

J. Johnsen, Jarðatal, Kaupmannahöfn 1845. Þjóðskjalasafn Íslands

Eskifjörður 155959 130 - 22

Hlutverk: Brú

Tegund: Heimild

Skekkja: 2

Ástand: Ómetið

Horfin: Horfin, þarna er brú yfir Bleiksá.

Staðhættir

Í Eskju segir: "Rétt ofan við Íþróttavöllinn liggur Bleiksárbrú yfir ána. Mun hafa verið brú á ánni þegar á fyrri hluta 19. aldar í tíð Kjartans Ísfjörðs kaupmanns (bls. 103)."

Heimildaskrá

Eskja, I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson bjó til prentunar, 1971.

Eskifjörður 155959 130 - 23

Hlutverk: Grafreitur

Tegund: Kirkjugarður

Lega: N: 65, 4, 46 (-650794) V: 14, 2, 9 (-140358)

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Utan undir Þórlindarstykki er grafreitur Eskfirðinga, oft kallaður Kirkjugarðurinn þótt aldrei hafi staðið þar kirkja (ÖE).

Heimildaskrá

Stefán Einarsson, Örnefnalýsingar. Eskifjörður.

Eskifjörður 155959 130 - 24

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Lega: N: 65, 5, 0 (-650833) V: 14, 2, 51 (-140475)

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 15 m

Breidd: 10 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Möl hefur verið tekin framan við réttina.

Staðhættir

Réttin er um 500 m vestan við bæjarhús í Eskifirði um 80 m upp frá vegi og um 20 m vestan við stekk nr. 130-37.

Lýsing

Vegghleðsla, um 15 m löng vestan til og um 10 m til austurs, myndar horn upp við fjallsbrekkuna ofan við melinn ofan malarnáms. Að hluta til er réttin grafin inn í hliðina. Hlið hefur verið til austurs. Mesta vegghæð er um 1,7 m og þykkt 2 m.

Aðrar upplýsingar

Tilheyrir líklega stekkjartóftinni sem er utar á melnum.

Eskifjörður 155959 130 - 25

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 5, 3 (-650842) V: 14, 3, 38 (-140606)

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 11 m

Breidd: 8 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Möl hefur verið tekin framan við þar sem stekkurinn er.



Staðhættir

"Á milli Innri-Þverár og Ytri-Þverár niðri undir Eskifjarðará heita Bakkar. Fyrir utan Ytri-Þverá eru Sléttur, síðan Hlaup. Þar utan undir er Stekkur og svo Stekkslækur" (ÖE).

Stekkjartóft er uppi á mel um 80 m ofan vegar inn á Eskifjarðarheiði. Um 500 m norðvestur af bæjarhúsum á Eskifirði utan lækjar sem rennur í gili.

Lýsing

Veggir standa enn ágætlega en eru nokkuð farnir að hrynja, vegghleðslur hæstar um einn metri og þykkt þeirra um 2 m. Hleðslur orðnar mjög grónar og aðeins sést grjót í hleðslu við suðurdyr. Stekkurinn snýr norður-suður, er um 11 m langur og um 8 m breiður að utanmáli. Dyr eru á suðurhlið en við norðvesturhorn er einnig um 1 m langur gangur út úr tóftinni.

Heimildaskrá

Örnefni í landi jarðarinnar Eskifjarðar, Stefán Einarsson skráði.

Eskifjörður m/Veturhúsum 155959 130 - 26



Bæjarstæði Veturhúsa. Ljósmynd: Guðný Zoëga

Sérheiti: Veturhús

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Tóft

Legi: N: 65, 5, 16 (-650878) V: 14, 5, 7 (-140853)

Hleðsluhæð: 1 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegna nálægðar við veg

Staðhættir

Á Túnakorti Veturhúss er sýnt eitt hús í túninu.


Býlið Veturhús innan við Innri-Þverá var í byggð frá 1881-1945, hafði ekki sérstakt landamerki og mátti ekki nota beutiland utan við Innri-Þverá (Eskja: 95).

Glöggst má sjá rústir þar sem bærinn stóð. Þessa býlis er fyrst getið í sóknarmannatali Hólma 1881 og jafnan skráð Vetrarhús fram að 1886. Bærinn fór í eyði 1945 (ÖE).

Grunnur bæjarhúsanna stendur um 20 m norðan við veginn sem liggur inn á Eskifjarðarheiði. Er í hlíðinni ofan við Eskifjarðará gegnt Eskifjarðarseli.

Lýsing

Þrískipt tóft. Í austasta hluta er grjót og steypa. Að mestu er aðeins steypdur húsgrunnur sjáanlegur. Grunnurinn er 10 x 5 m að utanmáli, mesta hæð veggja er 0,3 m og mesta þykkt veggja 0,5 m. Næst til vestur er öllu minni tóft, 5 x 5 m að



utanmáli, hlaðin úr torfi og grjóti. Sér í grjót. Veggir eru greinilegir og standa yfirleitt

vel, þó er fallið úr þeim á nokkrum stöðum. Tóftin er vel gróin. Mesta hæð veggja er 1 m og mesta þykkt veggja er 2 m. Lengst til vestur er svo lítil tóft hlaðin úr grjóti og torfi með dyr sem snúa til suðurs. Veggir eru greinilegir en nokkuð er hrunið úr þeim. Mesta hæð veggja er 1 m og mesta þykkt veggja er 2 m, um 5 x 4 m að utanmáli.

Heimildaskrá

Örnefni í landi jarðarinnar Eskifjarðar, Stefán Einarsson skráði.

Eskja, I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson bjó til prentunar, 1971.

Eskifjörður m/Veturhúsum 155959 130 – 27

Sérheiti: Veturhús

Hlutverk: Grjóthleðsla

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 5, 15 (-650875) V: 14, 5, 9 (-140858)

Ástand: Ómetið

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Vegna nálægðar við veg

Staðhættir

Liggur samsíða veginum inn á Eskifjarðarheiði neðan túns á Veturhúsum.

Lýsing

Grjótgarður sem mun hafa myndast þegar tekið var grjót úr túni. Garðurinn er vel greinilegur en verður ógreinilegri þegar austar dregur.

Eskifjörður m/Veturhúsum 155959 130 - 28

Sérheiti: Veturhús

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 5, 16 (-650878) V: 14, 5, 9 (-140858)

Hleðsluhæð: 1,5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegna nálægðar við veg

Staðhættir

Tóftin er um 10 m ofan vegar inn dalinn og um 17 m suðvestan bæjarhúsatóftarinnar á Veturhúsum. Gegnt fjárhúsum á Eskifjarðarseli.

Lýsing

Tóft hlaðin úr grjóti og torfi. Veggir standa vel og eru grónir þótt enn sjáist í grjót í hleðslum. Tóftin er alveg opin til suðurs. Bárujárn og timbur liggja í tóftinni. Mesta hæð veggja er 1,5 m og mesta þykkt veggja er 1,5 m.

Eskifjörður m/Veturhúsum 155959 130 - 29

Sérheiti: Veturhús

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 5, 18 (-650883) V: 14, 5, 2 (-140839)

Hleðsluhæð: 0,4 m

Ástand: Gott

Staðhættir

Matjurtagarður er um 100 m ofan (na) bæjarhúsanna á Veturhúsum, efst í túni.

Lýsing

Ferhyrnd slétt flöt, um 10 x 10 m, grafin inn í hlíðina að norðan og austan. Veggghæð mest 0,3 m, þykkt 0,4 m.

Eskifjörður m/Veturhúsum 155959 130 - 30

Sérheiti: Veturhús

Hlutverk: Matjurtagarður

Lega: N: 65, 5, 17 (-650881) V: 14, 5, 4 (-140844)

Lengd: 20 m

Breidd: 15 m

Ástand: Ómetið

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Matjurtagarður er um 30 m frá vegi sem liggur inn á Eskifjarðarheiði og um 50 m ofan (norðaustan) bæjarhúsatóftar á Veturhúsum, gegnt Eskifjarðarselsbæ.

Lýsing

Afmarkaður reitur um 20 x 15 m. Tvær hliðar grafnar í túnbrekkuna. Sér móta fyrir tveimur veggjum til suðurs og vesturs, þeir eru vel grónir og hvergi sér í grjót.

Eskifjörður m/Veturhúsum 155959 130 - 31

Sérheiti: Veturhús

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 5, 16 (-650878) V: 14, 5, 8 (-140856)

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 4 m

Breidd: 2 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegna nálægðar við veg

Staðhættir

Tóft er um 10 m frá vegi sem liggur inn á Eskifjarðarheiði og um 10 m neðan (sunnan) bæjarhúsatóftarinnar á Veturhúsum.

Lýsing

Lítil niðurgrafin ferhyrnd tóft. Hlaðin úr torfi og grjóti. Veggir standa vel, sér sums staðar í grjót en tóftin vel gróin. Mesta hæð veggja er 1 m.

Eskifjörður m/Veturhúsum 155959 130 - 32

Sérheiti: Veturhús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 5, 18 (-650883) V: 14, 5, 5 (-140847)

Hleðsluhæð: 1,7 m

Lengd: 17 m

Breidd: 15 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegna nálægðar við veg

Staðhættir

Tóftir fjárhúsa og hlöðu eru upp við fjallsbrekkuna um 50 m norðan við veg sem liggur inn á Eskifjarðarheiði og um 50 m ofan við bæjarhúsatóftirnar á Veturhúsum.

Lýsing

Tvískipt fjárhústóft hlaðin úr torfi og grjóti með áfastri hlöðu. Tóftin er vel gróin en sér þó víða í steina. Veggir eru greinilegir og standa vel en þó hefur sums staðar fallið úr þeim. Hlöðutóftin er um 5 x 7 m að innanmáli og er mesta hæð veggja um 1,7 m og mesta þykkt veggja er 1 m. Fjárhústóftin er um 10 x 10 m að innanmáli þar sem hún er breiðust og er mesta hæð veggja um 1,5 m en mesta þykkt veggja 1,5 m. Fjárhústóftin er alveg opin til suðurs.

Eskifjörður m/Veturhúsum 155959 130 - 33**Sérheiti:** Veturhús**Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Tóft**Lega:** N: 65, 5, 16 (-650878) V: 14, 5, 6 (-140850)**Hleðsluhæð:** 1,6 m**Lengd:** 11 m**Breidd:** 6 m**Ástand:** Gott**Staðhættir**

Tóftin er um 10 m austan við tóftir bæjarhúsa á Veturhúsum og um 40 metra norður af vegi inn Eskifjarðardal sem liggur sunnan túns á Veturhúsum.

Lýsing

Ferhyrind tóft hlaðin úr torfi og grjóti. Veggir eru mjög greinilegir og standa vel en sums staðar er fallið úr þeim. Víða sér í grjót en tóftin er að öðru leyti vel gróin. Trépil hefur verið til suðurs. Tóftin er um 11 x 6 m að utanmáli, mesta hæð veggja er 1,6 m og mesta þykkt 2 m.

Eskifjörður m/Veturhúsum 155959 130 - 34**Sérheiti:** Veturhús**Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Tóft**Lega:** N: 65, 5, 16 (-650878) V: 14, 5, 2 (-140839)**Hleðsluhæð:** 1,5 m**Lengd:** 7 m**Breidd:** 5 m**Ástand:** Gott**Hættumat:** Engin hætta**Staðhættir**

Tóft er í túnbrekku um 50 m norðaustan bæjarhúsanna yst í Veturhúsatúni.

Lýsing

Grjóthlaðin tóft að hluta til grafin inn í brekkuna. Dyr hafa verið til suðurs. Hleðslur standa mjög vel, eilítið farnar að hrynja fremst. Tóftin er um 7 x 5 m að utanmáli, veggjahæð mest 1,5 m, þykkt 80 sm.

Eskifjörður m/Veturhúsum 155959 130 - 35**Sérheiti:** Veturhús**Hlutverk:** Garður**Tegund:** Tóft**Lega:** N: 65, 5, 17 (-650881) V: 14, 4, 59 (-140831)**Hleðsluhæð:** 0,4 m**Lengd:** 20 m**Breidd:** 60 sm**Ástand:** Gott**Hættumat:** Engin hætta

Lýsing

Lágt garðbrot, líklega undan girðingu, liggur í boga frá norðausturhorni túns út að stórum steini við gamlan árfarveg austan túns á Veturhúsum. Mesta hæð 40 sm, þykkt 60 sm.

Eskifjörður m/Veturhúsum 155959 130 - 36

Sérheiti: Veturhús

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 5, 13 (-650869) V: 14, 5, 0 (-140833)

Hleðsluhæð: 0,7 m

Lengd: 18 m

Breidd: 10 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Réttartóft er um 100 m sa bæjarstæðis á Veturhúsum.

Lýsing

Snýr norður-suður, grjóthlaðin á þrjá vegu. Lengd vestari langveggjar er um 18 m, þess eystri um 10 m. Réttin er 5 m á breidd. Skarð hefur myndast í hleðsluna vestan til. Mesta veggjahæð 0,7 m, þykkt 0,7 m.

Eskifjörður m/Veturhúsum 155959 130 - 37

Sérheiti: Veturhús

Hlutverk: Hleðsla

Tegund: Hleðsla

Lega: N: 65, 5, 14 (-650872) V: 14, 5, 2 (-140839)

Hleðsluhæð: 2 m

Lengd: 30 m

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Vegna ábúðar

Lýsing

Við eystri enda túns á Veturhúsum, gegnt réttinni nr. 130-35 hefur verið hlaðinn veggur til að hækka upp túnið og gera það sléttara. Hleðslan er um 2 m á hæð og liggur á um 30 m löngum kafla.

Eskifjarðarsel - 155955-131



Séð yfir Eskifjarðarselsbæ, Byggðarholt og Eskifjörður fjær. Ljósmynd: Guðný Zoëga

Saga

Býlið Eskifjarðarsel var hjáleiga frá Eskifirði, af nafninu að dæma byggt upp á seli. Þess er fyrst getið 1734 og bjó þar þá Árni Sigurðsson. Það virðist í eyði 1762-1767 og 1786-1805, en hefur haldist óslitið í ábúð síðan.³⁸ Afbýli frá Eskifjarðarseli var Byggðarholt, líklega stofnað 1881 en varð síðan sérstök jörð 1904. Lárus Kjartansson fékk býlið í gjöf frá foreldrum sínum og var það stundum nefnt Barð.³⁹

Náttúrufar og jarðabætur

Jörðin var ágætlega fallin til búskapar, haglendi vítt og sæmilegt, ræktunarmöguleikar þó litlir. Hún liggur sunnan Eskifjarðarár, í innhluta Eskifjarðardals og stenst bærinn á við Veturhús. Þaðan eru um 2,5 km út í fjarðarbotn. Fjörðurinn er ásamt fjallinu Öskjuhnúk kenndur við hádalinn Öskju eða Eskju.⁴⁰

Landamerki

Árið 1844 undirritar H. H. Svendson landamerkjabréf fyrir hönd Kjartans Ísfjörðs kaupmanns á Eskifirði: „Jeg undirskrifaður byggji hérmeð fóstursyni mínum Pjetri Wilhelm jörðina Eskjufjarðarsel 6 hundruð að dýrleika til allra leiguliða nota innan eptirskrifaðra takmarka: að utan í skriðu þá sem næst er fyrir innan bæinn á Borgum, þvert niður, til Eskjufjarðarár og sjónhending til fjalla upp, og þaðan allt land inneptir fyrir sunnan Eskjufjarðará á fjall upp þangað sem vötnum hallar [...] Ennfremur skal

³⁸ Örnefnalýsing Eskifjarðarsels.

³⁹ Sveitir og jarðir III. bindi, bls. 131.

⁴⁰ Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls.130.

Pjetur Wilhelm hafa beit fyrir fje sitt fyrir norðan Eskjufjarðará og útá ströndina þegar þess gjörist þörf á vetrardag og jarðlaust er í Selslandi. Líka skal það vera mér heimilt að láta stinga svörð í Selslandi hvar sem hann er að finna alt að því að ekki verði að því tónspjöll”.⁴¹

Nú eru mörk jarðarinnar að utan við Byggðarholt um Stekkjarlæk upp undir Stekkjarmel og þar fyrir ofan Djúpagilslækur til fjalls í Melabryr en að norðan Eskifjarðará alla leið til upptaka í Hrævarskörðum, sem liggja af Eskifjarðarheiði vestur á Svínadal norðan til.⁴²

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi. Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976. (Sjm)
Örnefnaskrá Byggðarholts og Eskifjarðarsels, Stefán Einarsson skráði. (ÖBE)

⁴¹ Þjóðskjalasafn Íslands. Afsals- og veðmálabók Suður Múlasýslu, bls. 290-91.

⁴² Sveitir og jarðir III. bindi, bls. 130.

Fornleifaskrá

Eskifjarðarsel 155955 131 - 1

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarstæði

Lega: N: 65, 5, 3 (-650842) V: 14, 5, 12 (-140867)

Horfin: Núverandi bæjarhús standa á gamla bæjarhólnum

Lýsing

Á túnakorti eru sýnd þrjú samföst hús á bæjarstæði Eskifjarðarsels. Núverandi hús munu hafa verið byggð 1907-1909 og eru líklega þau sömu og sýnd eru á túnakorti. Engar menjar eru um eldri tóftir á bæjarstæðinu.

Heimildaskrá

Túnakort Eskifjarðarsels.

Eskifjarðarsel 155955 131 - 2

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 5, 4 (-650844) V: 14, 5, 25 (-140903)


Hleðsluhæð: 1,5 m

Lengd: 7 m

Breidd: 5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta



5 m.

Staðhættir

Tóftin liggur um 100 m vestur af bæjarhúsum á Eskifjarðarseli.

Lýsing

Byggð framan við melhól og myndar hann aðra langhlið tóftarinnar. Liggur austur/vestur. Ferhyrnd, hlaðin úr grjóti og torfi. Grjóthleðslur enn vel sýnilegar og standa vel. Mesta hæð 150 sm og mesta þykkt veggja er 150 sm. Utanmál tóftar er 7 x

Eskifjarðarsel 155955 131 - 3

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 5, 1 (-650836) V: 14, 5, 15 (-140875)


Hleðsluhæð: 1,2 m

Lengd: 2 m

Breidd: 1 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta



Staðhættir

Tóftin er um 100 m suður og upp af bæjarhúsum á Eskifjarðarseli, stendur fremst á hæð.

Lýsing

Ferhyrnd tóft með þremur veggjum, sem liggur norður/suður. Steypt grjóthleðsla sem stendur mjög vel og er vel greinileg. Utanmál tóftar er 2 x 1 m. Mesta hæð veggja er 120 sm og mesta breidd er 70 sm. Hlaðinn grjótveggur liggur í 4 m til vesturs.

Eskifjarðarsel 155955 131 - 4

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Horfin: Horfin

Staðhættir

Á túnakorti Eskifjarðarsels er sýndur matjurtagarður um 390 fermetrar að stærð. Slétt tún er nú þar sem garðurinn var.

Heimildaskrá

Túnakort Eskifjarðarsels

Eskifjarðarsel 155955 131 - 5

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft


Lega: N: 65, 5, 1 (-650836) V: 14, 5, 13 (-140869)

Lengd: 12 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Malarnám



Staðhættir

Leifar fjárhúsa eru um 100 m ofan og suðsuðaustan bæjarhúsa á Eskifjarðarseli. Þau standa frammi á vestari brún malargryfju ofan og suðaustan bæjarhúsanna.

Lýsing

Frá norðri til suðurs er vestari langveggur tóftar, 12 m að lengd, en að öðru leyti er búið að moka húsinu í burtu. Hlaðinn veggur úr torfi og grjóti. Hleðslur vel greinilegar og standa vel. Við suðurenda veggjarins eru leifar steinsteypsts húss og við syðri hluta þess stendur veggur.

Eskifjarðarsel 155955 131 - 6

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 5, 0 (-650833) V: 14, 5, 16 (-140878)


Hleðsluhæð: 1,2 m

Lengd: 4 m

Breidd: 5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta



Staðhættir

Tóftin stendur í túni 130 m sunnan og ofan við bæjarhús á Eskifjarðarseli um 5 m austur af bakka gils sem bæjarlækurinn rennur um.

Lýsing

Ferköntuð tóft með torf og grjóthleðslu. Dyr eru á suðausturhorni tóftar og vísa þær til norðurs. Hleðslan er greinileg og veggir standa vel nema austurveggur sem töluvert er hrunið úr. Tóftin er gróin. Mesta hæð veggja er 120 sm og mesta þykkt er 100 sm.

Eskifjarðarsel 155955 131 - 7

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Lega: N: 65, 4, 60 (-650831) V: 14, 5, 18 (-140883)

Hleðsluhæð: 1,3 m

Lengd: 15 m

Breidd: 7 m

Ástand: Gott


Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Rétt er um 180 m suður og upp af bæjarhúsum, þrjá metra í austur frá bæjarlæknum.

Lýsing

Torf og grjóthlaðin rétt sem liggur í austur/vestur. Hleðslur eru greinilegar og standa vel en þó er sums staðar hrunið úr veggjum. Tvö hlið eru á réttinni, annað á eystri vegg en hitt á nyrðri langhlið. Réttin er opin til vesturs. Við hluta suðurveggjar er fjallshlíðin nýtt sem veggur. Mesta hæð veggja er 1,3 m en mesta þykkt 1 m. Hleðslubrot eru á vesturbakka bæjarlækjar gegnt réttinni.



Eskifjarðarsel 155955 131 - 8

Hlutverk: Kvíar


Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 5, 3 (-650842) V: 14, 6, 25 (-141069)

Hleðsluhæð: 0,4 m

Ástand: Ómetið

Hættumat: engin hætta



Staðhættir

Tóftin stendur efst á mel, 100 m suðvestur af Eskifjarðarseli.

Lýsing

L-laga mannvirki, lágt vegglag til vesturs, annars einföld grjótröð. Mesta hæð 40 sm, mesta þykkt veggja 40 sm.

Gæti hafa verið hjallur eða einhverskonar girðing. Kann að

vera að þarna sé um að ræða leifar færirkvíá sem um er getið í tengslum við svokallaðan Kvíamel.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Byggðarholts og Eskifjarðarsels, Stefán Einarsson skráði.

Eskifjarðarsel 155955 131 - 9

Hlutverk: Smalakofi

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 5, 5 (-650847) V: 14, 5, 28 (-140911)

Ástand: Ómetið

Hættumat: engin hætta

Staðhættir

Lítill kofarúst er á melbrún um 150 m suðvestur af bæjarhúsum á Eskifjarðarseli.

Lýsing

Lítill ferhyrnd grjóttóft utan um stóran stein, mjög hrunin inn á við og gróin.



Tóft af smalakofa. Ljósmynd: Guðný Zoëga

Eskifjarðarsel 155955 131 - 10

Hlutverk: Náttthagi

Tegund: Heimild

Lega: N: 65, 5, 5 (-650847) V: 14, 5, 15 (-140875)

Ástand: Ómetið

Horfin: Ekki sjást merki um neinar minjar.

Staðhættir

Á Eskifjarðarseli er samkv. túnakorti náttthagi á syðstu túnaspildunni.

Heimildaskrá

Túnakort Eskifjarðarsels

Eskifjarðarsel 155955 131 - 11

Hlutverk: Mylla

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: Ekki sjást merki um neinar minjar

Staðhættir

"Í Grænalæk var mylla og Vatnsmylluholt þar framan undir." (ÖBE)

Lýsing

Grænilækur mun vera lækurinn yst (austast) í tún á Eskifjarðarseli. Engar leifar fundust af myllunni.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Byggðarholts og Eskifjarðarsels, Stefán Einarsson skráði.

Eskifjarðarsel 155955 131 - 12

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 5, 11 (-650864) V: 14, 6, 18 (-141050)

Lengd: 12 m

Breidd: 10 m

Ástand: Gott


Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Beitarhús frá Eskifjarðarseli liggja um 1 km vestan við Eskifjarðarsel á vestari bakka Kambagilslækjar og 100 m suður af Eskifjarðará.

Lýsing

Fjárhústóft hlaðin úr grjóti og torfi. Dyr eru á norðausturhorni tóftar. Garði er fyrir miðju. Hlaða er þvert á fjárhústóftina sunnan við. Grjót sést enn í veggjum en hleðsla er farin að falla. Utanmál tóftar er 12 x 10 m. Austan við tóftina, nær læknum, er gripheldi hlaðið í boga fyrir eystri langvegg.



Eskifjarðarsel 155955 131 - 13

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 5, 6 (-650850) V: 14, 5, 40 (-140944)

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 11 m

Breidd: 8 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Tóftin liggur um 200 m inn (vestur) af Eskifjarðarseli, innan við svokallaðan Kollóttamel, við girðingu um 20 m ofan vegar sem liggur inn af túni inn af Eskifjarðarseli.

Lýsing

Ferhyrnd grjót- og torfhlaðin tóft, grafin inn í hlíðina að sunnan. Tveir hlaðnir samsíða veggir til norðurs. Hlaðin stétt framan við. Utanmál tóftar er 11 x 8 m. Veggjahæð mest 1 m og 1,5 m á þykkt. Hleðslur standa enn austan til.

Eskifjarðarsel 155955 131 - 14

Sérheiti: Byggðarholt

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Heimild

Lega: N: 65, 4, 53 (-650814) V: 14, 3, 48 (-140633)

Ástand: Ómetið

Horfin: Horfin

Staðhættir

Á túnakorti Eskifjarðarsels er sýnd bygging nýbýlis sem mun vera Byggðarholt. Bæjarstæði Byggðarholts er þar sem nú er golfskáli Eskifjarðar. Engin merki eru um tóftir á bæjarstæðinu.

Heimildaskrá

Túnakort Eskifjarðarsels.

Eskifjarðarsel 155955 131 - 15

Sérheiti: Draugabýfi

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Heimild

Lega: N: 65, 4, 57 (-650825) V: 14, 4, 1 (-140669)

Staðhættir

“Fremst í Byggðarholtstúni er Ytra-Stekkjjarbarð og Innra-Stekkjjarbarð, skorið í sundur af Stekkalæk. Grundir heita fyrir neðan og innan bæ í Byggðarholti. Fremst á Innri-Grund var Draugabýfi. (Eskja:111)

Heimildaskrá

Eskja, I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Eskifjarðarsel 155955 131 - 16

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Horfin: Horfin

Staðhættir

"Fremst í Byggðarholtstúni er Ytra- og Innra- Stekkjarbarð, skorið í sundur af Stekkalæk" (ÖBE)

Lýsing

Engin stekkjartóft fannst við skráningu 2003. Þarna er nú sléttaður golfvöllur.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Byggðarholts og Eskifjarðarsels, Stefán Einarsson skráði.

Eskifjarðarsel 155955 131 - 17

Hlutverk: Surtarbrandsnáma

Tegund: Heimild

Staðhættir

“Í Hólmatindi utan við Ytra-Skot er surtabrandsnáma beint uppi af Seli.(Sjm:130)”

Lýsing

Var ekki skráð á vettvangi 2003.


Aðrar upplýsingar

Í námunni varð dauðaslys árið 1917, er Ögmundur Ögmundsson kennari fórst (Sjm:130).

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi. bls. 130.

Borgir - 155953-133



Bæjarstæði Borga. Ljósmynd: Bryndís Zoëga

féll 1953.⁴⁵

Saga

Borgir voru hjáleiga frá býlinu Eskifirði, trúlega byggðar upp á fjárborgum þaðan og þannig tilkomið nafnið. Fyrrum var líka talað um Borg og Eskjufjarðarborgir. Upphafsár byggðar á Borgum er ekki þekkt en árið 1829 er skráður þar bóndi, Jón Jónsson, með sex í heimili. Jón var einnig kenndur við Borgir á hreppamóti um haustið 1829 en ekki 1827 og má vera að Borgir hafi fyrst byggst um þetta leyti⁴³. Þar var búið nær óslitið til 1926. Árin 1845-46 hafði þó bóndinn í Eskifjarðarseli jörðina til ábúðar og 1909-1914 fluttist ábúandi Borga að Baulhúsum á Hólmanesi eftir að skriða hljóp á túnið. Jörðin var í ábúð fram til ársins 1926⁴⁴ en eftir það nytjuðu Eskfirðingar jörðina til slægna og beitar, a.m.k. þangað til önnur skriða

Náttúrufar og jarðabætur

Borgir eru ysta býli inn af Eskifirði að sunnanverðu og stóð bærinn á móti Eskifirði, undir norðurhlíðum Hólmatinds og Skriðugili þar sem skriðurnar áttu upptök sín. Neðra landið liggur með fjallinu inn af Öldu, rifinu við fjarðarbotn. Þar eru hallandi skriðujaðrar þurrir og mýrarskákir niður á Bringur, lága hjallabrún ofan við flatlent nes í eigu Eskifjarðar. Mjög skriðuhætt var á Borgum og eyðilögðust tún í skriðuföllum.⁴⁶

Landamerki

Fyrst er greint frá landamerkjum Borga í tengslum við deilu árið 1841. Vinnuhjúin Jón Magnússon og Ólöf Bessadóttir í Eskifirði hugðust ganga í hjónaband. Vegna efnaleysis þeirra bönnuðu hreppsstjórar Reyðarfjarðarhrepps ráðahaginn og var réttað í málinu. Mætti þá hr. grosserer Isfjord, kaupmaður í Eskifirði, og bauðst til að gefa Jóni löglegt byggingarbréf fyrir tvö hundraða af býlinu Borg og meðfylgjandi merkjum „í næstu Skriðu fyrir framan bæinn, og ofan í Bringurnar, og þaðan beint út í

⁴³ Eskja I. bindi, bls. 104.

⁴⁴ Eskja I. bindi, bls. 104.

⁴⁵ Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls. 132.

⁴⁶ Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls. 132



Séð frá Borgum til Eskifjarðar.

Krókinn, og svo það sem þessu stykki fylgir af fjallinu.”⁴⁷ Elín Katrín Þorvarðardóttir,

ekkja Jóns Sigfússonar ættfræðings, sem kallaði Borgir óðalsjörð sína, seldi þær svo Eiríki Björnssyni á Karlsskála með afsali árið 1867. Landamerki voru þá „að innanverðu í brunnhústótt og beint þaðan til fjalla

Séð frá Borgum út á Eskifjörð. Ljósmynd: Guðný Zoëga

upp og niður í norðanverðar Borgarbringur og þaðan beint úti Borgakrók, en að utanverðu í svokallaðan Miðstrandarstein.”⁴⁸ Landamerkin að utanverðu eru hin fornu mörk Eskifjarðar og Hólma.

Heimildaskrá

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson ritstjóri, 1971.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

Þjóðskjalasafn Íslands. Afsals- og veðmálabók Suður Múlasýslu, bls. 574-5. No. 4/1868.

Þjóðskjalasafn Íslands. Þingbók Suður Múlasýslu, bls. 349.

⁴⁷ Þjóðskjalasafn Íslands. Þingbók Suður Múlasýslu, bls. 349.

⁴⁸ Þjóðskjalasafn Íslands. Afsals- og veðmálabók Suður Múlasýslu, bls. 574-5. No. 4/1868

Borgir 155953 133 - 1**Hlutverk:** Bústaður/hlaða**Tegund:** Bæjarstæði**Lega:** N: 65, 4, 41 (-650781) V: 14, 3, 38 (-140606)**Ástand:** Gott**Hættumat:** Lítil hætta**Hættuorsök:** Vegna skriðufalla**Staðhættir**

Bæjarstæðið liggur um 270 m austur frá golfskálanum á Byggðarholti. Það er í túni uppi í hlíðinni um 90 m frá vegi inn Eskifjörð sunnan Eskifjarðarár.



Lýsing

Á bæjarstæðinu eru þrjár tóftir. Stærsta tóftin er tóft bæjarhúsanna. Undir húsinu hefur verið grjóthlaðinn og steypur grunnur og standa enn að hluta þrjár hliðar hans, norðurhliðin er fallin. Grunnurinn er um 6 x 9 m að utanmáli og um 1,6 m þar sem hleðsla stendur hæst. Aftan, sunnan, bæjarhússins er tóft af hlöðu sem var torf- og grjóthlaðin, hún er um 4 x 9 m að utanmáli en suðurhlið tóftarinnar er mjög ógreinileg. Dyr hafa verið við norðausturhorn. Framan (norðan) við vesturskammvegg bæjarhússins er lítil torf- og grjóthlaðin tóft um 4 x 3 m að utanmáli. Dyr hafa verið á norðausturhorni.

Heimildaskrá

Túnakort Borga

Eskja I. bindi, Einar Bragi Sigursson ritstjóri, 1971, bls. 106-107.

**Borgir 155953 133 - 2****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Lega:** N: 65, 4, 40 (-650783) V: 14, 3, 36 (-140600)**Skekkja:** 2**Hleðsluhæð:** 1,7 m**Ástand:** Gott**Hættumat:** Lítil hætta**Hættuorsök:** Vegna skriðufalla**Staðhættir**

Uppi í hlíðinni um 70 m upp frá vegi sem liggur inn dalinn sunnan Eskifjarðarár er tóft, um 250 m í suðaustur frá Byggðarholti

Lýsing

Mjög vel gróin tvískipt hústóft, 11 x 15 m að utanmáli með ógreinilegum veggjalögum. Grjót sést ekki í veggjum. Veggir er mjög hrundir og útflattir. Snýr nálega norður/suður. Dyr vísa til norðurs. Veggjaþykkt mest 2 m og veggjahæð 1,7 m.

Aðrar upplýsingar

Hætta vegna skriðufalla.

Borgir 155953 133 - 3

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 4, 48 (-650800) V: 14, 3, 36 (-140600)

Skekkja: 2

Hleðsluhæð: 1 m


Lengd: 8 m

Breidd: 5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Vegna skriðufalla

**Staðhættir**

Tóft er uppi í hlíðinni um 90 m frá vegi sem liggur inn dalinn sunnan Eskifjarðarár. Um 260 m austan við Byggðarholt og um 25 m suðaustan og ofan við tvískipta tóft númer 133-2, austan skurðar sem liggur austan bæjarstæðisins.

Lýsing

Tóft, hlaðin úr grjóti og torfi. Sér vel í steina en tóftin að öðru leyti vel gróin. Hleðslur standa vel en er þó hrunið úr þeim á stöku stað. Dyr eru fyrir miðri tóft og snúa til norðurs. Tóftin snýr norður/suður. Mesta þykkt veggja er 1 m og mesta hæð 1,4 m.

Borgir 155953 133 - 4

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 4, 41 (-650781) V: 14, 3, 44 (-140622)

Skekkja: 2

Hleðsluhæð: 1,2 m


Lengd: 17 m

Breidd: 7 m

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Vegna skriðufalla

**Staðhættir**

Fjánhústóft er um 275 m suðaustur af Byggðaholti og um 100 m suður og upp af vegi sem liggur inn dalinn sunnan Eskifjarðarár.

Lýsing

Aflöng tóft sem liggur suðvestur/norðaustur með grjót- og torfhleðslu. Hleðsla er vel greinileg og stendur vel. Grjót sést í hleðslu en tóft að öðru leyti vel gróin. Við suðurenda er hlaða og dyr á milli. Ofan í hlöðuna og utan um fjánhúsin hefur runnið skriða úr fjallinu. Garði er í miðju fjárhússins. Mesta hæð veggja

er 1,2 m og mesta þykkt veggja er 1 m.

Aðrar upplýsingar

Hætta vegna skriðufalla.

Borgir 155953 133 - 5

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 4, 42 (-650783)V: 14, 3, 39 (-140608)

Skekkja: 2

Lengd: 7 m

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Um 7 m vestan bæjarstæðisins, um 80 m upp frá vegi inn Eskifjarðardal sunnan Eskifjarðarár.

Lýsing

Einhverskonar ferhyrndur niðurgroftur, aflangur um 7 m að lengd og 1 m á breidd og í framhaldi af honum um 10 m langt hlaðið garðbrot.

Borgir 155953 133 - 6

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 4, 42 (-650783) V: 14, 3, 46 (-140628)

Skekkja: 2

Hleðsluhæð: 1,2 m


Lengd: 12 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna skriðufalla

**Staðhættir**

Fjárhústóft er 250 m suðaustur af Byggðaholti og um 100 m upp frá vegi sem liggur inn Eskifjarðardal, sunnan Eskifjarðarár, um 30 m norðan við malarnámu í Hólmatindi.

Lýsing

Tóft með þremur hliðum hlöðnum úr grjóti og torfi. Tóftin er vel gróin en hleðsla í veggjum samt sem áður vel greinileg. Mesta hæð veggja er 1,2 m en mesta þykkt veggja 1 m. Utanmál tóftar er 12 x 4 m.

Aðrar upplýsingar

Hætta vegna skriðufalla

Borgir 155953 133 - 7

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Lega: N: 64, 4, 43 (-640786) V: 14, 3, 38 (-140606)

Skekkja: 2

Hleðsluhæð: 0,3 m

Lengd: 5 m
Breidd: 2,5 m
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

Staðhættir


Smátóft er um 20 m innan (vestan) við gömlu bæjarhúsatættunna á Borgum, um 80 m ofan vegar sem liggur inn Eskifjarðardal sunnan Eskifjarðarár.

Lýsing

Um 20 m innan við gömlu bæjarhúsatættunna á Borgum er lítil tóft úr torfi og grjóti, 5 x 2,5 m að innanmáli. Veggir eru lágir og mjög grónir en grjót er enn sýnilegt í hleðslu. Snýr norður/suður og er hlaðin á þrjá vegu, opin í norður. Mesta hæð veggja er 0,3 m og mesta þykkt er 0,5 m. Lækur er að myndast austan við tóftina.

Borgir 155953 133 - 8

Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Lega: N: 65, 4, 40 V: 14, 3, 34
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Vegna skriðufalla



Staðhættir

Tóft liggur um 40 m suðaustur af bæjarhólnum um 80 m upp frá vegi inn Eskifjörð, um 10 m austan við skurð sem liggur austan bæjarstæðisins.

Lýsing

Mjög gróin ferhyrnt tóft um 5 x 2 m að innanmáli. Útflött og veggjalag ógreinilegt, mesta veggjaþykkt 1,5 m og dyr hafa verið til norðvesturs.

Borgir 155953 133 - 9

Hlutverk: Hleðsla
Tegund: Garðlag
Lega: N: 65, 4, 24 (-650733) V: 14, 2, 58 (-140494)
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Vegna skriðufalla

Staðhættir

Garðlag liggur upp hlíð Hólmatinds um 300 m suðsuðvestur af brúnni yfir Eskifjarðará.

Lýsing

Grjóthlaðinn garður sem hlaðinn hefur verið upp við skriður úr fjallinu og liggur norður/suður upp fjallshlíðina. Garðurinn er um 200 metrar að lengd og stendur nokkuð vel á köflum. Hleðslan er úr stórgrýti úr hlíðinni og stendur hæst um 1,5 m. Garðurinn beygir til vesturs neðst.

Reyðarfjörður - kauptún

Ágrip af sögu

Fram til ársins 1907 náði Reyðarfjarðarhreppur yfir nær alla byggð við Reyðarfjörð frá Gerpi að norðan og út fyrir býlið Eyri að sunnan. Árið 1906 var hreppnum skipt upp í þrjá hreppa, Helgustaðahrepp, Eskifjarðahrepp og Reyðarfjarðahrepp. Reyðarfjarðarhreppur náði þá frá býlinu Eskafirði í norðri að Eyri í suðri.⁴⁹ Árið 1968 var mörkunum breytt þannig að hreppamörk að sunnan urðu um Hólmaháls miðjan.⁵⁰ Frá 1998 er hreppurinn hluti af Fjarðabyggð, sameinuðu sveitarfélagi Reyðarfjarðarhrepps, Eskifjarðarkaupstaðar og Neskaupstaðar.

Eins og nafnið bendir til mun verslun hafa verið stunduð á Búðareyri fyrr á tímum. Í Ferðabók Olavíusar frá 1755-1777, segir: “ Búðareyri nefnist staður nokkur hjá bænum Kollaleiru við botn Reyðarfjarðar. Þar stóðu verzlunarhús írsku kaupmannanna forðum. Sennilega hafa þau verið mörg, þótt nú sjáist þar aðeins tóttir af tveimur þeirra, því að árspræna, sem fellur þar niður, hefur mjög brotið landið og raskað því. Af þeim orsökum hafa húsin, sennilega miklu seinna, verið flutt herra upp, svo sem sjá má af 13 tóttum, sem enn finnast þar fyrir ofan allháan bakka.”⁵¹ Í sóknarlýsingu frá 1843 segir (bls. 371) að á Búðareyri sjái enn stað margra tófta og þar segi sögur að kaupmenn frá Hamborg hafi haft sölubúðir sínar.⁵² Verslun þessi mun hafa lagst af á einokunartímanum frá 1602 er verslun fluttist til Stóru-Breiðuvíkur.⁵³ Fram yfir 1900 munu hafa sést einhver merki búðatófta á eyrinni en nú sjást engin ummerki þessara minja.⁵⁴

Líkt og önnur sjávarpláss á Austfjörðum varð fyrsti vísir að þéttbýli í Búðakaup­tún á seinustu áratugum 19. aldar. Reyðarfjarðarkauptún byggðist að mestu upp í landi jarðanna Bakkagerðis og Kollaleiru en ystu hús kaup­túnsins standa í landi Teigargerðis. Sá hluti kaup­túnsins sem liggur utan Búðarár er í landi Bakkagerðis en innan ár í landi Kollaleiru.

Verslun hófst að nýju á Búðareyri um 1886 Otto Wathne og Carl Tulinius hófu verslun á Bakkagerðiseyrinni.⁵⁵ Verslunarstaðurinn á Bakkagerðiseyri var löggiltur 1890. Upp úr aldamótum tók Rolf Johansens við verslun á staðnum og hafði hana með höndum fram að síðari heimstyrjöldinni.⁵⁶

Dálítið þéttbýli myndaðist einnig á suðurströnd Reyðarfjarðar, Sléttuströnd, vegna útgerðar Norðmanna þar á ofanverðri 19. öldinni en þá settist þar að Peter Randulff frá Noregi ásamt átta fiskimönnum. Árið 1883 varð Hrúteyri löggild verslunarhöfn og fljótt myndaðist þar vísir að þéttbýli. Á eyrinni bjuggu milli 40-50 manns þegar flest var.⁵⁷ Þessari útgerð var lokið snemma í byrjun 20. aldar, húsin tekin niður og flutt.

⁴⁹ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi. bls. 136.

⁵⁰ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 120.

⁵¹ Múlasýslur, sýslu- og sóknarlýsingar, 126.

⁵² Múlasýslur, sýslu og sóknarlýsingar, bls. 371.

⁵³ Saga Reyðarfjarðar, bls. 54.

⁵⁴ Daniel Bruun, bls.

⁵⁵ Saga Reyðarfjarðar, bls. 76.

⁵⁶ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi. bls. 139.

⁵⁷ Saga Reyðarfjarðar, bls. 67.

Nokkrar minjar eru um útgerð þessa bæði á Hrúteyri sem og annarsstaðar á Sléttuströndinni.

Á stríðsárunum var herstöð í Reyðarfirði og nokkrar minjar eru um veru herliðs á Búðareyri sem og nágrenni. Sögu stríðsáranna eru gerð skil á Íslenska Stríðsárasafninu á Reyðarfirði. Stríðsminjar í kaupstúninu voru skráðar eftir föngum.

Minjar í kaupstúninu

Líkt og algengt er um þéttbýli eru fáar minjar að finna frá fyrri tíð í landi kaupstúnsins. Helst er þar um að ræða minjar frá búskap á Bakkagerði auk útihúsaminja tengdum búskap í kaupstúninu frá fyrri hluta 20. aldar. Þessar minjar teljast ekki fornleifar í skilningi laganna en eru áhugaverðar sem hluti af sögu kaupstúnsins.

Minjar frá hernámsárunum eru líka mikilvægur hluti af sögu kaupstúnsins. Helst er þar um að ræða húsgrunna og leifar skotbyrgja.

Heimildir:

Guðmundur Magnússon, Saga Reyðarfjarðar 1883-2003, Fjarðabyggð 2003.

Ólafur Olavius, Ferðabók. Landshagir í norðvestur, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777. Reykjavík 1965.

Múlasýslur, sýslu- og sóknarlýsingar. Finnur M. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfu. Reykjavík, 2000.

Teigagerði - 158210-138

Saga

Teigagerði stendur um 400 m upp frá sjó skammt utan við kaupúnið á Búðareyri. Jörðin er fyrst nefnt í Manntali árið 1801, ábúandi einn og heimilismenn sex en í næstu manntölum 8 til 12. Samkvæmt Jarðatali Johnsens var jörðin í bændaeign 1847 en leigð í tvíbýli. Jarðardýrleiki taldist 10 hundruð, þar af eitt goldið í landskuld. Kúgildi voru þrjú. Einungis þrjú hús í kaupúninu eru í landi Teigagerði.

Náttúrufar og jarðabætur

Jörðin var ágætlega fallin til búskapar á fyrri tíð en nokkuð hrjóstrug. Undirlendi er lítið og engjar voru grýttar og torsóttar. Beðasléttur voru gerðar um aldamótin 1900 og nokkur þakslétta einnig.

Landamerki

Ekki er til sérstök landamerkjaskrá fyrir Teigagerði en í Örnefnaskrá segir: „Landamerki milli Teigagerðis og Bakkagerðis eru Djúpagilslækur í Ærhjallaenda að ofan í Teigagerðisfjalli.“ En Hellulækur "skilur milli Sómastaða og Teigagerðis upp úr, upp í Ljósárdal.“

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 155.

Manntal á Íslandi árið 1801. Norður- og austuramt. Rvk. 1980.

J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr Búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kmh. 1847.

Teigagerði 158210 138 - 1

Sérheiti: Frambær/Útbær

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarstæði 340

Horfin: Að hluta

Heimildamaður: Bóas Hallgrímsson (3007242999), Sigurbjörg Einarsdóttir (2002293129)

Staðsetning: N: 65, 2, 35

(-650431) V: 14, 11, 3

(-141842)

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Á túnakorti er bæjarhúsið staðsett austarlega í túni, með stefnu norðvestur-suðaustur og andyri í suðvestur. Í Sveitum og jörðum eru þessar upplýsingar teknar upp úr Búskaparannál: „Hús á útbæ: Íbúðarhús hlaðið úr hellugrjóti, sem tínt var saman uppi undir fjalli á sumrin og flutt heim á



Teigagerðisbær. Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir

veturna, tók 3 vetur. Húsið er á tveim hæðum og var seinna múrhuðað utan.“

Lýsing:

Tveir bæir voru í Teigagerði, Fram- og Útbær en ekki er búið í þeim í dag. Hús stendur þar sem Útbær var. Frambær stóð Norð-vestan við hvítu hlöðuna (sjá mynd). Það brann og var rífið.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Teigagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 154.

Teigagerði 158210 138 - 2

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Skv. túnakorti er útihús norðan bæjar, norðaustarlega í túni II.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Teigagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.

Teigagerði 158210 138 - 3

Hlutverk: Traðir

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Skv. túnakorti liggja traðir um túnið vestur frá bænum.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Teigagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.

Teigagerði 158210 138 - 4

Sérheiti: Maríutótt

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskráningu Stefáns segir: „Í túni: Maríutott er í túni; þar bjó María.“

Ekki er sagt hvar tóftin er.

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Teigagerðis.

Teigagerði 158210 138 - 5

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Garður

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Á túnakorti má sjá garð sunnarlega í túni.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Teigagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.

Teigagerði 158210 138 - 6

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Á túnakorti má sjá garð norðarlega í vesturjaðri túnsins og er hann reistur utan í túngarðinn.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Teigagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.

Teigagerði 158210 138 - 7

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Skv. túnakorti skiptist tún Teigagerðis í tvennt og er I sunnan bæjartraða en II norðan þeirra. Túngarður virðist liggja í kring.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Teigagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.

Teigagerði 158210 138 - 8

Sérheiti: Hesthústótt

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnalýsingu segir aðeins: „Hesthústótt heitir fyrir framan tún.“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Teigagerðis.

Teigagerði 158210 138 - 9

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnalýsingu Stefáns segir: „Lent var við Teigagerðisklöpp.“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Teigagerðis.

Teigagerði 158210 138 - 10

Hlutverk: Fiskhjallur

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá segir: „Fiskihraun er innarlega fyrir neðan veg. Ýsuhvammstangi er upp af Silungaklöpp; þar var hjallur.“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Teigagerðis.

Teigagerði 158210 138 - 11

Sérheiti: Dagmálahraun

Hlutverk: Eyktarmark

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Næst hjallinum á Silungaklöpp er skv. Örnefnalýsingum: „Hagi fyrir ofan og neðan veg; á honum er Dagmálahraun.“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Teigagerðis.

Teigagerði 158210 138 - 12

Sérheiti: Hesthúsmelur

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnalýsingum Teigagerðis segir: „Fyrir utan haga heita Teiga einu nafni, melar. Að innan er aftur Miðgilslág, nú í tún, þá er Hesthúsmelur framan við Hesthúsgil.“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Teigagerðis.

Teigagerði 158210 138 - 13

Sérheiti: Kvíahraun

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá segir: „Rétt fyrir ofan bæ er Hall, þá Kvíahraun, Hallmelur [...]“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Teigagerðis.

Teigagerði 158210 138 - 14

Sérheiti: Stekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Skv. Örnefnalýsingum Stefáns Einarssonar er „Stekkur utan og neðan við melinn, Stekkjarhvammur, Stekkjarhraun, Háahraun og Hagagil, kemur ofan utan við Haga.“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Teigagerðis.

Teigagerði 158210 138 - 15

Sérheiti: Götuhraun

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnalýsingum segir: „Aftur að innan er Hábrún efri og neðri, út af þeim Axlir efri og neðri og Götuhraun, ærgötur; þar sat E. yfir. [Einar Halldórsson heimildarmaður].“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Teigagerðis.

Teigagerði 158210 138 - 16

Sérheiti: Selhjalli

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnalýsingum segir: „Út af Votahalli er Gróf og svo Græfur; þá er komið út í merki. Að innan aftur Selmýri og Höskuldarmýri fyrir neðan Hesthúslæk.“

Fyrir ofan Selmýri er Selhjalli.

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Teigagerðis.

Teigagerði 158210 138 - 17

Sérheiti: Tjaldbotn

Hlutverk: Áfangastaður

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá segir: „Að innan Selhjalli fyrir ofan Selmýri, þá í Efra-Fjalli er Heysniðsbotn, þar í brún er Tjaldbotn utar. Yzt í Efra-Fjalli er Fjárznið, þar næst Háunöf [...]“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Teigagerðis.

Teigagerði 158210 138 - 18

Sérheiti: Götuhraunsflói

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Skv. Örnefnaskrá er Götuhraunsflói fyrir neðan Hesthúslæk, „fjárgötur, þá Votaklettur; út af honum er Votahallsmýri.“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Teigagerðis.

Teigagerði 158210 138 - 19

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum eru þessar upplýsingar teknar upp úr Búskaparannál: „Beitarhús á Ljósárbölum tók af í skriðuhlaupi og Ljósá breytti um farveg, líklega fyrir aldamót.“

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlapingi III. 1976. Bls. 154.

Teigagerði 158210 138 - 23

Hlutverk: Kálgarður

Staðsetning: N: 65, 1, 8,0000

V: 14, 10, 42,0000

Tegund: Garðlag 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Kálgarður þessi er á austurbakka svokallaðs Djúpagils, innst í landi Teigagerðis.



Matjurtagarður 138-23.

Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir

Bakkagerði - 182063-139

Saga

Bakkagerði í Reyðafirði er fyrst nefnt í manntali árið 1703, ábúandi þá einn og heimilismenn sex. Samkvæmt Jarðatali Johnsens 1847 var Bakkagerði hjáleiga en eigandinn bjó á henni sjálfur. Hvorki er gefinn upp dýrleiki né landskuld og kúgildi ekki tiltekin.

Náttúrufar og jarðabætur

Í Landamerkjalyýsingu Bakkagerðis frá árinu 1884 segir: „Að innanverðu milli Kollaleiru og Bakkagerðis aðskilur Búðará frá fjöru til fjalls á Svínadalssvörp en þar sem áin kemur fram til sjáfar kvíslar hún sig og hefur hlutaðeigendum komið saman um að Laugarif, sem er mitt á milli kvíslanna, væri landamerki við sjóinn. Að utanverðu frá sjó úr djúpagilslækjarós til fjalls í ytri ærhjallaenda.“

Heimildaskrá

Manntal á Íslandi árið 1703 tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Rvk. 1924-1947. (MT)

J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr Búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kmh. 1847.

Landamerkjalyýsing Bakkagerðis í Reyðarfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu. Undirr. 16. maí 1884, þingl. 18. maí 1885.

Fornleifaskráning fyrir Bakkagerði

Bakkagerði - 182063-139 - 1

Sérheiti: Bakkagerði

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Hús 465

Heimildamaður: Bóas Hallgrímsson (3007242999)

Staðhættir

Á Túnakorti má sjá bæjarhúsið í Bakkagerði austarlega í túni III. Í Búskaparannál segir: „Eldri hús: Torfbær með timburhlið suður á hlað til '15.

Byggður af G. Nikulássyni fyrir aldamót. Stafnar Austur-Vestur. Baðstofa 16 álnir. Uppi baðstofa með 6 rúmunum og herb. í enda. Járnpak. Þakjárn f. 1900, steypa fyrst '15.“

Húsið var byggt uppúr 1879 (samkv.Bóasi). Bóas seldi Bakkagerði 1985.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 155.

Bakkagerði - 182063-139- 2

Hlutverk: Garður



Bakkagerðisbær. 139-1 Ljósmyndari: Ragnheiður Traustadóttir

Tegund: Heimild 465

Horfin: já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti er garður rétt norðan við bæinn. Í Búskaparannál var sáðgarður í Bakkagerði.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Bakkagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 155.

Bakkagerði -182063-139- 3

Hlutverk: Garður

Tegund: Heimild 465

Horfin: já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti er garður rétt sunnan við bæinn.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Bakkagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.

Bakkagerði - 182063-139- 4

Sérheiti: Kerruvegur

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild 465

Horfin: já

Staðhættir

Í Búskaparannál 1913 segir : „Kerruvegur heim að bæ ‘15.“ Á Túnakorti sést heimreiðin liggja norðaustur um túnið að bæjarhlaði.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Bakkagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 155.

Bakkagerði - 182063-139- 5

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild 465

Horfin: já

Staðhættir

Á Túnakorti er útihús við suðurjaðar túns III. Stefna: Austur-Vestur.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Bakkagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.

Bakkagerði - 182063-139- 6

Hlutverk: Garður

Tegund: Heimild 465

Horfin: já

Staðhættir

Túnakortið virðist sýna garð rétt austan við útihús (139-5). Stefna: Austur-Vestur.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Bakkagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.

Bakkagerði - 182063-139- 7

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild 465

Horfin: já

Staðhættir

Á Túnakorti sést aflangt útihús í túni II nokkru vestan bæjarhúss (139-1). Stefna er Austur-Vestur.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Bakkagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.

Bakkagerði - 182063-139- 8

Hlutverk: Garður

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Horfin: já

Staðhættir

Á Túnakorti sést aflangur garður vestarlega milli túna I og II. Stefna: Norðvestur - Suðaustur.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Bakkagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.

Bakkagerði -182063-139- 9

Hlutverk: Garður

Tegund: Heimild 465

Horfin: já

Staðhættir

Á Túnakorti er garður norðan í túni I. Stefna: Norðaustur - Sðvestur.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Bakkagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.

Bakkagerði - 182063-139- 10

Hlutverk: Garður

Tegund: Heimild 465

Horfin: já

Staðhættir

Á Túnakorti er garður suðvestan í túni I. Stefna: Austur - Vestur.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Bakkagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.

Bakkagerði - 182063-139- 11

Hlutverk: Garður

Tegund: Heimild 465

Horfin: já

Staðhættir

Á Túnakorti er garður í suðvesturhorni túns II. Stefna: Norðvestur - Suðaustur.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Bakkagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.

Bakkagerði - 182063-139- 12

Sérheiti: Pétursborg

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Hús 465

Heimildamaður: Sigurbjörg
Einarsdóttir (2002293129)

Staðhættir

Túnakortið sýnir hús sunnarlega í túni. Vera kann að þarna hafi verið annað tveggja grasbýla Bakkagerðis sem nefnd eru í Sveitum og jörðum: „Pétursborg, skírt eftir Pétri Magnússyni „bassa“, er þar bjó. Ólafur Nikulásson frá Teigagerði byggði.“ Nákvæm staðsetning býlisins er þó ekki kunn.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlapingi III. 1976. Bls. 156.

M.S.: Túnakort Bakkagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.



Pétursborg?. 139-12 Ljósmyndari: Ragnheiður Traustadóttir

Bakkagerði - 182063-139- 13

Hlutverk: Garður

Tegund: Heimild 465

Horfin: já

Staðhættir

Á Túnakorti er garður rétt sunnan við húsið (139-12) í túni IV.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Bakkagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.

Bakkagerði - 182063-139- 14

Hlutverk: Garður

Tegund: Heimild 465

Horfin: já

Staðhættir

Af Túnakorti að dæma hefur verið samfelldur garður kringum Bakkagerðistún I - IV.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Bakkagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.

Bakkagerði - 182063-139- 15**Sérheiti:** Uppsaliir**Hlutverk:** Bústaður, Fjárhús**Tegund:** Tóft 465**Staðsetning:** N: 65, 2, 36,0000 (-65,04333333)

V: 14, 12, 20,0000 (-

14,20555556)

Hleðsluhæð: 3 m

Lengd: 17 m**Breidd:** 7 m**Staðhættir**

Sérstakt kort sýnir tún Sigurðar Nikulássonar og má þar sjá hús, líklega íbúðarhús norðaustur undir túngarði með stefnu Norðvestur - Suðaustur. Í Sveitum og jörðum segir: „Grasbýli hafa verið tvö: Uppsaliir, byggt af Sigurði Nikulássyni frá Teigagerði [...]“



Uppsaliir 139-15. Ljósmynd Ragnheiður Traustadóttir

Lýsing

Engin merki eru um býlið Uppsali en þarna er nú grjót- og torfhlaðin fjárhústóft. Í henni stendur kofi sem notaður er sem reykkofti.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Bakkagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.

Sveitir og jarðir í Múlapingi III. 1976. Bls. 155.

Bakkagerði - 182063-139- 16**Hlutverk:** Garður**Tegund:** Garðlag 465**Staðsetning:** N: 65, 2, 36,0000 (-

65,04333333)V: 14, 12, 29,0000 (-

14,20805556)

Lengd: 9 m**Breidd:** 10 m**Ástand:** Ómetið**Staðhættir**

Á Túnakorti er garður sýndur rétt vestan við hús á Uppsölum (139-15). Þarna eru nú leifar af garði og ferkantaðri myndun sem líklega er matjurtagarður.




Garðlag. 139-16 Ljósmyndari: Ragnheiður Traustadóttir

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Bakkagerðis, Reyðarfjarðarhreppi.

Bakkagerði - 182063-139- 17**Sérheiti:** Fjósmelur

Hlutverk: Fjós**Tegund:** Tóft 465**Staðsetning:** N: 65, 2, 3,0000 (-65,03416667) V: 14, 11, 60,0000 (-14,20000000)**Lengd:** 6 m**Breidd:** 4 m**Ástand:** Sæmilegt**Horfin:** að hluta**Staðhættir**

Í Örnefnaskrá segir: „Fjósmelur heitir fyrir ofan bæ; fyrir ofan hann er Litlabrún og Stórabrún. Þá er Breiðimelur, fyrir ofan hann Kúaklettur og Bolabrekkur; fyrir utan þær er Bæjarhjalli.“ Nokkrum metrum austan við svokallað sumarfjós (139-37) eru þrjár tóftir, um 110 m norðaustan og ofan hússins

Bakkagerðis.

Lýsing

Þrjár grasivaxnar tóftir grjót- og torfhlaðnar, veggir nokkuð greinilegir. Stærsta tóftin er um 6 x 4 m að innanmáli og hafa dyr verið til suðurs. Tvær minni tóftir eru fyrir framan (sunnan stærri tóftina). Þau eru u.þ.b 2x1.5m og hafa dyr verið á suðaustur horni.

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Bakkagerðis.



Tóftir 139-17 Ljósmyndari: Ragnheiður Traustadóttir

Bakkagerði - 182063-139- 18**Sérheiti:** Fiskihraun**Hlutverk:** Fiskiðnaður**Tegund:** Heimild 465**Ástand:** Gott**Staðhættir**

Í Örnefnaskrá segir: „Á Stórubrún eru þrír klettar, Fiskihraun innst, þá Skúlaklettur og Sjónarhraun. Á Fiskihrauni var saltfiskur þurrkaður.“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Bakkagerðis.



Fiskihraun. 139-18 Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir

Bakkagerði - 182063-139- 19**Sérheiti:** Í Dýjadal**Hlutverk:** Beitarhús**Tegund:** Heimild 465**Ástand:** Ómetið**Staðhættir**

Í Örnefnaskrá eru nefnd Búðarargil og Búðararfoss en „fyrir utan það og ofan Brún er Dýjadalsmelur. Fyrir utan hann standa beitarhús, kölluð Í Dýjadal.“ Í Sveitum og jörðum segir: „Beitarhús eru í svonefndum Dýjadal, notuð enn í dag [...]“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Bakkagerðis.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 155.

Bakkagerði - 182063-139- 20**Sérheiti:** Selhjalli**Hlutverk:** Heygarður, Sel**Tegund:** Heimild 465**Ástand:** Ómetið**Heimildamaður:** Sigurbjörg Einarsdóttir (2002293129)**Staðhættir**

Í Örnefnaskrá segir: „Svæðið fyrir utan Dýjadal út að landamerkjum heitir Selmýri. Þar heitir og Sel og mun þó hafa verið heystæði aðeins, nema eldra sé. Þá er komið

undir fjall, og taka við hjallarnir. Neðsti hjallinn heitir Selhjalli.“ Í Sveitum og jörðum segir: „Beitarhús eru í svonefndum Dýjadal, [...] uppi undir fjallinu utan við dalinn Selmýri, Selhjalli og tættur, væntanlega af seli.“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Bakkagerðis.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 155.

Munnmæli

Sigurbjörg segir: Selhjalli er neðstur. Efstur er Ærhjalli og svo Geldingahjalli.

Bakkagerði - 182063-139- 21

Sérheiti: Heysniðshlíð

Hlutverk: Heygarður

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá er nefndur Selhjalli. „Fyrir ofan hann er Rák. Þá tekur við Heysniðshlíð [...]“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Bakkagerðis.

Bakkagerði - 182063-139- 22

Sérheiti: Ærhjalli

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Sigurbjörg Einarsdóttir (2002293129)

Staðhættir

Í Örnefnaskrá er nefnd Heysniðshlíð og síðan „Ærhjallahlíð og Ærhjalli. Þar fyrir ofan er Víðihjalli (þar hefur verið víðir); efst er Sandrákarhjalli. [...] Landamerki að utan eru við Djúpagilslækjarós. Landamerki eru talin úr þessum ós í Ærhjallaenda ytri í Teigargerðisfjalli.”

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Bakkagerðis.

Munnmæli

Samkvæmt Sigurbjörgu var Ærhjalli efstur efstur af Geldinga-, Ær- og Selhjalla.

Bakkagerði - 182063-139- 23

Sérheiti: Geldingahjalli

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild 465

Heimildamaður: Sigurbjörg Einarsdóttir (2002293129)

Staðhættir

Skv. Örnefnaskrá nær Sandrákarhjalli „inn að skriðu, en fyrir innan hana heitir hann Geldingahjalli.“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Bakkagerðis.

Munnmæli

Geldingahjalli var á milli Selhjalla og Ærhjalla samkvæmt Sigurbjörgu.

Bakkagerði - 24

Sérheiti: Álfhólar

Hlutverk: Huldufólk

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Örnefnaskrá segir: „Þá er að fara inn í Svínadal inn með Búðará. Þar eru fyrst Dalkinnar fyrir innan Kinnalæk. Upp af þeim er Sláttuhjalli, inn af honum ofar Háiklettur. Þá er Langibotn út og upp frá Grásteini. Þar heitir Grásteinsleiti; Grásteinn stendur innan við það, stór stakur steinn. Fyrir innan Grástein eru Flóar inn með á, engjar. Fyrir innan þá eru Álfhólar (engin sögn). Upp af Flóum eru Kistubrýr; á þeim er Kista.“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Bakkagerðis.

Bakkagerði - 182063-139- 25

Sérheiti: Stekkjargil

Hlutverk: Stekkur?

Tegund: Heimild 465

Heimildamaður: Sigurbjörg Einarisdóttir (2002293129)

Staðhættir

Búðará rennur í sjó milli Bakkagerðis og Kolluleiru en skv. Örnefnaskrá heitir Langarif rétt utan við hana, „Oddnýjarheiðarvík er næst“ og upp af henni heiðin sem hún er kennd við. „Utan við Oddnýjarheiði er Stekkjargil, nú í túni.“ Í Sveitum og jörðum segir: „Bakkagerðiseyri er niður af Stekkjargili „þar er nokkur hluti kaupsins upp af hafskipabryggju og vörugymsluhúsum.“

Lýsing

Sigurbjörg segir engan stekk hafa verið á þessum slóðum.

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Bakkagerðis.

Sveitir og jarðir í Múlapingi III. 1976. Bls. 155.

Bakkagerði - 182063-139- 26

Sérheiti: Oddnýjarheiði

Hlutverk: Sögustaður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Örnefnaskrá er nefnd Oddnýjarheiðarvík og síðan „Bakkagerðiseyri þar, sem nú er hafskipabryggja. Fjara er nafnlaus þar út af, þangað til kemur út undir Selsteina í sjónum og Selsteinhæð á landi. [...] Upp af samnefndri vík er Oddnýjarheiði, mikill melur. Á melnum átti að verða úti kvenmaður með þessu nafni milli bæjanna.“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Bakkagerðis.

Bakkagerði - 182063-139- 27**Hlutverk:** Höfn**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir**

Í Örnefnaskrá segir: „Utan við Oddnýjarheiði er Stekkjargil, nú í túni. Fjaran fyrir neðan var notuð fyrir höfn.“ Í Sveitum og jörðum segir: „Utan við Oddnýjarheiði er svonefnt Stekkjargil og niður af því Bakkagerðiseyri, þar er nokkur hluti kaupsinsins upp af hafskipabryggju og vörugeymsluhúsum [...]“

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 155.

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Bakkagerðis.

Bakkagerði - 182063-139- 28**Hlutverk:** Sjúkrahúsbygging**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir**

Í Sveitum og jörðum segir: „Vestan við Oddnýjarheiði og upp með Búðará stendur nú meginhluti kaupsinsins og nýjasti hlutinn, þar sem áður voru tón þorpsbúa, og ofar eru enn uppistandandi að nokkru sjúkraskálar hersins frá hernámsárunum.“

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 155.

*Herbraggar 139-28 Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir***Bakkagerði - 182063-139- 29****Sérheiti:** Hús Carls D. Tuliniusar**Hlutverk:** Bústaður**Tegund:** Hús 465**Ástand:** Gott**Heimildamaður:** Bóas Hallgrímsson (3007242999)**Staðhættir**

Í Sveitum og jörðum segir: „Utan við Oddnýjarheiði er svonefnt Stekkjargil og niður af því Bakkagerðiseyri, þar er nokkur hluti kaupsinsins upp af hafskipabryggju og vörugeymsluhúsum, m.a. hús þau, sem fyrst voru byggð, hús Carls D. Tuliniusar og Ottós Wathnes frá 1886.“

Lýsing

Húsið stendur enn neðan Austurvegar, efst á Bakkagerðiseyri. Húsið er orðið nokkuð illa farið.

Heimildaskrá*Hús Carls D. Tuliniusar 139-29 Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir*

Sveitir og jarðir í Múlapingi III. 1976. Bls. 155.

Bakkagerði - 182063-139- 30

Sérheiti: Hús Ottó Wathne/Jóhanneshúsið

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Hús 465

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Bóas Hallgrímsson (3007242999)

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum segir: „Utan við Oddnýjarheiði er svonefnt Stekkjargil og niður af því Bakkagerðiseyri, þar er nokkur hluti kaupsins upp af hafskipabryggju og vörugemysluhúsum, m.a. hús þau, sem fyrst voru byggð, hús Carls D. Tuliniusar og Ottós Wathnes frá 1886.” Síðar nefnt Jóhanneshúsið.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlapingi III. 1976. Bls. 155.

Bakkagerði - 182063-139- 31

Hlutverk: Rétt

Tegund: Rétt 465

Staðsetning: N: 65, 2, 9,0000 (-65,03583333) V: 14, 12, 10,0000 (-14,20277778)

Hleðsluhæð: 0,20 -1 m

Lengd: 13 m

Breidd: 10 m

Ástand: Gott


Horfin: Nei

Staðhættir

Austan og ofan svokallaðs Stekkjargils er melur og austan hans er annað gil, sem liggur upp túnið ofan Bakkagerðisbæjar. Efst upp af gili þessu er gjróthlaðin rétt framan undir brekkubrún.

Lýsing

Réttin er hlaðin grjóti og að hluta til grafin inn í brekkuna. Hleðslan er um 50 sm á þykkt. Dyr eru á suðurhlíð. Austan megin við réttina er lítil tóft (139-32).



Rétt 139-31 Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir

Bakkagerði - 182063-139- 32

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 65, 2, 9,0000 (-65,03583333) V: 14, 12, 10,0000 (-14,20277778)

Lengd: 2 m

Breidd: 1 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Að hluta

Staðhættir

Um fimm metrum austan við réttina (nr.31) er smátóft sem snýr austur-vestur. Hún er grafin inn í hlíðina. Veggjalög ógreinileg.

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Bakkagerðis.

Bakkagerði - 182063-139- 33

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 65, 2, 10,0000 (-65,03611111) V: 14, 12, 18,0000 (-14,20500000)

Skekkja: 1m

Lengd: 4 m

Breidd: 2 m

Ástand: Sæmilegt

Heimildamaður: Bóas Hallgrímsson (3007242999)

Staðhættir

Melur eru ofan og austan við svokallað Stekkjargil. Austan þess er lækjargil upp túnið ofan Bakkagerðisbæjar. Vestan við efsta hluta þessa gils eru leifar af tóftum sem að hluta til hafa verið fjarlægðar.

Lýsing

Grjót og torfhlaðin tóft. Lögun tóftar er ógreinileg en virðist þó vera nýleg með inngang í suður. Snýr SA-NV. Veggir norðan megin um 2 m að þykkt og sunnan megin um 1m.

Bakkagerði - 182063-139 - 34

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 65, 2, 9,0000 (-65,03583333) V: 14, 12, 16,0000 (-14,20444444)

Lengd: 25 m

Breidd: 10 m

Ástand: Slæmt

Heimildamaður: Bóas Hallgrímsson (3007242999)

Staðhættir

Ólöguleg rústamyndun og hrúgur eru rétt neðan við tóft 139-33.

Lýsing

Samkvæmt Bóasi var sturtað niður rusli þarna. Þarna eru ógreinilegar leifar fjárhúss sem rutt var um og myndar grjóthrúgur neðan rústarinnar..

Bakkagerði - 182063-139 - 35

Hlutverk: Vörður, Skotbyrgi

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 65, 2, 7,0000 (-65,03527778) V: 14, 12, 20,0000 (-14,20555556)

Ástand: Sæmilegt

Horfin: að mestu



Skotbyrgi. 139-35

Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir

Heimildamaður: Bóas Hallgrímsson (3007242999)

Staðhættir

Melur eru ofan og austan við svokallað Stekkjargil. Austan þess er lækjargil upp túnið ofan Bakkagerðisbæjar. Austanvert á melnum eru tvö grjóthrúgöld.

Lýsing

Þarna eru tveir hólar, samkvæmt staðkunnuðum voru þetta skotbyrgi. Snýr Norðvestur - Suðaustur.

Hóll 1: 3 x 1,5m og hæð frá 20 cm - 2m.

Hóll 2: 5 x 3m og hæð 50 cm. Hlaðin grjóti.

Bakkagerði - 182063-139- 36

Hlutverk: Kartöflugarður

Tegund: Garðlag 465

Staðsetning: N: 65, 2, 5,0000 (-35,03472222) V: 14, 12, 15,0000 (-14,20416667)

Lengd: 33 m

Breidd: 11 m

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir

Melur eru ofan og austan við svokallað Stekkjargil. Austan þess er lækjargil upp túnið ofan Bakkagerðisbæjar. Efst á melnum eru leifar matjurtagarðs.



Kartöflugarður 139-36 Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir

Bakkagerði - 182063-139- 37

Sérheiti: Sumarfjós

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 65, 2, 3,0000 (-65,03416667) V: 14, 12, 2,0000 (-14,20055556)

Lengd: 9



Sumarfjós 139-37. Ljósmynd: Anna Rut Guðmundsdóttir

Breidd: 5 m

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Um 100m upp frá Bakkagerði, til Norð-Austurs.

Lýsing

Fjósið hefur verið að hluta til grafið inn í brekku. Kjallari ca. 7 m að lengd en annað hólf, ca. 2 m að lengd er áfast. Innangengt úr hvorutveggja.

Bakkagerði - 182063-139- 38

Hlutverk: Grunnur, Hlaða

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 65, 2, 8,0000 V: 14, 12, 8,0000

Lengd: 5 m

Breidd: 4 m

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir

Um 50 m austan við sumarfjósið (139-37), í brekkunni austan Bakkagerðis, vestan lækjar.

Lýsing

Tóft, gæti hafa verið hlaða, eða notað sem efnistaka. Grafið inn í hól.



Hlaða. 139-38 Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir

Bakkagerði - 182063-139- 39

Hlutverk: Svarðargrafir

Tegund: Garðlag 465

Staðsetning: N: 65, 2, 5,0000 (-65,04305556)

V: 14, 12, 0,0000 (-14,20000000)

Ástand: Sæmilegt

Horfin: að hluta til

Staðhættir

Á svæðinu milli býlisins Uppsala og kirkjugarðs voru svarðargrafir. Eitthvað mótar enn fyrir gröfunum en þær eru annars horfnar vegna jarðvinnslu.



Svarðargrafir. 139-39 Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir

Bakkagerði - 182063-139- 40**Sérheiti:** Skál**Hlutverk:** Bústaður**Tegund:** Hús 465**Ástand:** Gott**Heimildamaður:** Bóas Hallgrímsson (3007242999)**Staðhættir**

Suður af Kirkjugarðinum eru tvö býli, Skál og Merki og standa þau enn.

Bakkagerði - 182063-139- 41**Sérheiti:** Merki**Hlutverk:** Bústaður**Tegund:** Hús 465**Ástand:** Gott**Heimildamaður:** Bóas Hallgrímsson (3007242999)**Staðhættir**

Suður af Kirkjugarðinum eru tvö býli, Skál og Merki og standa þau enn.

Bakkagerði - 182063-139- 42**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Tóft 465**Staðsetning:** N: 65, 2, 5,0000 (-65,04305556) V: 14, 11, 52,0000 (-14,19777778)**Lengd:** 12 m**Breidd:** 6 m**Ástand:** Sæmilegt**Staðhættir**

Fjárhús er undir melnum rétt norðvestan við kirkjugarðinn.

Lýsing

Húsið er hlaðið úr torfi og grjóti. Það er ekki mjög gamalt þar sem enn má sjá leifar af bárujárnsþaki í tóftinni.

Bakkagerði -182063-139- 43**Hlutverk:** Geymsla**Tegund:** Hola 465**Staðsetning:** N: 65, 1, 38,0000 (-65,02722222) V: 14, 11, 42,0000 (-14,19500000)**Skekkja:** ca. 2m**Lengd:** 1,5 m**Breidd:** 2,5 m**Ástand:** Gott**Horfin:** Nei**Staðhættir**

Vestan við svokallað Djúpagil yst í kaupúninu, rétt austan og ofan kirkjugarðs. Lækur rennur um gilið. Þar



Kartöflugeymsla 139- 47
Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir

er hola sem gæti hafa verið kartöflugeymsla.

Bakkagerði -182063-139- 44 Hlutverk:

Tegund: Stríðsminjar 465

Staðsetning: N: 65, 2, 23 (-650397)

V: 14, 12, 48 (-142133)

Skekkja: u.þ.b. 2 m.

Ástand: Horfin

Staðhættir

Norðan við Hæðagerði 7, u.þ.b. 30 m, eru herminjar. Leifar af húsgrunni.



Húsgrunnur 138-20

Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir

Bakkagerði -182063-139- 45

Hlutverk: Skotbyrgi

Tegund: Stríðsminjar 465

Staðsetning: N: 65, 2, 21 (-650392) V: 14, 12, 50 (-142139)

Skekkja: 1 m

Ástand: Ómetið

Horfin: Að mestu

Staðhættir

Um 20 m suður af húsarúst 139-44 eru leifar af steypu skotbyrgi.



Skotbyrgi. 138-21

Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir



Skotbyrgi 138-21

Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir

Bakkagerði -182063-139- 46**Hlutverk:** Girðing, garður**Tegund:** Garðlag 465**Ástand:** Sæmilegt**Staðhættir**

Um 15 m vestan við skotbygri 139-45 er girðingarstæði, a.m.k. 27 m langt. Kann að tilheyra hernámstímanum.

Lýsing

Nýlegur garður, líklegast undan girðingu



Girðing. 138Ljósmynd: Anna Rut Guðmundsdóttir

Kollaleira - 158200-140

Saga

Kollaleira í Reyðarfirði er fyrst nefnd í Manntali árið 1703, heimilismenn þá fimm talsins en 8-11 í síðari manntölum. Samkvæmt Jarðatali Johnsens var jörðin í eigu Skriðuklausturs 1847. Dýrleikinn taldist 12 hundruð og galst eitt í landskuld. Kúgildi voru tvö. Á Kollaleiru var bænhús fyrr á öldum og núverandi sóknarkirkja hefur verið í landi Kollaleiru frá 1909. Fyrr á öldum stunduðu enskir og hollenskir kaupmenn verslun á Búðareyri og sáust merki um þá verslun allt fram um aldamótin 1900. Kaupúnið er í landi Kollaleiru innan Búðarár.

Náttúrufar og jarðabætur

Kollaleira var góð graslendisjörð bæði til slægna og beitar en nokkuð snjóþungt er þar. Jörðin er vel fallin til sauðfjár- og nautgriparæktar. Hlunnindi voru silungsveiði í Norðurá og nokkur mótekja var í landi jarðarinnar. Litlar jarðabætur fóru fram fyrir aldamótin 1900, engar beðasléttur og þakslétta óveruleg.

Landamerki

Í Landamerkjalyýsingu Kollaleiru frá árinu 1884 segir: „Að austanverðu milli Bakkagerðis og tjeðrar jarðar aðskilur Búðará frá fjöru til fjalls á „Svínadalsvörp“, (en þar sem áin hefur breytt sjer við ósmynnið, þá hefur umráðamönnum jarðanna komið saman um, að sem árklofi falli til hvorrar jarðar í svonefnt Langarif). Að norðanverðu, sem til hjerads veit, af „Svínadalsvörpum“ yfir svokallað „Skagafell“ í Njörfadalsárdrog“, þar sem Njörfadalsá hefur upptök sín og fellur beint suður í Sljéttuárfarveg, þessi á aðskilur Kollaleiru og Seljateigslund. Að sunnanverðu aðskilur Sljéttuárfarvegur í sjó fram Sljéttu- og Kollaleirulund. Faðmatal við ósmynnið í fjöru, en frá Sjávarhjalli í Sljéttarfarveg suður 420 faðmar.“

Heimildaskrá

J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr Búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kmh. 1847.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 158-60.

Landamerkjalyýsing fyrir Kollaleiru í Reyðarfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.

Undirr. 6. maí 1884, þingl. 31. maí sama ár.

Ólafur Olavius, *Ferðabók*. Landshagir í norðvestur, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777. Reykjavík 1965.

Kollaleira 158200 140 - 1

Sérheiti: Kollaleira

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Hús 465

Horfin: Að hluta

Heimildamaður: Guðmundur Már H. Beck (060450-2939)

Staðhættir

Á Túnakorti má sjá bæjarhúsið syðst í túninu, austan lækjar. Í Sveitum og jörðum 1976 segir: „Á bakkanum fram og upp af Hjallbalanum standa bæjarhúsin á hól milli tveggja lækja, lítt áberandi af veginum að sjá, en sést þó, og gamla túnið út frá bænum...“ Búskaparannáll: „Eldri hús skv. úttekt 1899: Þá uppistandandi

þrepbaðstofa af fúnum og fornum viðum, 12x4 3/4 álnir, reisifjöl. Dæmd óhæf til íbúðar. Búr undir súð, eldhús með birkirrafti, 10 álna göng, 2 skemmur, smiðja og fjós undir súð úr flettingum.“

Lýsing

Gamla íbúðarhúsið og útihús standa á gamla bæjarstæðinu rétt ofan götunnar Stekkjargrundar en bæjarstæðið var fært og núverandi íbúðarhús stendur nokkru vestar.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Kollaleiru, Reyðarfjarðarhreppi.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 159-60.

Kollaleira 158200 140 - 2

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild 465

Horfin: Að mestu

Staðhættir

Á Túnakorti sést garður rétt sunnan við bæjarhúsið.

Lýsing

Horfinn að mestu undir núverandi íbúðar- og útihús.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Kollaleiru, Reyðarfjarðarhreppi.

Kollaleira 158200 140 - 3

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild 465

Horfin: já

Staðhættir

Á Túnakorti sést garður rétt austan við bæjarhúsið.

Lýsing

Horfin undir túnasléttu.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Kollaleiru, Reyðarfjarðarhreppi.

Kollaleira 158200 140 - 4

Hlutverk: Bænhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Sveitum og Jörðum 1976 segir: „Á Kollaleiru var bænhús á fyrri öldum, og raunar er sóknarkirkja Reyðfirðinga í landi Kollaleiru síðan 1909, er Hólmakirkja var flutt í kaптúnið á Búðareyri.“

Ekki er vitað hvar bænhúsið stóð.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 159.

Kollaleira 158200 140 - 5

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Kirkjugarður 465

Horfin: já

Staðhættir

Í landi Kollaleiru er kirkjugarður frá síðustu aldamótum.

Kollaleira 158200 140 - 6

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild 465

Horfin: já

Staðhættir

Á Túnakorti virðist garður umlykja túnið.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Kollaleiru, Reyðarfjarðarhreppi.

Kollaleira 158200 140 - 7

Sérheiti: Kvíagil

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild 465

Horfið: Er horfin vegna byggðar

Staðhættir

Í Örnefnaskrá segir: „Kvíagil heitir fyrir utan tún innan við Búðarmel. Upp af Kvíagili heita Smágil. Niður af gílinu heitir Hjallbali.“ Í Sveitum og jörðum 1976 segir: „Innan við Búðarmel er Kvíagil og niður af því Hjallbali, þar sem nú standa 3 verkstæði.“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Kollaleiru.

Sveitir og jarðir í Múlapingi III. 1976. Bls. 159.

Kollaleira 158200 140 - 8

Hlutverk: Kaupmannabúðir

Tegund: Heimild 465


Ástand: Ómetið

Horfin: Er horfin vegna byggðar

Heimildamaður: Guðmundur Már H. Beck (060450-2939)

Staðhættir

Í Örnefnaskrá segir: „Kvíagil heitir fyrir utan tún innan við Búðarmel. [...] Eyrin utan og neðan við Búðarmel heitir Búðareyri út að Búðará. Fyrir ofan Búðarmel heita Hálsbrekkur.“ Í Sveitum og jörðum 1976 segir: „Innan við Búðará er Búðareyri, hluti af byggðarsvæði kaupsins ...“ Eyrin mun draga nafn af kaupmannabúðum þar fyrir á öldum, jafnvel þegar á 15. öld. Eru óljósar heimildir um verslun Íra þar (sbr. Ferðabók Olavíusar og Einokunarverslun Dana á Íslandi). „Þar



Teikning Bruun af búðatóftum

stóðu verslunarhús írsku kaupmannanna forðum,” segir Olavius. „[...] Upp af Búðareyri er hár og snarbrattur melur, Búðarmelur. Innan við Búðarmel er Kvíagil [...]“

Í Ferðabók Olaviusar frá 1755-1777 (bls. 126), segir: “ Búðareyri nefnist staður nokkur hjá bænum Kollaleiru við botn Reyðarfjarðar. Þar stóðu verzlunarhús írsku kaupmannanna forðum. Sennilega hafa þau verið mörg, þótt nú sjáist þar aðeins tóttir af tveimur þeirra, því að árspræna, sem fellur þar niður, hefur mjög brotið landið og raskað því. Af þeim orsökum hafa húsin, sennilega miklu seinna, verið flutt hærra upp, svo sem sjá má af 13 tóttum, sem enn finnast þar fyrir ofan allháan bakka.”

Í sóknarlýsingu frá 1843 segir (bls. 371) að á Búðareyri sjái enn stað margra tófta og þar segi sögur að kaupmenn frá Hamborg hafi haft sölubúðir sínar. Verslun þessi mun hafa lagst af á einokunartímanum frá 1602 er verslun fluttist til Stóru-Breiðuvíkur.

Í bók Daniels Bruun eru teikningar af tóftum sem eiga að vera búðatóftir á vesturbakka Búðarár. Engin merki eru lengur um þessar tóftir.

Lýsing

Guðmundur segist ekki muna eftir neinum búðatóftum.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 159.

Ólafur Olavius, Ferðabók. Landshagir í norðvestur, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777. Reykjavík 1965.

Múlasýslur, sýslu- og sóknarlýsingar. Finnur M. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfu. Reykjavík, 2000.

Kollaleira 158200 140 - 9

Sérheiti: Naustbotn

Hlutverk: Naust

Tegund: Heimild 465

Horfin: já

Staðhættir

Í Örnefnaskrá segir: „Naustbotn heitir fram og niður af túni.“

Lýsing

Engar sjáanlegar minjar.

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Kollaleiru.

Kollaleira 158200 140 - 10

Sérheiti: Einstig

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá segir: „Upp af Fremsta-Barði hét Illamýri; fram af henni var Einstig, þar sem farið var yfir Njörvadalsá. [...] Klettahjalli heitir í miðju fjalli; fram og upp af honum heitir Flatafjall. Upp af því er Einstigsmelur. Þaðan liggur Einstigi úr fjallinu upp í Njörvadal.“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Kollaleiru.

Kollaleira 158200 140 - 11**Sérheiti:** Kolakinn**Hlutverk:** Kolagröf**Tegund:** Heimild 465**Ástand:** Ómetið**Staðhættir**

Samkvæmt Örnefnaskrá var farið yfir Njörvadalsá á Einstigi og „kinn er upp með ánni, kölluð Kolakinn (engar menjar).“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Kollaleiru.

Kollaleira 158200 140 - 12**Hlutverk:** Heysæti**Tegund:** Heimild 465**Staðsetning:** N: 65, 2, 9 (-650358) V: 14, 12, 16 (-142044)**Horfin:** Já**Heimildamaður:** Guðmundur Már H. Beck (060450-2939)**Staðhættir**

Á Túnakorti má sjá bæjarhúsið syðst í túninu, austan lækjar. Í Sveitum og jörðum 1976 segir: „Á bakkanum fram og upp af Hjallbalanum standa bæjarhúsin á hól milli tveggja lækja, lítt áberandi af veginum að sjá, en sést þó, og gamla túnið út frá bænum...“ Búskaparannáll: “Eldri hús skv. úttekt 1899: Þá uppistandandi þrepbaðstofa af fúnum og fornum viðum, 12x4 3/4 álnir, reisifjöl. Dæmd óhæf til íbúðar. Búr undir súð, eldhús með birkirrahti, 10 álna göng, 2 skemmur, smiðja og fjós undir súð úr flettingum.“

Lýsing

Heystæðið er horfið undir þau hús sem nú standa á Bæjarstæðinu

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Kollaleiru, Reyðarfjarðarhreppi.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 159-60.

Kollaleira 158200 140 - 13**Sérheiti:** Gömlu-Fjárhús**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Heimild 465**Horfið:** Fjárhúsin eru horfin undir tún**Staðhættir**

Skv. Örnefnaskrá „eru Flóabakkar fram með Flóalæk; stykki af bökkunum heita Pyttir. Þar fyrir utan heitir Ljósalykkjuflói. Upp af honum eru Höll. Utan við þau er Litlahraun. [...] Upp af Litlahrauni eru Gömlu-Fjárhús (engar menjar).“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Kollaleiru.

Kollaleira 158200 140 - 14**Sérheiti:** Stekkur**Hlutverk:** Stekkur**Tegund:** Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

„Fyrir utan Flóa heita Stekkabrekkur og Stekkahjalli upp af. Stekkurinn var fyrir neðan brekkurnar. Þar fyrir utan heitir Kollumelur og Kollumelsenni. Stekkabrekka liggur út og upp á Hálsbrún, en Hálsinn nær út undir Búðará, og Hagahnaus heitir yzt á honum.“

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Kollaleiru.

Kollaleira 158200 140 - 15

Sérheiti: Kúagil

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Garðlag 465

Staðhættir

Í Kúagili eru leifar af hlöðnum kálgarði.

Mynd tekin á Búðarármel í norður.



Kálgarður 140-15. Ljósmynd: Anna Rut Guðmundsdóttir

Kollaleira 158200 140 - 16

Sérheiti: Hesthústún

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Guðmundur Már H. Beck (060450-2939)

Staðhættir

Í Örnefnaskrá segir: „Á túni heitir Framtún, Hólatún eða Hólar, þar niður af Lágatún, Hesthústún og Úttún. Kvíagil heitir fyrir utan tún innan við Búðarmel.“

Lýsing

Samkvæmt Guðmundi er Hesthúsið horfið undir núverandi íbúðarhús.

Heimildaskrá

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Kollaleiru.

Kollaleira 158200 140 - 17

Hlutverk: Skotbyrgi

Tegund: Stríðsminjar 465

Staðsetning: N: 65, 2, 18 (-650383) V: 14, 13, 63 (-142342)

Staðhættir:

Um 200 m norðaustur frá gamla bænum á Kollaleiru frammi á melbrún eru leifar af Skotbyrgi frá tímum hersetu á Reyðarfirði.

Kollaleira 158200 140 - 18

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 65, 2, 19 (-650386) V: 14, 13, 65 (-142347)



Tóft 140-18. Ljósmynd: Anna Rut Guðmundsdóttir

Lengd: 6 m

Breidd: 5 m

Ástand: Ómetið

Staðhættir og Lýsing

Austur frá bænum, u.þ.b. 200 m, í austast í túni eru leifar af einhverskonar mannvirki, veggjalög ógreinileg, kann að hafa verið rutt til. Veggjaþykkt u.þ.b. 1-1 1/2 m.

Kollaleira 158200 140 - 19

Hlutverk: Girðing

Tegund: Gerði 465

Staðsetning: N: 65, 2, 19 (-650386)V: 14, 13, 65 (-142347)

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir

Alveg fast við rúst nr.18 er einhvers konar aðhald, grafið inn í hól.

Lýsing

Grasi gróið. Veggjaþykkt u.þ.b. 1 -1 1/2 m. Hæð veggja frá 20-30 cm. Er líklega garðlag undan girðingu.



Girðing 140-19. Ljósmynd: Anna Rut Guðmundsdóttir

Kollaleira 158200 140 - 20

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 65, 2, 26 (-650406) V: 14, 14, 30 (-142417)

Horfin: Horfin undir byggð

Heimildamaður: Guðmundur Már H. Beck (060450-2939)

Staðhættir

Var á gamla bæjarstæðinu en mun nú horfið.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Kollaleiru, Reyðarfjarðarhreppi.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 159-60.

Kollaleira 158200 140 - 21

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 65, 2, 26 (-650406) V: 14, 13, 95 (-142431)

Horfin: Að hluta

Heimildamaður: Guðmundur Már H. Beck (060450-2939)

Staðhættir

Á Túnakorti má sjá bæjarhúsið syðst í túninu, austan lækjar. Í Sveitum og jörðum 1976 segir: “Á bakkanum fram og upp af Hjallbalanum standa bæjarhúsin á hól milli tveggja lækja, lítt áberandi af veginum að sjá, en sést þó, og gamla túnið út frá bænum...” Búskaparannáll: “Eldri hús skv. úttekt 1899: Þá uppistandandi þrepbaðstofa af fúnum og fornum viðum, 12x4 3/4 álnir, reisifjöl. Dæmd óhæf til íbúðar. Búr undir súð, eldhús með birkirrafti, 10 álna göng, 2 skemmur, smiðja og fjós undir súð úr flettingum.”

Lýsing

Tóft og hlöðubrot er á bæjarstæðinu við gamla Kollaleiruhúsið.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Kollaleiru, Reyðarfjarðarhreppi.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 159-60.

Kollaleira 158200 140 - 22

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Tóft 465

Staðsetning: N: 65, 2, 21 (-650392) V: 14, 13, 97 (-142436)

Horfin: Já

Heimildamaður: Guðmundur Már H. Beck (060450-2939)

Staðhættir

Á Túnakorti má sjá bæjarhúsið syðst í túninu, austan lækjar. Í Sveitum og jörðum 1976 segir: “Á bakkanum fram og upp af Hjallbalanum standa bæjarhúsin á hól milli tveggja lækja, lítt áberandi af veginum að sjá, en sést þó, og gamla túnið út frá bænum...” Búskaparannáll: “Eldri hús skv. úttekt 1899: Þá uppistandandi þrepbaðstofa af fúnum og fornum viðum, 12x4 3/4 álnir, reisifjöl. Dæmd óhæf til íbúðar. Búr undir súð, eldhús með birkirrafti, 10 álna göng, 2 skemmur, smiðja og fjós undir súð úr flettingum.”

Lýsing

Hlaðan fauk árið 1950-54 samkvæmt Guðmundi.

Heimildaskrá

M.S.: Túnakort Kollaleiru, Reyðarfjarðarhreppi.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 159-60.

Áreyjar - 158192-143



Bæjarstæði Áreyja. Ljósmynd: Guðný Zoëga

Saga

Jörðin Áreyjar er kennd við eyjurnar sem ár og lækir kvíslast um í landi hennar. Áreyjar eru fyrst nefndar í landamerkjabréfi árið 1555. Skv. Jarðatali Johnsens var jörðin í eigu Hallormsstaðakirkju 1847 og leigð einum ábúanda. Hún komst í sjálfsábúð 1911 og er nú í einkaeign.⁵⁸ Núverandi bæjarhús standa um 100 m norðaustur af gamla bæjarhólnum.

Náttúrufar og jarðabætur

Bærinn stendur á flatlendishyrnu niður undan Áreyjatindi. Dálítið flatlendi er einnig sunnan Áreyjaár en annars er land jarðarinnar fremur fjalllent. Vestur og upp af bænum er Áreyjadalur, sunnan Áreyjatinds. Kaldakinn heitir innar en dalurinn nær undir Drangsbrekkur. Vegur liggur inn Áreyjadal yfir Þórdalsheiði til Héraðs.⁵⁹

Gróður er fjölbreyttur um hlíðar og dali, kvistur og lyng ríkjandi en lítið um mýrlendi. Beit er kjarngóð, heimatún sæmilega grasgefið en þýft. Engjar eru reytingssamar og litlar, veðráttan ágæt. Áreyjar eru tilvaldar til kvikfjárræktar og mólendið hentar til ræktunar.⁶⁰

⁵⁸ Jarðatal Johnsens, 1847, bls. 375.

⁵⁹ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi. bls. 164.

⁶⁰ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi. bls. 164-5.

Landamerki

Bréf dagsett 15. ág. 1555 lýsir landamerkjum milli Áreyja og jarðarinnar Sléttu: Það gjöri ég Bjarni Jónsson góðum mönnum kunnugt í þessu mínu opnu bréfi, að ég hefi verið á Sléttu í Reyðarfirði xx vetur og þaðan af lengur búið í Reyðarfirði, og hélt minn faðir þessi landamerki í millum Sléttu og Áreyja úr gili því sem gengur ofan úr miðju Kollfelli, og sjónhending út á eyjarnar og út að miðrar strandar á, en þó lýsti hann því að sér hefði svo eldri menn sagt, að Slétta ætti land út að Jötnagörðum og svo vissi ég hann hafði verstöðu á Selstöðum, og svo sagði hann Slétta ætti skógarpart í Seljateigsland yfir undir mela, og tveggja hrossa beit á Teigarbakka á vetur í Sómastaðalandi, heyrði ég hér aldrei tvímæli á leika fyrr en nú fyrir fáum árum, og hef ég nú fjóra vetur um fertugt. Hér eftir vil ég sverja ef þurfa þykir. Og til sanninda hér um set ég mitt innsigli fyrir þetta vitnisburðarbréf, hvert er skrifað var á Eyvindará, Maríumessu fyri um sumarið árum eftir guðs burð. M. d. l. og v. ár.” Bréfið er varðveitt í nákvæmu afriti „eftir originalnum sem er ritaður á kálfskinn og með undirhangandi heilu og læsilegu innsigli Bjarna Jónssonar”. Afritið er undirritað í Skálholti 1. júní árið 1712.⁶¹

Heimildaskrá

J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kbh. 1847. Bls. 375.



Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 164-5. (Sjm)

Íslenskt fornbréfasafn XIII. Rvk. 1923-1928. Bls. 75-6.

⁶¹ Íslenskt fornbréfasafn XII, bls. 75-76.

Áreyjar 158192 143 - 1**Hlutverk:** Bæjarhóll**Tegund:** Tóftaþyrping**Lega:** N: 65, 1, 38 (-650272) V: 14, 21, 2 (-143506)**Ástand:** Sæmilegt**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Ábúð**Lýsing**

Vel greinilegur aflangur hóll um 50 m að lengd frá sv til na og um 20 m þar sem hann er breiðastur. Hóllinn er mjög þýfður en engin veggjalög eru greinileg nema nyrst í hólendunum en þar er ferköntuð tóft. Tóftin er um 6 x 5 m að innanmáli, nokkuð niðurgráfin. Mesta veggghæð um 40 sm, þykkt 70 sm. Grasi vaxin.

**Áreyjar 158192 143 - 2****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Lega:** N: 65, 1, 38 (-650272) V: 14, 21, 5 (-143514)**Hleðsluhæð:** 0,3 m**Lengd:** 8 m**Breidd:** 4 m**Ástand:** Gott**Hættumat:** Lítil hætta**Hættuorsök:** Vegna ábúðar**Staðhættir**

Um 10 m vestan við bæjarhólinn. Efst á árbakka.

Lýsing


Ferköntuð tóft, vel gróin. Ummál 8 x 4 m. Snýr norðvestur/suðaustur. Hæð veggja um 0,3 m og þykkt veggja um 0,7 m. Grjót- og torfhlaðin en dyr hafa verið á suðvesturvegg.

Áreyjar 158192 143 - 3**Hlutverk:** Hleðsla**Tegund:** Tóft; rétt**Lega:** N: 65, 1, 38 (-650272) V: 14, 21, 5 (-143514)**Ástand:** Gott**Hættumat:** Lítil hætta**Hættuorsök:** Vegna ábúðar**Staðhættir**

Upp við klett um 20 m vestur af bæjarhóli.

Lýsing

Garðlag sem liggur í hálfhring austur fyrir klett, 19 m að lengd. Hæð veggja er um 0,5 m og þykkt þeirra um 1 m, myndar rétt eða gripheldi upp við klettinn. Tóftin er



opin til suðurs en hlið hefur einnig verið í norðurhorniupp við klettinn.

Áreyjar 158192 143 - 4

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 39 (-650275) V: 14, 21, 6 (-143517)

Hleðsluhæð: 0,7 m


Lengd: 12 m

Breidd: 8 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegna ábúðar



Staðhættir

Tóft er uppi við hliðina um 20 m vestan gamla bæjarhólsins og um 120 m suðvestan núverandi íbúðarhúss.

Lýsing

Tóftin er hálfgráfin inn í hliðina. Mesta hæð veggja er um 0,7 m. Mesta þykkt þeirra er um 2 m. Ummál tóftar er 8 x 12 m. Grjót- og torfhlaðin á þrjá vegu en hefur verið opin eða tréþil til suðurs.

Áreyjar 158192 143 - 5

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóftaþyrping

Lega: N: 65, 1, 38 (-650272) V: 14, 21, 7 (-143519)

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Vegna ábúðar

Staðhættir

Tvær tóftir liggja á hjalla beint ofan bæjarhóls, neðan götunnar sem liggur vestur frá gamla bæjarstæðinu upp brekkuna.

Lýsing


Tvær tóftir á grösugum sléttum bala. Syðri tóftin er hlaðin ferhyrnd tóft, gráfin inn í hliðina að vestan til. Hæð veggja er um 1 m og þykkt þeirra um 1 m. Um 5 m norðan hennar er niðurgráfin ferhyrnd tóft, grjót- og torfhlaðin en hefur verið opin eða tréþil til norðurs. Hæð veggja 0,4 m, þykkt um 1 m.

Aðrar upplýsingar

Gps staðsetning nyrðri tóftarinnar:

65°01'38"

14°21'08"



Áreyjar 158192 143 - 6

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 37 (-650269) V: 14, 21, 9 (-143525)


Lengd: 4 m

Breidd: 3 m

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Vegna ábúðar



Lýsing

Smátóft, vel gróin, ummál 3 x 4 m. Hæð veggja er 0,4 m og þykkt þeirra er 0,7 m. Kletturinn myndar annan langveggjanna en dyraop hefur verið á norðausturhorn.

Áreyjar 158192 143 - 7

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 40 (-650278) V: 14, 21, 23 (-143564)


Lengd: 13 m

Breidd: 8 m

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Vegna skógræktar



Staðhættir

Á sléttlendi undan hlíðum Áreyjatinds um 500 m ofan og suðvestan núverandi íbúðarhúss á Áreyjum.

Lýsing

Aflöng grjóthlaðin fjárhústóft. Ummál 13 x 8 m. Hæð veggja er um 1 m og þykkt 1 m. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti, vel gróin og veggir standa vel. Er á upphækkun eins og hlaðið hafi verið undir hana eða hún reist á leifum eldri byggingar. Tóftin er opin til suðausturs.

Áreyjar 158192 143 - 8

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 42 (-650283) V: 14, 21, 6 (-143519)

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Vegna ábúðar




Staðhættir

Tóftin liggur um 100 m beint vestur og upp af núverandi íbúðarhúsi á Áreyjum.

Lýsing

Tóftin snýr suðvestur/norðaustur og er um 7 x 4 m að utanmáli. Tóftin er að hluta til grafin inn í hlíðina en veggir hlaðnir. Hæð veggja er 1,5 m og þykkt þeirra er 1,5 m. Tóftin er vel gróin.

Áreyjar 158192 143 - 9**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Lega:** N: 65, 1, 42 (-650283) V: 14, 21, 2 (-143508)**Ástand:** Gott**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Vegna ábúðar**Staðhættir**

Tóftin er hlaðin um 70 m vestan og ofan núverandi íbúðarhúss á Áreyjum.

Lýsing

Tóftin snýr vestur/austur, hlaðin vestan undir kletti á hæð sem kallast Paradísarhæð. Dyr eru á tóftinni og vísa til suðurs. Ummál tóftar er um 6 x 9 m.

Áreyjar 158192 143 - 10**Hlutverk:** Vegur**Tegund:** Gata**Lega:** N: 65, 1, 38 (-650272) V: 14, 2002,**Ástand:** Gott**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Vegna ábúðar**Lýsing**

Djúpar traðir liggja á ská niður brekkuna frá bæjarhólnum austantil, niður að Áreyjaá.

Áreyjar 158192 143 - 11**Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Mannvirki**Lega:** N: 65, 1, 39 (-650275) V: 14, 21, 2 (-143506)**Lengd:** 12 m**Breidd:** 8 m**Ástand:** Gott**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Vegna ábúðar**Staðhættir**


Leifar af matjurtagarði eru 40 m norðan við gamla bæjarstæðið. Matjurtagarður er sýndur rétt norðan íbúðarhúss á túnakorti.

Lýsing

Ferkantaður matjurtagarður, 12 x 8 m að ummáli.

Heimildaskrá

Túnakort Áreyja.

Áreyjar 158192 143 - 12**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hleðsla**Lega:** N: 65, 1, 36 (-650267) V: 14, 20, 60 (-143500)**Hleðsluhæð:** 0,6 m**Lengd:** 9 m**Ástand:** Ómetið**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Vegna ábúðar**Staðhættir**

Hleðsla liggur á árbakkanum norðanmegin við Áreyjaá í svokölluðum Norðurhring, hringlaga jarðmyndum norðan, við bugðu á ánni, um 100 m norðvestur af brúnni yfir ána.

Lýsing

Hálfhringlaga grjótagarður um 9 m langur. Garðurinn virðist myndaður af því að stóru og smáu grjóti hefur verið hrúgað saman. Hæð um 0,6 m og þykkt um 1,2 m.

Áreyjar 158192 143 - 13**Hlutverk:** Vegur**Tegund:** Gata**Lega:** N: 65, 1, 38 (-650272) V: 14, 21, 6 (-143517)**Ástand:** Ómetið**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Vegna ábúðar**Lýsing**

Gata liggur grafin inn í hlíðina skáhallt til suðurs upp brekkuna vestur af bæjarhólnum.

Áreyjar 158192 143 - 14**Hlutverk:** Varða**Tegund:** Varða**Lega:** N: 65, 1, 28 (-650244) V: 14, 21, 53 (-143647)**Ástand:** Gott**Hættumat:** Engir hættu**Lýsing**

Grjótagarður stendur í skriðu framan gils í norðuhlíð Áreyjadals, um 1 km inn af bænum, stendur vel, um 1,5 m að hæð.

Áreyjar 158192 143 - 15**Hlutverk:** Smalakofi**Tegund:** Heimild**Ástand:** Ómetið**Staðhættir**

"Geldingahjalli liggur norður frá vörpum og austur með Áreyjatindi. Rani og Ranagil eru á móti Draugsbrekkum. Næst eru Hæðir niðri við á. Utan við þær eru Dokkir, þar næst Kofalækur, Kofagjá og Kofabali (með rústum af smalakofa, víðsýnt).....(ÖÁ)"

Lýsing

Fannst ekki við skráningu 2003.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Áreyja, Stefán Einarsson skráði.

Áreyjar 158192 143 - 16

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Á túnakorti eru útihús sýnd um 90-100 m suðaustur af bæjarstæði Áreyja.

Heimildaskrá

Túnakort Áreyja

Áreyjar 158192 143 - 17

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Lengd: 12 m

Breidd: 8 m

Ástand: Ómetið

Horfin: Horfin vegna túnasléttunar

Staðhættir

Matjurtagarður er sýndur á túnakorti um 100 m suðaustan gamla bæjarstæðisins.

Heimildaskrá

Túnakort Áreyja.

Áreyjar 158192 143 - 18

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Lengd: 12 m

Breidd: 8 m

Ástand: Ómetið

Horfin: Horfin vegna túnasléttunar

Staðhættir

Matjurtagarður er sýndur á túnakorti við túnjarðarinn um 150 m suðaustan gamla bæjarstæðisins.

Heimildaskrá

Túnakort Áreyja.

Slétta - 158204-145



*Séð til Sléttu frá tóft neðst í túni. Gamli bæjarhóllinn er greinilegur framan við bæjarhúsin.
Ljósmynd: Bryndís Zoëga*

Saga

Sléttubærinn stendur á flatlendi inn af botni Reyðarfjarðar sunnanvert. Í Örnefnaskrá Reyðarfjarðar stendur: „Líklega hefur Slétta verið stærsta eða landmesta jörðin við sunnanverðan Reyðarfjörð, þeirra jarða er eru fyrir eða örlítið inn af, botni Reyðarfjarðar (inn-sveitinni). Heimildir munu vera um, að Stuðlar hafi byggst upphaflega frá Sléttu og jarðirnar hafi deilst að fullu með sölu Stuðla 1753.”⁶²

Í Sveitum og jörðum segir: „Dálítil sjávarbyggð myndaðist með síldveiðunum upp úr 1880 út með sjónum, og sér enn glögglega nokkur merki hennar, túnbletti, tættur, grjótgarda og grjóthleðslur. Heimildamaður telur upp 5 bólstaði auk hjáleigunnar Borgargerðis. Þeir voru þessir, taldir að innan: Sléttukrókur, búið þar 1902-1905. Borgargerði næst. Hrúteyri, grasbýli, útróðrarstaður og tvö íbúðarhús 1918. Norðmenn munu hafa haft þar aðstöðu til síldveiða og verslunar fyrir aldamót, tún tæpur hektari 1918. Búseta fram um 1930.”⁶³

Í Örnefnaskrá Reyðarfjarðar stendur enn fremur: „með síldveiðunum upp úr 1880 myndaðist út með sjónum dálítil sjávarbyggð. Nokkur „grasbýli, og eða tómthús“ urðu til þarna á ströndinni. Bólstaðir, auk aðstöðu til síldveiða og verslunar, svo og til útróðra. Ekki er hægt að segja að aðstaða til búskapar sé beinlínis hæg á Sléttuströndinni, þó hafa verið talin upp 5 býli, eða fimm bólstaðir þar, og flestir orðið

⁶² Örnefni við Reyðarfjörð, Björn G. Eiríksson skráði, 1. des. 2000.

⁶³ Sveitir og jarðir III, bls. 170.

til á 19. öld og fyrrihl. þeirrar 20., nema á Borgargerði [...] Þessi býli hafa verið nefnd, Sléttukrókur, Borgargerði, Hrúteyri, (grasbýli, grashús), þar voru tvö íbúðarhús (1918). Norðmenn munu þar hafa haft aðstöðu til síldveiða, búseta þar fram um 1930, Kláusenshús. Verslunarstaður löggiltur, sá fyrsti á Austurlandi á 19. öld, að sagt er, eða a.m.k. þá með þeim fyrstu í þeim landsfjórðungi. Holtastaðeyri, síldarútgerð Norðmanna var þar eftir 1880. Snjóflóð tók þar af bæinn 1918, þar fórst í snjóflóði Ragnheiður Kristjánsdóttir. Sléttuströnd og Miðströnd.”⁶⁴

Nöfnin Holtastaðeyri, Strönd, Sléttuströnd og Miðströnd munu öll tilheyra búskap á Holtastaðeyrinni.

Í Sveitum og jörðum stendur: „Klausensgrunnur, er í vík innan við Holtastaðeyri, að sögn einhver fyrsti verslunarstaður löggiltur austanlands á 19. öld. Holtastaðeyri, þar var síldarútgerð Norðmanna eftir 1880. Snjóflóð tók bæinn 1918 og færði ofan í fjöru. Þar fórst stúlka, en annað fólk komst af. Yst þessara býla var Miðströnd, þar var búið um 1840. Í F'18 [Fasteignamati 1918] er einnig getið um Sléttuströnd og býr þar þá Kristján Eyjólfsen í timburhúsi byggðu 1897, hefur hús fyrir 50 kindur, hlöðu, hesthús og sjóhús, einnig ræktun á lóð um 1,3 ha.”⁶⁵

Náttúrufar og jarðabætur

Í Sveitum og jörðum segir: „Túnið var þurrhent, jarðgrunnt, sums staðar þýft. Því er nokkuð kalhætt og hefur oft orðið grasbrestur af þeim sökum. Engjar eru aðallega í Sléttublá, votar, reytingssamar og víðast þýfðar. Jörðin var þó talin allvel fallin til búskapar vegna góðrar beitar, m.a. fjörubeitar út með firði, þar sem löngum hafa verið beitarhús og eru enn. Hins vegar er fremur snjóþungt heima við. Ræktunarmöguleikar eru miklir og víða hagfelldir og sumarhagar góðir fyrir alla gripi.”⁶⁶

Landamerki

Í Sveitum og jörðum segir um landamerki Sléttu: “Norðurmörk eru um gamlan farveg Sléttuár rétt sunnan við flugbraut niður af Seljateigi og síðan með Norðurá til sjávar um miðjan fjarðarbotn. Að utan eru mörk við Jötnagarða.”

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi. Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976
Örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði. (ÖSB)

⁶⁴ Örnefni við Reyðarfjörð, Björn G. Eiríksson skráði, 1. des. 2000.

⁶⁵ Sveitir og jarðir III, bls. 170.

⁶⁶ Sveitir og jarðir III, bls. 170.

Fornleifaskráning

Slétta 158204 145 - 1

Sérheiti: Slétta

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Heimild

Lega: N: 65, 1, 21 (-650225) V: 14, 15, 17 (-142547)

Lengd: 40 m

Breidd: 40 m

Horfin: Búið að slétta út hólinn

Staðhættir

Í Örnefnaskrá Reyðarfjarðar stendur: „Líklega hefur Slétta verið stærsta eða landmesta jörðin við sunnanverðan Reyðarfjörð, þeirra jarða er eru fyrir eða örlítið inn af, botni Reyðarfjarðar (inn-sveitinni).” (ÖR) „Heimildir munu vera um, að Stuðlar hafi byggst upphaflega frá Sléttu og jarðirnar hafi deilst að fullu með sölu Stuðla 1753.” (Sjm:169).

Um 50 m beint neðan (norðan) núverandi bæjarhúss er bæjarstæði gamla bæjarins.

Lýsing

Bæjarhóllinn er um 40 x 40 m. Búið að slétta hann út. Hugsanlega mótar fyrir algróinni en ógreinilegri tóft sem liggur norðaustur/suðvestur, um 2,5 x 3 m að ummáli.

Heimildaskrá

Örnefni við Reyðarfjörð, Björn G. Eiríksson skráði, 1. des. 2000.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi. Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976

Slétta 158204 145 - 2

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 16 (-650211) V: 14, 15, 52 (-142644)

Hleðsluhæð: 1,2 m

Lengd: 9 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegna nálægðar við veg


Staðhættir

Tóftin liggur um 5 m ofan vegar sem liggur inn á Þórdalsheiði. Neðst í fjallshlíðinni vestan við fjárhúsin á Sléttu.

Lýsing

Tvískipt grjót- og torftóft, liggur norður/suður. Mjög vel gróin og sér næstum ekkert í grjót. Veggir standa vel en veggur á norðurhlið er lægri en hinir, um 0,3 m á hæð. Efri hluti tóftar er mun ógreinilegri en sá neðri og vesturveggur mjög ógreinilegur. Efri hluti tóftar nánast algróinn og sér mjög lítið í grjót. Ummál tóftar er 9 x 4 m og hæð veggja um 1 m. Mesta þykkt veggja er 1,2 m.



Slétta 158204 145 - 3**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Lega:** N: 65, 1, 0 (-650167) V: 14, 12, 43 (-142119)**Lengd:** 8 m**Breidd:** 4 m**Ástand:** Slæmt**Horfin:** Mun hverfa vegna vegagerðar**Hættumat:** Mikil hætta**Staðhættir**

Tóftin liggur 250 m innan (norðvestan) bæjarhólsins í Borgargerði í mýri innan túngirðingar um 70 m ofan við núverandi þjóðveg út Sléttuströndina.

Lýsing


Tóft sem liggur norður-suður, 8 x 4 m að innanmáli, mjög gróin og útflött. Tóftin mun hverfa undir veg upp að jarðgöngum. Veggjalög samgróin umhverfi en greinilegt er að dyr hafa verið til norðurs.

Fornleifakönnun

Vegna gerðar jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar verður lagður nýr vegur um 50 m ofan við núverandi þjóðveg. Við það mun tóftin hverfa undir nýja veginn. Sumarið 2003 fór fram fornleifakönnun á tóftinni og kom þá í ljós að húsið hefur verið reist eftir 1477 en horfið úr notkun nokkuð fyrir 1875. Skriða hefur fallið úr hlíðinni yfir tóftina einhvern tímann fyrir 1875 en þá hefur húsið þegar verið aflagt.

Slétta 158204 145 - 4**Sérheiti:** Kofabarð**Hlutverk:** Býli**Tegund:** Tóft**Lega:** N: 65, 1, 16 (-650211)

V: 14, 17, 40 (-142944)

Lengd: 7 m**Breidd:** 9 m**Ástand:** Gott**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Hætta vegna skriðufalla**Heimildamaður:** Sigurður Baldursson, bóndi á Sléttu, fæddur þar og uppalinn.**Staðhættir**

Kofabarð er um 100 m sunnan við veg sem liggur inn á Þórdalsheiði, í fjallshlíðinni um 2 km vestan við bæjarhús á Sléttu. Lækur rennur þétt upp við tóftina vestan megin.

Lýsing

Þetta er ferhyrnd grjóttóft. Vel gróin en sér þó í grjót sums staðar. Dyr eru á tóftinni og vísa til norðurs. Veggir standa vel. Skriður úr fjallinu liggja umhverfis tóftina og alveg að henni að ofan. Ummál tóftar er 7 x 9 m. Mesta hæð veggja er 1 m og mesta þykkt 1,3 m.

Aðrar upplýsingar

Þar bjó Jón í Kofa samkvæmt Sigurði Baldurssyni bónda á Sléttu.

Slétta 158204 145 - 5

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 15 (-650208) V: 14, 17, 41 (-142947)

Hleðsluhæð: 0,3 m

Lengd: 3 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna skriðufalla

Staðhættir

Tóftin er um 20 m suðaustur af tóft 145-4, þar sem Jón í Kofa er sagður hafa búið skv. Sigurði Baldurssyni.

Lýsing

Ferhyrnd tóft um 3 x 4 m að ummáli. Alveg gróin nema það sér í grjót á einum stað við norðurenda tóftar. Dyr eru á tóftinni og vísa til norðurs. Mesta hæð veggja er 0,3 m og mesta þykkt veggja er 0,4 m. Veggir eru hrundir og eru fremur ógreinilegir. Skriða liggur utan við tóftina báðu megin.

Slétta 158204 145 - 6

Hlutverk: Garður (varnargarður)

Tegund: Garðlag

Lega: N:65,1,15 (650208) V:14,15,22 (142561)

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Hætta vegna búsetu

Lýsing

Um 1 m breiður grjótgarður og 100 m langur, sem liggur meðfram eystri hlið lóðarinnar ofan við bæjarhús á Sléttu. Garðurinn var líklega reistur til að varnar flóðum úr Fossá.



Varnargarður 145-6.
Ljósmynd: Bryndís Zoëga

Slétta 158204 145 - 7

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 25 (-650236) V: 14, 15, 24 (-142567)

Hleðsluhæð: 1,2 m


Lengd: 8 m

Breidd: 12 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Hætta vegna búsetu



Staðhættir

Tóftin liggur um 100 m norðvestur af núverandi bæjarhúsum. Liggur neðarlega í túninu neðan bæjarhúsa á Sléttu og sunnan við Reyðarfjarðará.

Lýsing

Tóft hlaðin úr grjóti og torfi. Tóftin er mjög illa farin og standa aðeins brot eftir af veggjum. Fyrir miðja tóft er líklega garði. Ummál tóftar er 8 x 12 m. Hæð veggja þar sem þeir standa er um 1,2 m og þykkt þeirra um 0,8 m.

Slétta 158204 145 - 8

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 25 (-650236) V: 14, 15, 13 (-142536)

Hleðsluhæð: 1 m


Lengd: 8 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegna ábúðar



Staðhættir

Tóftin er um 100 m norðaustur af bæjarhúsum. Neðarlega í túninu sunnan við Reyðarfjarðará.

Lýsing

Hlaðin grjóttóft. Vel gróin tóft en vel sést þó í grjóthleðslur. Veggir eru farnir að hrynja. Dyr eru á tóftinni og vísa til norðurs. Ummál tóftar er 4 x 8 m. Mesta hæð veggja 1 m, norðvesturhornið þó töluvert lægra, og mesta þykkt 1,5 m.

Slétta 158204 145 - 9

Hlutverk: Stekkur


Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 15 (-650208) V: 14, 16, 38 (-142772)

Hleðsluhæð: 1 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta



Staðhættir

Stekkurinn liggur um m 300 m vestan Sléttu, norðan undir ruðningi úr skurði um 50 m sunnan vegar að Áreyjum.

Lýsing

Tóft og garður. Tóftin er mjög hrunin og gróin en vel greinileg í landslagi. Veggir tóftar enn nokkuð stæðilegir, um 1 m á hæð og 1,5 m á þykkt, en veggjalag í gripheldinu er öllu ógreinilegra.

Slétta 158204 145 - 10

Hlutverk: Matjurtagarður

Lega: N: 65, 1, 19 (-650219) V: 14, 15, 16 (-142544)

Horfin: Engin merki eru lengur um þennan garð.

Heimildamaður: Sigurður Baldursson, bóndi á Sléttu, fæddur þar og uppalinn.

Lýsing

Á túnakorti Sléttu er sýndur matjurtagarður sunnan við bæjarstæðið. Hnit á garðinum voru tekin um 20 m norðaustur af íbúðarhúsi við Sléttu. Engin merki sást um matjurtagarð en gps punktur tekinn skv. samtali við Sigurð bónda.

Slétta 158204 145 - 11

Hlutverk: Óþekkt, Heimild

Lega: N: 65, 1, 21 (-650225) V: 14, 15, 17 (-142547)

Ástand: Ómetið

Horfin: Horfin vegna túnasléttunar

Heimildamaður: Sigurður Baldursson, bóndi á Sléttu, fæddur þar og uppalinn.

Staðhættir

Samkvæmt samtali við Sigurð Baldursson, bónda á Sléttu, var tóft um 100 m suðvestur af bæjarhúsum á Sléttu. Hún er horfin vegna túnasléttunar.

Slétta 158204 145 - 12

Hlutverk: Óþekkt

Lega: N: 65, 1, 17 (-650214) V: 14, 15, 22 (-142561)

Ástand: Ómetið

Horfin: Horfin vegna túnasléttunar

Heimildamaður: Sigurður Baldursson, bóndi á Sléttu, fæddur þar og uppalinn.

Lýsing

Um 20 m suðvestur af bæjarhúsum á Sléttu voru tóftir, en búið er að slétta úr þeim núna, skv. samtali við Sigurð Baldursson bónda á Sléttu.

Slétta 158204 145 - 13

Sérheiti: Sléttukrókur/Krókur

Hlutverk: Býli

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 11 (-650197) V: 14, 14, 19 (-142383)

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 6 m

Breidd: 6 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Eyðibýli. „Afbýli var í Sléttukrók og þar búið 1902-1905.” (Sjm:170). Í Örnefnaskrá Sléttu stendur: „Þá er Krókur við fjarðarbotn. Það var býli, og hét Eyjólfur síðastur ábúenda.” (ÖSB) Í Örnefnaskrá Reyðarfjarðar stendur: „með síldveiðunum upp úr



1880 myndaðist út með sjónum dálítill sjávarbyggð. Nokkur „grasbýli, og eða tómthús” urðu til þarna á ströndinni. Bólstaðir, auk aðstöðu til síldveiða og verzlunar, svo og til útróðra. (ÖR)

Sléttukrókur liggur í fjallshlíðinni um 30 m ofan við þjóðveg út Reyðarfjarðarströnd, innst við fjarðarbotn.

Lýsing

Mjög vel gróin tóft. Sér í grjót á stöku stað, mest þó í norðurvegg tóftar. Dyr vísa til norðurs. Veggir eru nokkuð hrundir en tóftin er vel greinileg og stendur ágætlega. Ummál tóftar er 6 x 6 m. Mesta hæð veggja er 1 m og

mesta þykkt þeirra er 1,5 m.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi. Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976

Örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði.

Örnefni við Reyðarfjörð, Björn G. Eiríksson skráði, 1. des. 2000.

Slétta 158204 145 - 14

Sérheiti: Sléttukrókur/Krókur

Hlutverk: Býli

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 22 (-650228) V: 14, 14, 25 (-142403)

Hleðsluhæð: 0,3 m

Lengd: 9 m

Breidd: 9 m

Ástand: Gott


Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Eyðibýli. „Afbýli var í Sléttukrók og þar búið 1902-1905.” (Sjm:170). Í Örnefnaskrá Sléttu stendur: „Þá er Krókur við fjarðarbotn. Það var býli, og hét Eyjólfur síðastur ábúenda.” (ÖSB) Í Örnefnaskrá Reyðarfjarðar stendur: „Með síldveiðunum upp úr 1880 myndaðist út með sjónum dálítill sjávarbyggð. Nokkur „grasbýli, og eða tómthús” urðu til þarna á ströndinni. Bólstaðir, auk aðstöðu til síldveiða og verzlunar, svo og til útróðra.” (ÖR)

Sléttukrókur liggur í fjallshlíðinni um 30 m ofan við þjóðveg út Reyðarfjarðarströnd, innst við fjarðarbotn.

Lýsing



Tóft úr torfi og grjóti. Grjóthleðslur eru mjög greinilegar inní tóftinni. Mest er farið að hrynja úr suðurenda tóftar. Hún er vel gróin og veggir standa vel. Tvennar dyr eru á tóft og vísa aðrar til norðurs og hinar til suðurs. Ummál tóftar er 9 x 9 m. Mesta hæð veggja er 2,2 m og mesta þykkt veggja er 1,2 m. Vestan við tóftina er ferhyrnt svæði með lágum garði í kringum. Mesta hæð hans er 0,3 m og mesta breidd er 1 m. Garðurinn er algróinn og hvergi sér í grjót.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi. Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976

Örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði.

Örnefni við Reyðarfjörð, Björn G. Eiríksson skráði, 1. des. 2000.

Slétta 158204 145 - 15

Sérheiti: Sléttukrókur/Krókur

Hlutverk: Býli

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 1, 10 (-650194) V: 14, 14, 6 (-142350)


Hleðsluhæð: 0,7 m

Lengd: 4 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta



Staðhættir

Eyðibýli. „Afbýli var í Sléttukrök og þar búið 1902-1905.” (Sjm:170). Í Örnefnaskrá Sléttu stendur: „Þá er Krókur við fjarðarbotn. Það var býli, og hét Eyjólfur síðastur ábúenda.” (ÖSB) Í Örnefnaskrá Reyðarfjarðar stendur: „Með síldveiðunum upp úr 1880 myndaðist út með sjónum dálítill sjávarbyggð. Nokkur „grasbýli, og eða tómthús” urðu til þarna á ströndinni. Bólstaðir, auk aðstöðu til síldveiða og verzlunar, svo og til útróðra.” (ÖR)

Sléttukrókur liggur í fjallshlíðinni um 30 m ofan við þjóðveg út Reyðarfjarðarströnd, innst við fjarðarbotn. Um 10 m austan tóftarinnar er lækur og aurskriða.

Lýsing

Ferhyrnd grjóttóft, að ummáli 4 x 4 m. Mesta hæð veggja er 0,7 m og mesta þykkt þeirra er 1,3 m. Dyr eru á tóftinni og vísa til norðurs. Tóftin er vel gróin en það sést vel í grjóthleðslur í vegg. Veggir standa vel.

Aðrar upplýsingar

Hætta vegna aurskriðu

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi. Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976

Örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði.

Örnefni við Reyðarfjörð, Björn G. Eiríksson skráði, 1. des. 2000.

Slétta 158204 145 - 16

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Heimild

Lega: N: 65, 1, 11 (-650197) V: 14, 14, 3 (-142344)

Horfin: Horfin vegna vegagerðar

Heimildamaður: Sigurður Baldursson, bóndi á Sléttu, fæddur þar og uppalinn.

Staðhættir

Undir þjóðvegi um 20 m frá sjó og um 40 m neðan við tóftir á Sléttukrók.

Lýsing

Tóftir sjóhúsa komnar undir veg samkvæmt Sigurði Baldurssyni, bónda á Sléttu.

Slétta 158204 145 - 17

Sérheiti: Sléttukrókur/Krókur

Hlutverk: Garður

Tegund: Tóft; Hleðsla

Lega: N: 65, 1, 12 (-650200) V: 14, 14, 27 (-142408)

Hleðsluhæð: 0,5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Garðurinn liggur um 30 m ofan þjóðveggar gegnt innenda Búðareyrar. Stendur á flatlendi neðst í fjallshlíðinni.

Lýsing

Algróinn garður, 1 m á breidd, þar sem hann er þykkastur og 0,5 m á hæð þar sem hann er hæstur. Veggurinn er í fjórum brotum og bil er á milli þeirra. Veggurinn liggur að öllum líkindum áfram upp á kletta sem eru ofan við og út með fjallinu þar til hann kemur aftur niður utan við klettana.

Slétta 158204 145 - 18

Sérheiti: Hrúteyri/Hinrikshús

Hlutverk: Húsgrunnur

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 56 (-650158) V: 14, 11, 57 (-141994)

Hleðsluhæð: 2 m

Lengd: 8 m

Breidd: 12 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna framkvæmda

Staðhættir

„Hrúteyri, grasbýli, útróðrarstaður og tvö íbúðarhús 1918. Norðmenn munu hafa haft þar aðstöðu til síldveiða og verslunar fyrir aldamót, tún tæpur hektari 1918.” (Sjm:170)

Í Örnefnaskrá stendur: „Fyrir innan Handarhald er Hrúteyri; þar var síldarútgerð mikil 1880-90.” (ÖSB) “Hrúteyri, (grasbýli, grashús), þar voru tvö íbúðarhús (1918). Norðmenn munu þar hafa haft aðstöðu til síldveiða, búseta þar fram um 1930.” (ÖR)

Í Örnefnaskrá stendur: „Fyrir neðan hjallana var hús, kallað Hinrikshús. Hinrik var trésmiður á síldarárunum, Hallgrímsson. Síðast bjó á Hrúteyri Benedikt Gíslason.” (ÖSB)

Lýsing

Framan við mel um 100 m innan við Hrúteyrará eru leifar af hlöðnum og steyptum húsgrunni. Grunnurinn er um 8 x 12 m að ummáli og veggjahæð mest um 2 m. Grjótveggur hefur verið hlaðinn upp að melnum á um 30 m kafla sunnan við húsið. Einnig eru leifar hlaðins veggjar norðan húss.

Aðrar upplýsingar

Kann að vera svokallað Hinrikshús sem getið er í örnefnaskrá.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Slétta og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði.

Örnefni við Reyðarfjörð, Björn G. Eiríksson skráði, 1. des. 2000.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi. Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976

Slétta 158204 145 - 19

Sérheiti: Hrúteyri

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 54 (-650150) V: 14, 11, 40 (-141944)

Hleðsluhæð: 1 m


Lengd: 5 m

Breidd: 2,5 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna ágangs sjávar



Staðhættir

Liggur niður við fjöru. Um 25 m neðan vegar

Lýsing

Hringlaga tóft er grafin inn í bakka ofan fjörunnar, opin til norðurs. Ummál 2,5 x 5 m og hæð veggja er 1 m.

Slétta 158204 145 - 20

Sérheiti: Hrúteyri


Hlutverk: Verbúð

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 55 (-650153) V: 14, 11, 43 (-141953)

Hleðsluhæð: 1,4 m

Ástand: Gott



Staðhættir

Verbúðartóft liggur um 15 m neðan við veg og um 15 m ofan við sjó. Norðvestur af sumarbústað sem stendur ofan vegar austan Hrúteyrar.

Lýsing

Grjóthleðsla í veggjum er mjög greinileg og stendur vel. Tóftin er vel gróin. Mesta hæð veggja er um 1,4 m og um 1 m þar sem veggir eru þykkastir. Dyr eru á tóftinni

og vísa til norðurs. Um 15 m norðvestur af tóftinni er 1 x 1 m ferhyrnd lægð í grasið, um 0,2 m djúp.

Slétta 158204 145 - 21

Sérheiti: Hrúteyri


Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 50 (-650139) V: 14, 11, 48 (-141967)

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta



Staðhættir

Tóftin er í hlíðinni um 300 m ofan þjóðvegjar austan Hrúteyjar.

Lýsing

Grjóttóft, grafin inn í hlíðina. Grjóthleðslur standa vel. Tóftin er vel gróin. Dyr eru á tóftinni og vísa til norðurs. Norðurveggur er heldur lægri en hinir veggirnir.

Slétta 158204 145 - 22

Sérheiti: Hrúteyri

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 52 (-650144) V: 14, 11, 41 (-141947)

Hleðsluhæð: 1,5 m

Lengd: 10 m

Breidd: 6 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta




Staðhættir

Tóftin er ofan víkur austan Hrúteyjar, austan lækjar og foss í honum, um 60 m ofan vegar. Þar 30 m austur af er sumarbústaður.

Lýsing

Tóft úr grjóti og torfi, ummál 10 x 6 m. Hleðslur standa nokkuð vel, þó farnar að falla. Dyr vísa til norðurs. Mesta hæð veggja er 1,5 m og mesta þykkt 2 m.

Slétta 158204 145 - 23



Sérheiti: Hrúteyri

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 52 (-650144) V: 14, 11, 19 (-141886)

Hleðsluhæð: 0,2 m

Lengd: 2,5 m

Breidd: 2 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Tóftin er austan Hrúteyrar, um 20 m neðan vegar sem liggur inn Reyðarfjörð sunnanverðan og 20 m frá sjó.

Lýsing

Ferhyrnd tóft, að ummáli 2 x 2,5 m. Vesturveggur tóftar stendur ágætlega, suðurveggur er grafinn í hliðina. Austurveggur er ógreinilegur. Tóftin er opin til norðurs. Mesta veggjahæð er 0,2 m og mesta þykkt veggja er 0,3 m.

Slétta 158204 145 - 24

Sérheiti: Hrúteyri


Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 53 (-650147) V: 14, 11, 20 (-141889)

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**

Tóftin er austan Hrúteyrar um 20 m neðan við veg sem liggur inn Reyðarfjörð, 40 m frá sjó.

Lýsing

Mjög gróin tóft, sér hvergi í grjóti, hún er að mestu opin til norðurs en mótast fyrir veggjarbroti í miðju opi. Veggir standa vel. Neðan við tóftina er 10 x 10 m ferhyrnt svæði,

suðurhliðin grafinn í hliðina, notkun óþekkt.

Slétta 158204 145 - 25

Sérheiti: Hrúteyri

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 47 (-650131) V: 14, 9, 55 (-141653)

Lengd: 4 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

**Staðhættir**

Tóftin er um 260 m innan Hrúteyrar, 10 m neðan við veg sem liggur til Reyðafjarðar og 30 m ofan við sjó.

Lýsing

Ferhyrnd, mjög ógreinileg tóft, veggir standa ekki, algróin og hvergi sér í grjóti. Ummál 4 x 4 m.

Slétta 158204 145 - 26

Sérheiti: Hrúteyri

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Hleðsla

Lega: N: 65, 0, 52 (-650144) V: 14, 11, 36 (-141933)

Lengd: 105 m

Ástand: Sæmilegt

**Staðhættir**

Garðlag um 20 m ofan við veg sem liggur inn Reyðarfjörð. Liggur upp í hlíðina, samsíða læk. Veggurinn beygir að læknum og endar þar. Austan við lækinn er sumarbústaður.

Lýsing

Hlaðinn grjótgarður, mest 1 m á breidd og um 1 m þar sem hann er hæstur. Liggur á um 105 m löngum kafla.

Slétta 158204 145 - 27

Sérheiti: Klausensgrunnur/Klásenshús

Hlutverk: Verslun

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 48 (-650133) V: 14, 9, 32 (-141589)

Lengd: 10 m

Breidd: 10 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna sjávangangs

Staðhættir

“Klausensgrunnur er í vík innan við Holtastaðaeýri, að sögn einhver fyrsti verslunarstaður löggiltur austanlands á 19. öld” (Sjm:170) “Norðmenn munu þar hafa haft aðstöðu til síldveiða, búseta þar fram um 1930.” (B.G.E.)

Grunnurinn er í fjöruborðinu um 300 m innan við svokallaða Holtastaðaeýri.


Lýsing

Grjóthleðslur úr stórgrýti undan húsi standa í sjó fram. Hleðsla er nokkuð heilleg en farin að hrynja. Grunnurinn er 10 x 10 m að utanmáli og liggur allur í sjó fram. Um 5 m langar hleðslur eru upp í brekkuna fyrir ofan út frá báðum langveggjum grunnsins. Um 7 x 7 m grjóthlaðin upphækkun er áföst grunninum vestanmegin og einföld 20 m grjótröð liggur út í sjó sex metrum austan grunnsins.

Heimildaskrá

Björn G. Eiríksson. Örnefni við Reyðarfjörð. Skrá um (yfir) örnefni einstakra bæja í Reyðarfjarðarhreppi.

Sveitir og jarðir í Múlapingi. III. bindi. Ármann Halldórsson ritstjóri.


**Slétta 158204 145 - 28**

Sérheiti: Guðjónsblettur

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 45 (-650125) V: 14, 10, 4 (-141678)



Hleðsluhæð: 2 m

Lengd: 13 m

Breidd: 7 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Guðjón Pálsson byggði hús á Innriströnd, kallað Guðjónsblettur.” (ÖSB)

Þarna er enn uppistandandi fjárhús en einnig túngarðshleðsla og nokkrar tóftir bæði ofan og neðan þjóðvegarins á sunnanverðri strönd Reyðarfjarðar.

Fjárhústóft um 50 m ofan þjóðvegur 10 m austan túngarðs í túni uppi í brekkunni ofan vegar.

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður, um 13 x 7 m að ummáli og sést hlaðinn garði fyrir miðju. Hleðslur standa vel, mesta veggjapykkt 2 m og þykkt 1,5 m, opin til norðurs.

Slétta 158204 145 - 29

Sérheiti: Guðjónsblettur

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 48 (-650133) V: 14, 10, 3 (-141675)

Hleðsluhæð: 1,5 m

Lengd: 6 m

Breidd: 5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna umferðar og vegagerðar

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Guðjón Pálsson byggði hús á Innriströnd, kallað Guðjónsblettur.” (ÖSB)

Þarna er enn uppistandandi fjárhús en einnig túngarðshleðsla og nokkrar tóftir bæði ofan og neðan þjóðvegarins á sunnanverðri strönd Reyðarfjarðar.

Lýsing

Enn eru uppistandandi fjárhús neðan þjóðvegur við svokallaðan Guðjónsblett. Um 5 m vestan þeirra og um 10 m neðan þjóðvegur er lítil tóft um 6 x 5 m að utanmáli. Snýr n-s og dyr til norðurs. Þykkt veggja mest 1,5 m og hæð 1 m. Hleðsla stendur vel og dyr vita til norðurs.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði.

Slétta 158204 145 - 30

Sérheiti: Guðjónsblettur

Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Lega: N: 65, 0, 46 (-650128) V: 14, 10, 4 (-141678)
Lengd: 200 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna umferðar og vegagerðar

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Guðjón Pálsson byggði hús á Innriströnd, kallað Guðjónsblettur.” (ÖSB)

Þarna er enn uppistandandi fjárhús en einnig túngarðshleðsla og nokkrar tóftir bæði ofan og neðan þjóðvegarsins á sunnanverðri strönd Reyðarfjarðar.

Garðlag sem liggur umhverfis svokallaðan Guðjónsblett, vestan Litlueyrar.

Lýsing

Grjótgarður, mjög farinn að falla, liggur upp í hlíðina vestan við túnið á um 200 m kafla. Hæð garðsins er mest um 1 m og þykkt er mest um 80 sm. Garðurinn sést einnig á um 40 m kafla neðan þjóðvegarsins, samsíða honum vestan við uppistandandi fjárhús (65°00'48"/14°10'03"). Annar hluti hans sést á 15 m kafla neðan og austan fjárhúss (65°00'48"/14°09'58"). Þar er garðurinn lægri og hefur verið notaður undir vírgirðingu.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði.

Slétta 158204 145 - 31

Sérheiti: Guðjónsblettur
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft
Lega: N: 65, 0, 45 (-650125) V: 14, 10, 0 (-141667)
Hleðsluhæð: 2 m
Lengd: 9 m
Breidd: 6 m
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Guðjón Pálsson byggði hús á Innriströnd, kallað Guðjónsblettur.” (ÖSB)

Þarna er enn uppistandandi fjárhús en einnig túngarðshleðsla og nokkrar tóftir bæði ofan og neðan þjóðvegarsins á sunnanverðri strönd Reyðarfjarðar.

Tóft efst í túni um 60 m ofan þjóðvegarsins beint ofan fjárhúsa sem enn standa.

Lýsing

Grjót- og torfhlaðin tóft, snýr norður-suður. Hlaðin á þrjá vegu en þil hefur verið til norðurs. Tóftin er 9 x 6 m að utanmáli, veggþykkt 2 m, hæð 2 m.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði.

Slétta 158204 145 - 32

Sérheiti: Guðjónsblettur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 45 (-650125) V: 14, 10, 0 (-141667)

Hleðsluhæð: 2 m

Lengd: 5 m

Breidd: 5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegna nálægðar við veg

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Guðjón Pálsson byggði hús á Innriströnd, kallað Guðjónsblettur.” (ÖSB)

Þarna er enn uppistandandi fjárhús en einnig túngarðshleðsla og nokkrar tóftir bæði ofan og neðan þjóðvegarins á sunnanverðri strönd Reyðarfjarðar.

Tóftin stendur yst (austast) þriggja tófta í túni um 50 m ofan vegar.

Lýsing

Tóftin er 5 x 5 m að utanmáli, dyr til norðurs, veggjaþykkt 1,5 m og hæð 2 m. Hleðslur standa vel, þó aðeins farnar að hrynja inn á við.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði.

Slétta 158204 145 - 33

Sérheiti: Guðjónsblettur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 47 (-650131) V: 14, 9, 55 (-141653)

Hleðsluhæð: 0,8 m

Lengd: 4 m


Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegna nálægðar við veg

Staðhættir



Í Örnefnaskrá stendur: „Guðjón Pálsson byggði hús á Innriströnd, kallað Guðjónsblettur.” (ÖSB)

Þarna er enn uppistandandi fjárhús en einnig túngarðshleðsla og nokkrar tóftir bæði ofan og neðan þjóðvegarins á sunnanverðri strönd Reyðarfjarðar.

Tóftin er um 20 m frá sjó og 15 m neðan við veg sem liggur inn Reyðarfjörð sunnanverðan um fimm metrum innan (vestan) uppistandandi fjárhúss.

Lýsing

Ferhyrnd grjót- og torfhlaðin tóft að ummáli um 4 x 4 m. Tóftin er vel gróin en þó sér í grjót. Dyr eru á

tóftinni og vísa til norðurs. Mesta þykkt veggja er 1,5 m og mesta hæð er 0,8 m.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði.

Slétta 158204 145 - 34

Sérheiti: Guðjónsblettur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 48 (-650133) V: 14, 9, 49 (-141636)

Hleðsluhæð: 2,5 m


Lengd: 6 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegna nálægðar við veg



Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Guðjón Pálsson byggði hús á Innriströnd, kallað Guðjónsblettur.” (ÖSB)

Þarna er enn uppistandandi fjárhús en einnig túngarðshleðsla og nokkrar tóftir bæði ofan og neðan þjóðveggarins á sunnanverðri strönd Reyðarfjarðar.

Tóftin er utan við fjárhúsin á Guðjónsbletti, um 30 m frá sjó og um 30 m neðan við veg sem liggur inn

Reyðarfjörð.

Lýsing

Grjót og torfhlaðinn niðurgrafningur. Mesta hæð veggja er 2,5 m. Innanmál tóftar er 6 x 4 m. Utan um tóftina til norðurs og austur er veggurinn um 2 m. Suðurhliðin er grafin í hlíðina. Við vesturvegginn er nýleg girðing. Það sér í grjót í tóftinni en hún er vel gróin.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði.

Slétta 158204 145 - 35

Sérheiti:

Strönd/Holtastaðir/Sléttuströnd

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 46 (-650128)

V: 14, 9, 5 (-141514)

Lengd: 11 m

Breidd: 7 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Heimildamaður: Sigurður


Baldursson, bóndi á Sléttu,

fæddur þar og uppalinn



Bæjarstaði á Holtastaðaeypri. Ljósmynd: Guðný Zoëga

Strönd - Holtastaðaeypri



Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Þar var bær á Holtastöðum, en var alltaf kallaður á Strönd. Þar bjó síðast Kristján Eyjólfsson.” (ÖSB) „Í F’18[Fasteignamati 1918] er einnig getið um Sléttuströnd og býr þar þá Kristján Eyjólfsson í timburhúsi byggðu 1897, hefur hús fyrir 50 kindur, hlöðu, hesthús og sjóhús, einnig ræktun á lóð um 1,3 ha.” (Sjm:170).

Í Örnefnaskrá Reyðarfjarðar stendur: „Í handriti, er einnig skrifað, Hjá Holtastaðaeypri var eyðibýlið Strönd.”

“Á korti er bær (Strönd, líkl.) merktur rétt innan við árósa Strandarár.” (ÖR)

Lýsing

Steinsteyptur húsgrunnur, 11 x 7 m að utanmáli. Ekkert er nú eftir af húsinu sem stóð þarna.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Sigurði Baldurssyni, bónda á Sléttu, munu Strönd, Sléttuströnd og Holtastaðeyri allt vera nöfn á býlum þeim sem staðið hafa á Holtastaðeyri.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði.

Örnefni við Reyðarfjörð, Björn G. Eiríksson skráði, 1. des. 2000.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi. Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976

Slétta 158204 145 – 36

Sérheiti: Strönd/Holtastaðir/Sléttuströnd

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 46 (-650128) V: 14, 9, 5 (-141514)

Hleðsluhæð: 1,5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna umferðar og vegagerðar

Staðhættir

Grjótgarður er umhverfis tún á Holtastaðeyrinni. Hann liggur í hring neðan og ofan þjóðveggar umhverfis túnið neðanvert. Grjótgarður liggur einnig upp frá garðinum vestanverðum upp að tóft sem er við enda garðsins.

Lýsing

Grjótgarður liggur einnig upp frá garðinum vestanverðum upp að tóft sem er við enda garðsins. Á um 40 m kafla, þar sem garðurinn liggur upp að tóftinni, er hann einnig torfhlaðinn, um 1,5 m á hæð og 2 m á breidd. Annars er garðurinn fremur lágur, hæstur um 70 sm og um metri á breidd. Hann er nokkuð tekinn að hrynja. Kann að vera að garðurinn hafi legið undir girðingu.

Slétta 158204 145 – 37

Sérheiti: Strönd/Holtastaðir/Sléttuströnd

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 46 (-650128) V: 14, 9, 2 (-141506)

Hleðsluhæð: 2 m

Lengd: 7 m

Breidd: 6 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Fjárhústóftin stendur um 40 m austan við bæjarhúsin á Strönd utan undir brekku.

Lýsing

Torf- og grjóthlaðin fjárhús, 6 x 7 m að utanmáli, að hluta til grafin niður. Garði er eftir húsinu miðju en þil hefur verið til norðausturs. Hleðslur standa enn mjög vel.

Veggjahæð mest 2 m, þykkt 1 m. Um 2 m aftan tóftarinnar er ferköntuð smátóft, 2,5 x 1 m, lágt veggjalag.

Slétta 158204 145 – 38

Sérheiti: Strönd/Holtastaðir/Sléttuströnd

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 46 (-650128) V: 14, 9, 2 (-141506)

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 4 m

Breidd: 3 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Tóftin stendur um 60 m austan við bæjarhúsin á Strönd undir brekku.

Lýsing

Torf- og grjóthlaðin tóft, 4 x 3 m að utanmáli, að hluta til grafin inn í brekkuna. Mesta veggjahæð er 1 m og þykkt 1,5 m. Hleðslur standa enn mjög vel og járnör liggur gegnum bakvegginn.

Slétta 158204 145 – 39

Sérheiti: Strönd/Holtastaðir/Sléttuströnd

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 44 (-650122) V: 14, 9, 5 (-141514)

Hleðsluhæð: 1,5 m

Lengd: 5 m

Breidd: 5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Tóftin liggur í brekku efst í túni við enda túngarðsins, um 100 m ofan bæjarstæðisins á Strönd.

Lýsing

Grjót- og torfhlaðin tóft, 5 x 5 m að utanmáli, snýr nv-sa, dyr til nv. Grjóthleðslur standa vel og eru vel greinilegar, mesta hæð um 1,5 m og þykkt 1,5 m.

Slétta 158204 145 – 40

Sérheiti: Strönd/Holtastaðir/Sléttuströnd

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 43 (-650119) V: 14, 9, 5 (-141514)

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 5 m

Breidd: 5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Tóftin stendur um 40 m ofan túngarðs og túns upp við brekku austan lækjar á Holtastaðaeyrinni.

Lýsing

Grjót- torfhlaðin tóft, um 5 x 5 m að utanmáli, að hluta til grafin inn í brekkuna. Snýr na-sv og dyr hafa verið til na. Mesta vegghæð 1 m, þykkt 2 m.

Slétta 158204 145 – 41

Sérheiti: Strönd/Holtastaðir/Sléttuströnd

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Lega: N: 66, 39, 47 (-666631) V: 14, 9, 9 (-141525)

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 7 m

Breidd: 3 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna vegagerðar

Staðhættir

Grjóthlaðinn grunnur tóftar um 5 m ofan þjóðvegur vestarlega innan túngarðs neðan bæjarstæðisins á Strönd/ Holtastöðum/Miðströnd.

Lýsing

Tóftin er grafin inn í túbrekkuna en veggir grjóthlaðnir að innan. Snýr austur-vestur, dyr hafa verið á norðurhlið. Um 7 x 3 m að utanmáli, mesta vegghæð 1 m, þykkt 1,4 m.

Slétta 158204 145 – 42

Sérheiti: Strönd/Holtastaðir/Sléttuströnd

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 48 (-650133) V: 14, 9, 2 (-141506)

Hleðsluhæð: 1,7 m

Lengd: 16 m

Breidd: 8 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna umferðar og vegagerðar

Staðhættir

Fjárhústóft, sem liggur innan fimm metra frá syðri brún þjóðvegur, neðan brekku austan bæjarstæðisins á Strönd/Holtastöðum/Miðströnd.

Lýsing

Grjót- og torfhlaðin fjárhús- og hlöðutóft. Að utanmáli er tóftin 16 x 8 m. Tóftin snýr norður-suður, fjárhúsið norðan við, hefur verið þil á því til norðurs. Garði er eftir

endilöngu fjárhúsinu. Aftan þess er nokkuð stór hlaða og er hún um metra breiðari en fjárhúsið. Hleðslur standa enn nokkuð vel, mesta vegghæð er 1,7 m og þykkt 1,2 m.

Slétta 158204 145 – 43

Sérheiti: Strönd/Holtastaðir/Sléttuströnd

Hlutverk: Bryggja/uppsátur

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 9, 50 (-651639) V: 14, 9, 10 (-141528)

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna ágangs sjávar

Staðhættir

Uppsátur og undirstöður bryggju eru í fjöruborðinu nyrst á Holtastaðaeyrinni neðan túns á Strönd.

Lýsing

Framan sjóhúsanna er hlaðinn renna úr grjóti, um 5 m breið. Austan hennar er hleðsla sem liggur um 20 m fram í sjó og beygir þá til austurs í um 10 m. Vestan rennunnar er grjóthlaðin aflöng upphækkuð slétta, um 20 m á breidd og um 100 m á lengd til vesturs frá sjóhúsum og naustum. Þessi mannvirki eru hlaðin úr mjög stóru grjóti og tilheyrir líklega síldarútgerð Norðmanna á svæðinu.

Slétta 158204 145 – 44

Sérheiti: Strönd/Holtastaðir/Sléttuströnd

Hlutverk: Kofi

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 44 (-650122) V: 14, 9, 20 (-141556)

Lengd: 5 m

Breidd: 5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Kofatóft um 200 m innan við túnið á Strönd og um 70 m ofan þjóðveggar.

Lýsing

Tóftin er um 5 x 5 m að utanmáli, hlaðin úr torfi og grjóti, þil hefur verið til norðurs. Einföld grjótröð liggur út frá tóftinni og beygir svo upp í fjallið sitt hvoru megin tóftarinnar. Undan vírgirðingu.

Slétta 158204 145 - 45

Sérheiti: Strönd/Holtastaðir/Sléttuströnd

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Náma

Lega: N: 65, 0, 45 (-650125) V: 14, 9, 14 (-141539)

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Nokkrar mógrafir eru í hlíðinni um 150 m vestan túns á Strönd og um 80 m ofan vegar.

Slétta 158204 145 - 46

Sérheiti: Strönd/Holtastaðir/Sléttuströnd

Hlutverk: Naust

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 49 (-650136) V: 14, 9, 10 (-141528)

Lengd: 8 m

Breidd: 2 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegna sjógangs

Staðhættir

Þrjár tóftir liggja efst við fjöruborð norðvestan túngarðs um 50 m neðan vegar.

Lýsing

Þrjár tóftir liggja efst við fjöruborð norðvestan túngarðs um 50m neðan vegar. Tvær austustu tóftirnar eru samfastar, grjót- og torfhlaðnar, sú eystri minni, um 3 x 2 m að utanmáli. Stærri tóftin er um 8 x 2 m að innanmáli. Báðar tóftirnar liggja norður-suður og kunna að vera leifar nausta en framan þeirra er grjóthlaðin renna út í sjó. Mesta vegghæð 1 m, þykkt 1 m.

Slétta 158204 145 - 47

Sérheiti: Strönd/Holtastaðir/Sléttuströnd

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 49 (-650136) V: 14, 9, 10 (-141528)

Hleðsluhæð: 1,6 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegna ágangs sjávar

Staðhættir

“Í F’18 [Fasteignamati 1918] er getið um Sléttuströnd og býr þar þá Kristján Eyjólfsen í timburhúsi byggðu 1897, hefur hús fyrir 50 kindur, hlöðu, hesthús og sjóhús, einnig ræktun á lóð um 1,3 ha.” (Sjm:170).

Í Örnefnaskrá Reyðarfjarðar stendur: „Með síldveiðunum upp úr 1880 myndaðist út með sjónum dálítil sjávarbyggð. Nokkur „grasbýli, og eða tómthús“ urðu til þarna á ströndinni. Bólstaðir, auk aðstöðu til síldveiða og verzlunar, svo og til útróðra.”

Lýsing

Grjóthlaðinn ferkantaður grunnur undan sjóhúsi, hlaðinn á þrjá vegu. Enginn veggur á norðurhlið. Mesta vegghæð 1,6 m, þykkt 60 sm.

Slétta 158204 145 – 48

Sérheiti: Hrúteyri

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft


Lega: N: 65, 0, 53 (-650147) V: 14, 11, 46 (-141961)

Hleðsluhæð: 1,5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Er að falla ofan í ána



Staðhættir

Frammi á árbakka, vestan ár, austan mels sem liggur innan Hróteyrar. Um 40 m ofan þjóðvegjar.

Lýsing

Tvískipt tóft, hlaðin úr grjóti og torfi. Minni tóftin snýr upp í hlíð. Er að hluta til grafin inn í hlíðina. Mest 1,4 m þar sem hún er dýpst. Dyr liggja til norðurs úr henni yfir í stærri tóftina, einhverskonar gripheldi. Norðurhlíð

þess er farin að falla ofan í ána. Mesta hæð veggja er 1,5 m og þykkt 1,5 m. Kann að vera stekkur.

Slétta 158204 145 - 49

Sérheiti: Innri-Selstaðir

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft



Tóftir á Innri-Selstöðum. Ljósmynd: Bryndís Zoëga

Lega: N: 65, 0, 42
(-650117) V:

14, 7, 33 (-141258)

Hleðsluhæð: 1,7 m

Lengd: 16 m

Breidd: 7 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Á enda Breiðahjalla við ána eru Innri-Selstaðir. Þar voru sauðahús (120-30) frá Seljateigi.

Lýsing

Þrjár tóftir eru greinilegar á Innri-Selstöðum, tvær

fjárhústóftir og ein rétt. Sú vestasta og er fjárhús- og hlöðutóft, 16 x 7 m að utanmáli. Liggur nv-sa, garði fyrir miðju. Hleðslur standa mjög vel og er mesta veggshæð 1,7 m og þykkt 2 m. Dyr hafa verið til suðausturs. Um metra frá suðurhlíð tóftarinnar er um 3 x 3 m ferköntuð gryfja, hlutverk óþekkt.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði.

Slétta 158204 145 - 50

Sérheiti: Innri-Selstaðir

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 43 (-650119) V: 14, 7, 31 (-141253)

Hleðsluhæð: 2 m

Lengd: 15 m

Breidd: 6 m

Ástand: Gott


Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Efst og syðst á melhæð um 150 m sunnan og upp af vegi, um 200 m austan og ofan Miðstrandarár eru leifar fjárhúsa.

Lýsing

Þrjár tóftir eru greinilegar á Innri-Selstöðum, tvær fjárhústóftir og ein rétt. Austasta tóftin af þremur á Innri-Selstöðum, stendur austast í melbrekku. Fjárhús með áfastri hlöðu um 15 x 6 m að utanmáli. Hlaðan aftan við er um 4 x 4 m að innanmáli. Garði er eftir fjárhúsinu miðju og dyr hafa verið fram í brekkuna til austurs. Hleðslur eru mjög vel standandi og greinilegar, dýpt tóftarinnar er um 2 m þar sem hún er mest, veggjabykkt um 3 m.



Slétta 158204 145 - 51

Sérheiti: Innri-Selstaðir

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 43 (-650119) V: 14, 7, 33 (-141258)

Hleðsluhæð: 0,5 m

Lengd: 8 m

Breidd: 8 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Efst og syðst á melhæð um 150 m sunnan og upp af vegi, um 200 m austan og ofan Miðstrandarár. Um 5 m vestan fjárhús- og hlöðutóftar.

Lýsing

Nálega ferhyrnd tóft, um 8 x 8 m að utanmáli, veggjahæð 50 sm, þykkt 60 sm. Hlið hefur verið til norðvesturs. Þessi tóft er nokkru grónari en fjárhústóftirnar og er ekkert grjót að sjá í hleðslum.

Slétta 158204 145 -52

Sérheiti: Innri-Selstaðir

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Náma

Lega: N: 65, 0, 44 (-650122) V: 14, 7, 31 (-641253)

Lengd: 10 m


Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Um 10 m löng og 4 m breið mógröf er í lægð austan mels þess sem Innri-Selstaðir standa á, um 70 m ofan vegar.



Slétta 158204 145 - 53

Sérheiti: Selstaðir

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Heimild

Lega: N: 65, 0, 57 (-650158)

V: 14, 6, 1 (-141003)

Lengd: 5 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

“Út með sjónum (utan við Holtastaðaeypri) er sandfláki. Þar utar eru grasfletir sem heita Selstaðir. Þar hafa verið beitarhús frá Borgargerði.

Sléttuland byrjar í Jötnagörðum. Fyrir innan Jötnagarða heita Selstaðir” (ÖR).

Tóftir Selstaða liggja um 20 m neðan við þjóðveg.

Lýsing

Í miðjunni er ferköntuð myndun einhvers húss eða jafnvel matjurtagarðs. Stærð um 4 x 5 m að ummáli. Eina grjótið er við suðausturhorn.

Heimildaskrá

Örnefni við Reyðarfjörð, Björn G. Eiríksson skráði, 1. des. 2000.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson ritstjóri.

Örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði.

Slétta 158204 145 - 54

Sérheiti: Selstaðir

Hlutverk: Grunnur

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 55 (-650153) V: 14, 6, 1 (-141003)

Lengd: 4 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna vegagerðar

Staðhættir

“Út með sjónum (utan við Holtastaðaeyri) er sandfláki. Þar utar eru grasfletir sem heita Selstaðir. Þar hafa verið beitarhús frá Borgargerði. Sléttuland byrjar í Jötnagörðum. Fyrir innan Jötnagarða heita Selstaðir” (ÖR).

Tóftir Selstaða liggja um 20 m neðan við þjóðveg.

Lýsing

Þrjár tóftir liggja í röð upp brekkuna vestanmegin lægðar í henni. Efst þeirra er ferhyrnd grjótlögð flöt, um 4 x 4m að utanmáli, virðist vera grunnur undan einhvers konar húsi.

Slétta 158204 145 - 55

Sérheiti: Selstaðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 55 (-650153) V: 14, 6, 1 (-141003)

Hleðsluhæð: 0,6 m

Lengd: 4 m

Breidd: 3 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna vegagerðar

Staðhættir

“Út með sjónum (utan við Holtastaðaeyri) er sandfláki. Þar utar eru grasfletir sem heita Selstaðir. Þar hafa verið beitarhús frá Borgargerði. Sléttuland byrjar í Jötnagörðum. Fyrir innan Jötnagarða heita Selstaðir” (ÖR).

„Jörðin (Borgargerði) var þó talin allvel fallin til búskapar vegna góðrar beitar m.a. fjörubeitar út með firði, þar sem löngum hafa verið beitarhús og eru enn.” (Sjm:170).

Tóftir Selstaða liggja um 20 m neðan við þjóðveg.

Lýsing

Þrjár tóftir liggja í röð upp brekkuna vestanmegin lægðar í henni. Neðst er lítil tóft grafin inn í bakkann og hleðslur utan um. Tóftin er um 4 x 3 m að utanmáli og dyraop hefur verið til norðausturs. Veggjahæð er mest um 60 sm, þykkt um 50 sm. Um tveimur metrum vestan og neðan hennar er 1 x 2 m gryfja, um 70 sm djúp.

Heimildaskrá

Örnefni við Reyðarfjörð, Björn G. Eiríksson skráði, 1. des. 2000.

Sveitir og jarðir í Múlapingi III, Ármann Halldórsson ritstjóri.

Slétta 158204 145 - 56

Sérheiti: Selstaðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 57 (-650158) V: 14, 5, 60 (-141000)

Lengd: 4 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna vegagerðar

Staðhættir

“Út með sjónum (utan við Holtastaðaeyri) er sandfláki. Þar utar eru grasfletir sem heita Selstaðir. Þar hafa verið beitarhús frá Borgargerði. Sléttuland byrjar í Jötnagörðum. Fyrir innan Jötnagarða heita Selstaðir” (ÖR).

„Jörðin (Borgargerði) var þó talin allvel fallin til búskapar vegna góðrar beitar m.a. fjörubeitar út með firði, þar sem löngum hafa verið beitarhús og eru enn.” (Sjm:170). Tvær tóftir eru austan megin lægðar í brekku á Selstöðum um 20 m neðan við þjóðveg.

Lýsing

Neðri tóftin er ferhyrnd, grjót- og torfhlaðin, fremst á bakka ofan fjöru. Tóftin er um 4 x 4 m að utanmáli, veggir um 1,5 m þar sem þeir eru þykkastir og dýpt tóftarinnar er um 1,5 m. Suðurhlíð grafin inn í hlíðina, grjót mjög greinilegt í veggjum en nokkuð farið að hrynja.

Heimildaskrá

Örnefni við Reyðarfjörð, Björn G. Eiríksson skráði, 1. des. 2000.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson ritstjóri.

Slétta 158204 145 - 57

Sérheiti: Selstaðir

Hlutverk: Grunnur

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 57 (-650158) V: 14, 5, 60 (-141000)

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna vegagerðar

Staðhættir

“Út með sjónum (utan við Holtastaðaeyri) er sandfláki. Þar utar eru grasfletir sem heita Selstaðir. Þar hafa verið beitarhús frá Borgargerði. Sléttuland byrjar í Jötnagörðum. Fyrir innan Jötnagarða heita Selstaðir” (ÖR).

„Jörðin (Borgargerði) var þó talin allvel fallin til búskapar vegna góðrar beitar m.a. fjörubeitar út með firði, þar sem löngum hafa verið beitarhús og eru enn.” (Sjm:170). Húsgrunnur um 20 m neðan við þjóðveg austan við dæld sem liggur niður frá vegi.

Lýsing

Ferhyrnd afmörkun húsgrunns. Aðeins sjást einstaka steinar umhverfis en leifar af þykkum stálvír benda til að húsið sem þarna stóð hafi verið fest niður með vírafestingu.

Heimildaskrá

Örnefni við Reyðarfjörð, Björn G. Eiríksson skráði, 1. des. 2000.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson ritstjóri.
Örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði.

Slétta 158204 145 – 58

Sérheiti: Selstaðir

Hlutverk: Uppsátur

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 57 (-650158) V: 14, 5, 56 (-140989)

Lengd: 8 m

Breidd: 5 m
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ágangs sjávar

Staðhættir

“Út með sjónum (utan við Holtastaðaeypri) er sandfláki. Þar utar eru grasfletir sem heita Selstaðir. Þar hafa verið beitarhús frá Borgargerði. Sléttuland byrjar í Jötnagörðum. Fyrir innan Jötnagarða heita Selstaðir” (ÖR).

Um 20 m neðan við þjóðveg og um 40 m austan við tóftir á Selstöðum ofan fjöru

Lýsing

Um 40 m austan við tóftir á Selstöðum ofan fjöru hefur verið grafið inn í hlíðina og þannig myndaður veggur um 8 m á lengd. Út frá honum að vestan er um 6 m langur hlaðinn veggur sem liggur n-s í átt til sjávar. Líklega leifar nausts eða uppsáturs.

Heimildaskrá

Örnefni við Reyðarfjörð, Björn G. Eiríksson skráði, 1. des. 2000.
 Sveitir og jarðir í Múlapingi III, Ármann Halldórsson ritstjóri.

Slétta 158204 145 - 59

Sérheiti: Selstaðir

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Leg: N: 65, 0, 55 (-650153) V: 14, 5, 56 (-140989)


Lengd: 20 m

Breidd: 20 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegagerð



Staðhættir

Um 10 m ofan vegar beint ofan tóftanna á Selstöðum er eins ferhyrnd myndun upp við klöpp.

Lýsing

Um 10 m ofan vegar beint ofan tóftanna á Selstöðum er eins ferhyrnd myndun upp við klöpp. Að vestan, út frá klöppinni er eins og 20 m langur veggur sem auk nokkurra stórra náttúrusteina mynda nálega 20 x 20 m ferhyrnt svæði. Mjög gróið og ógreinilegt og hefur auk þess verið skemmt við gerð vegarins.

Slétta 158204 145 - 60

Sérheiti: Handarhald

Hlutverk: Gata

Tegund: Heimild

Leg: N: 65, 0, 45 (-650125) V: 14, 10, 48 (-141800)

Horfin: Horfið undir veg

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Þá heitir Litlaeyri, þá Hlein, stórt sker langt; þar næst er Handarhald. Um það liggur vegur.”

„Áður vegur var lagður, var einstigi í Handarhaldi, illfært og urðu menn að halda sér þar í kletta með höndum” (ÖSB).

Aðrar upplýsingar

Vegur, klettur sem búið er að leggja núverandi veg yfir, var áður einstigi.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði.

Slétta 158204 145 - 61

Sérheiti: Slétta 1

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Lega: N: 65, 1, 14 (-650206) V: 14, 15, 14 (-142539)

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Hlaðin grjóttvarða. Stendur um 20 m vestan við Fossá.

Slétta 158204 145 - 62

Sérheiti: Skipaklettur

Hlutverk: Uppsátur

Tegund: Heimild

Lega: N: 65, 1, 3 (-650175) V: 14, 12, 38 (-142106)

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Skipaklettur. Í Örnefnaskrá stendur: „Hrúta er innst á Hrúteyri, þar næst Skipaklettur. Við hann hafa verið bundin skip. Stældjúpt er að honum” (ÖSB).

Aðrar upplýsingar

Gps punktur tekinn á Skipakletti

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði.

Slétta 158204 145 - 63

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Náma

Lega: N: 65, 0, 53 (-650147) V: 14, 11, 26 (-141906)

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Tvær mógrafir um það bil 10 m neðan þjóðvegur og rúmlega 200 m innan Hrúteyrar.

Slétta 158204 145 - 64

Sérheiti: Hrúteyri

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Lega: N: 65, 0, 58 (-650161) V: 14, 12, 02 (-142006)

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna framkvæmda

Heimildamaður: Sigurður Baldursson, bóndi á Sléttu, fæddur þar og uppalinn.

Staðhættir

Hleðsla er framan við melinn austanvert á Hrúteyri, við athafnasvæði vegna jarðgangnagerðar.

Lýsing

Tvöföld grjótröð um 10 m löng og um 60 sm að þykkt.

Aðrar upplýsingar

Sigurður, bóndi á Sléttu, segir að þarna hafi áður staðið rétt en þessi grjóthleðsla er það eina sem eftir er af henni.

Slétta 158204 145 - 65

Sérheiti: Miðströnd

Hlutverk: Grunnur

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 45 (-650125) V: 14, 8, 2 (-141339)


Lengd: 8 m

Breidd: 3 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: hætta vegna jarðvegsrofs



Staðhættir

Vestan við foss í læk um 150 m vestan Miðstrandarár, uppi við kletta ofan vegar.

Lýsing

Greinileg grjóthleðsla undan húsgrunni. Grunnurinn hefur snúið a-v, um 8 x 3 m að ummáli. Út frá honum til norðurs liggja tvær grjótraðir, sú vestari um 12 m að lengd en sú eystri um 6 m að lengd. Einhverskonar ferhyrndur niðurgroftur er austan þessara hleðslna. Aðeins eru um 4 m frá grunninum út í lækinn sem rennur austan hans.

Aðrar upplýsingar

Miðströnd mun hafa verið yst býla á Sléttuströndinni. Í sóknarlýsingu frá 1843 stendur: Fyrir fimm árum byggði maður sér kofa á miðri Sléttuströnd og kallaði Miðströnd og var þar með hyski sínu þangað til í vor eð var; þá flutti hann sig burt og reif kofann." (bls:381-382)

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði.

Múlasýslur, sýslu- og sóknarlýsingar. Finnur M. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfu. Reykjavík, 2000.

Slétta 158204 145 - 67

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Náma

Lega: N: 65, 0, 51 (-650142) V: 14, 11, 19 (-141886)

Ástand: gott

Staðhættir

Um 270 m utan Hrúteyrar milli vegar og sjávar.

Lýsing

Ferhyrnd mógröf um 5 x 3 m að utanmáli.

Slétta 158204 145 - 68

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Náma

Lega: N: 65, 0, 53 (-650147) V: 14, 11, 26 (-141906)

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Um 250 m utan (austan) Hrúteyrar, um 30 m neðan vegar en 20 m ofan sjávar.

Lýsing

Ferkantaður niðurgroftur um 3 x 1 m að utanmáli.

Slétta 158204 145 - 69

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Lega: N: 65, 0, 51 (-650142) V: 14, 12, 5 (-142014)

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta


Hættuorsök: Hætta vegna jarðgangnagerðar

Staðhættir

Um 500 m norðvestur af gangamunna til Fáskrúðsfjarðar. Er í austurhlíð mels sem er austan við Borgargerði.

Lýsing

Tóftin er gróin, hlaðin úr grjóti, hleðslur standa vel en eru lítið eitt farnar að hrynja. Að utanmáli er tóftin um 9 x 5 m, snýr nálega na-sv og eru dyr til norðausturs. Mesta hleðsluhæð er 1,1 m og þykkt 0,8 m.



Slétta 158204 145 - 69

Hlutverk: Sjóhús


Tegund: Tóftaþyrping

Lega: N: 65, 0, 53 V: 14, 11, 36

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Hætta vegna jarðgangnagerðar



Á vesturbakka lækjar um 10 m neðan þjóðvegur efst í fjöruborðinu um 200 m innan Hrúteyrar.

Þrjár samliggjandi tóftir auk smákofa. Tvær austustu tóftirnar eru torf og grjóthlaðnar og kunna að hafa verið naust. Áfastur vestan þeirra er grjóthlaðinn grunnur undan sjóhúsi.

Allar snúa tóftirnar norður/suður og eru grafnar inn í bakkann ofan fjöruborðs. Austan við tóftirnar er upphlaðinn grjótkantur á um 10 m kafla austur að læknum sem rennur neðan þjóðvegur austan við tóftirnar. Vestast er smátóft um 2 x 1 m að innanmáli, grjót og torfhlaðin, einnig að hluta til grafin inn í bakkann.

Slétta 158204 145 - 70

Hlutverk: Surtarbrandsnáma

Hlutverk: Heimild

Skekkja: 2 m

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Surtarbrandur er í Innri-Jöklbotnum um 750-800 m hæð upp af Holtastaðaeeyri (Sjm:173).

Lýsing

Ekki skráð á vettvangi 2003.

Aðrar upplýsingar

Kolin munu fyrst hafa verið borin og síðan flutt á sleðum niður hlíðina. Getið er um námuma í fasteignamatinu 1918 og einhver surtarbrandur mun hafa verið sóttur þangað um og eftir fyrri heimstýrjöldina (Sjm:172).

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlapingi, III. bindi.

Borgargerði - 182064-146



Séð til norðausturs yfir bæjarstæði Borgargerðis, Hrutá í baksýn. Ljósmynd: Bryndís Zoëga

Saga

Borgargerði var hjáleiga frá Sléttu. Jarðarinnar er getið í Manntali frá 1703⁶⁷ en ekki í Manntali frá 1816. Hennar er svo aftur getið í Jarðatali Johnsens frá 1847 og var þá einbýli. Jörðin fór í eyði 1947 og er nú sameinuð Sléttu.⁶⁸

Náttúrufar og jarðabætur

Býlið var á fjarðarströndinni um tvo og hálfan kílómetra út frá Sléttu. Umhverfi bæjarstæðisins er hrjóstrugt og grýtt og engjar voru litlar og dreifðar en bestar á Borgargerðishjalla út frá bænum. Beitoland var aftur á móti kjarngott og fjörubeit var góð. Ábúandi á Borgargerði hafði tekjur af lóðum og síldveiði $\frac{1}{4}$ á móti $\frac{3}{4}$ á Sléttu. Einnig var aðstaða til útræðis og meira hefur bjargast af sjó en landi. Í Fasteignamati frá 1918 er getið um að kol, surtarbrandur í Innri-Jökulbotnum, hafi fundist og verið tekin í fjalli um hálf tíma gang frá sjó en vegur þangað var ógreiður. Námuréttur var seldur Jóni Arnesen framkvæmdastjóra á Eskifirði til 70 ára. Torfrista var vond og engin mótekja, en nóg af grjóti og sandi til bygginga. Vegur á landi var ógreiður. Sérstakur ókostur við jörðina var ágangur fénaðar og skriðuhlaup.⁶⁹

Heimildaskrá

Manntal á Íslandi árið 1703, tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Rvk. 1924-1947.

⁶⁷ Manntal á Íslandi 1703.

⁶⁸ Sveitir og jarðir III. bindi, bls. 172.

⁶⁹ Sveitir og jarðir III. bindi, bls. 172-3

J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kmh. 1847. Bls. 376.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 167-169.

Borgargerði 182064 146 - 1**Sérheiti:** Borgargerði**Hlutverk:** Bæjarhóll**Hlutverk:** Tóftaþyrping**Lega:** N: 65, 0, 49


(-650136) V: 14, 12, 23

(-142064)

Skekkja: 2 m**Ástand:** Gott**Hættumat:** Lítil hætta**Hættuorsök:** Vegna vegagerðar**Staðhættir**

Bæjarstæðið er uppi undir hjöllum í fjallinu um 100 m innan (vestan) Hrútár, um

250 m ofan núverandi þjóðveg (150 m ofan nýs þjóðveg að jarðgöngum). Í bæjarhólnum eru þrjú greinileg hús og tveir matjurtagarðar. Tvískipt tóft 20 x 7 m liggur austur-vestur í bæjarhólnum miðjum. Veggir hennar eru úr grjóti og torfi auk steypu. Veggir eru mest 2 m að þykkt og þar sem vestara herbergið er dýpst er það um 3 m. Við tóftina liggja leifar af strompi og eldavél. Smátóft um 5 x 5 m torf- og grjóthlaðin er við suðvesturhorn langa hússins. Dyr hafa vitað til vesturs og veggjahæð er um 1,5 m þar sem hún er hæst. Áföst austan langa hússins er grjót- og torfhlaðin tóft sem liggur norður-suður. Hún er um 8 x 2 m að innanmáli og standa veggir hæst um 1,6 m. Um 10 m ofan (sunnan) þessara tófta er tóft 12 x 9 m að utanmáli (65°00'49"/14°12'25"). Veggir hennar eru nokkuð voldugir, um 3 m að þykkt og tóftin dýpst 2,6 m. Dyr hafa verið á austurhliðinni miðri. Austan þessara tófta er garðlag sem myndar ferhyrndan garð, ef til vill matjurtagarð um 20 x 10 m að ummáli. Hlaðið hefur verið undir garðinn þannig að hann er sléttur.

**Borgargerði 182064 146 - 2****Hlutverk:** Matjurtagarður**Hlutverk:** Tóft**Lega:** N: 65, 0, 50 (-650139) V: 14, 12, 23 (-142064)**Skekkja:** 2 m**Hleðsluhæð:** 0,5 m**Lengd:** 10 m**Breidd:** 10 m**Ástand:** Gott**Hættumat:** Lítil hætta**Hættuorsök:** Vegagerð**Lýsing**

Ferhyrndur, hlaðinn torfgarður, myndar 10 x 10 m garð um 5 m norðan við bæjarhúsin. Mesta hæð garðlagsins er 50 sm, breidd 1 m, líklega matjurtagarður.

Borgargerði 182064 146 - 3

Hlutverk: Útihús

Hlutverk: Tóft

Lega: N: 65, 0, 49 (-650136) V: 14, 12, 19 (-142053)

Skekkja: 2 m

Hleðsluhæð: 1,5 m

Lengd: 10 m

Breidd: 6 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegagerð

Staðhættir

Tóft er út við gamla árfarveg Hrutár, um 60 m beint austur af bæjarstæðinu.

Lýsing

Tóftin er úr torfi og grjóti, 10 x 6 m að utanmáli, hlaðin á þrjá vegu en þil verið til norðurs. Veggheðslur standa vel, aðeins farnar að hrynja, mesta veggheð er 1,5 m, þykkt 1,4 m.

Borgargerði 182064 146 - 4

Hlutverk: Óþekkt

Hlutverk: Tóft

Lega: N: 65, 0, 50 (-650139) V: 14, 12, 26 (-142072)

Skekkja: 2 m

Hleðsluhæð: 0,4 m

Lengd: 8 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegagerð

Staðhættir

Tóft liggur um 30 m beint vestur af bæjarhúsunum á bakka handgrafins skurðar.

Lýsing

Tvískipt tóft, 8 x 4 m að utanmáli, dyr hafa verið á báðum herbergjum til norðausturs. Tóftin virðist nokkuð grónari en tóftirnar í bæjarhólnum og kann hún að vera eldri. Engir steinar sjást í hleðslu, veggjahæð mest 40 sm og þykkt 50 sm.

Borgargerði 182064 146 - 5

Hlutverk: Fjárhús

Hlutverk: Tóft

Lega: N: 65, 0, 50 (-650139) V: 14, 12, 27 (-142075)

Skekkja: 2 m

Hleðsluhæð: 0,5 m

Lengd: 17 m

Breidd: 7 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegagerð

Staðhættir

Um 60 m beint vestur af bæjarstæðinu er mjög gróin tóft af fjárhúsi með áfastri hlöðu aftan við. Lengd tóftarinnar er um 15 m en breidd 7 m. Veggjalög eru mjög ógreinileg, hæð veggja mest 50 sm og þykkt um 1,5 m. Tóftin virðist nokkuð grónari og eldri en aðrar fjárhústóftir í túninu.

Borgargerði 182064 146 - 6

Hlutverk: Útihús

Hlutverk: Tóft

Lega: N: 65, 0, 50 (-650139) V: 14, 12, 29 (-142081)

Skekkja: 2

Hleðsluhæð: 2 m

Lengd: 5 m

Breidd: 5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegagerð

Staðhættir

Tóftin er um 70 m beint vestur af bæjarstæðinu um fimmtán metrum vestar en fjárhús og hlaða.

Lýsing

Smátóft 5 x 5 m að utanmáli, grjót- og torfhlaðin, dyr til norðausturs. Veggjahæð 2 m og þykkt 1 m. Grjóthlaðnar dyr eru enn uppistandandi og þaktimbur enn í tóftinni.

Borgargerði 182064 146 - 7

Hlutverk: Fjárhús

Hlutverk: Tóft

Lega: N: 65, 0, 52 (-650144) V: 14, 12, 25 (-142069)

Skekkja: 2 m

Hleðsluhæð: 1,5 m

Lengd: 8 m

Breidd: 5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegagerð

Staðhættir

Fjárhústóft um 60 m norðvestan bæjarstæðis um 5 m austan handgrafins skurðar.

Lýsing

Tóftin er um 8 x 5 að utanmáli, torf- og grjóthlaðin á þrjá vegu en þil til norðurs. Garði er eftir tóftinni miðri. Vegghleðsla stendur nokkuð vel, hæð hennar mest um 1,5 m og þykkt um 1 m.

Borgargerði 182064 146 - 8

Hlutverk: Skurður

Legi: N: 65, 0, 49 (-650136) V: 14, 12, 26 (-142072)

Skekkja: 2 m

Lengd: 150 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegagerð

Lýsing

Handgrafinn skurður liggur frá fjallsrótum ofan bæjarstæðisins og vestan þess niður túnið á um 150 m löngum kafla. Skurðurinn er um 1,5 m á breidd og 1 m á dýpt. Gps hnit voru tekin við efri og neðri enda skurðar en hann er nokkurn veginn beinn. Gps hnit voru einnig tekin við neðri enda skurðarins.

N 65°00'52'' / V 14°12'26''

Samantekt - fornleifar í Fjarðabyggð

Alls voru skráðar á vettvangi 373 minjar á tólf jörðum. Þar af eru 111 minjar horfnar eða um 30% allra skráðra minja.

Fjöldi minja á jörðum skráðum á vettvangi

Jörð	Fjöldi fornleifa
Útstekkur	37
Svínaskáli	38
Lambeyri	48
Eskifjörður/Veturhús	37
Eskifjarðarsel/Byggðarholt	17
Borgir	9
Teigagerði	23
Bakkagerði	43
<i>Kollaleira</i>	22
<i>Áreyjar</i>	18
<i>Slétta</i>	69
<i>Borgargerði</i>	10
Samtals	374

Minjar á Útstekk

Á Útstekk er að finna ýmsar minjar sem dæmigerðar eru fyrir búskaparháttu á seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirrar 20. Enn er að hluta til uppistandandi gamli torfbærinn en annars standa núverandi fjárhús á bæjarstæðinu. Fjárhús og hesthúsatóftir eru í tónum umhverfis gamla bæjarstæðið en nokkur hús hafa verið rifin í seinni tíð.

Fáar minjar eru um hinn forna Breiðuvíkurkaupstað enda mun sjór búinn að brjóta stóran hluta þess lands þar sem verslunarhús og aðrar byggingar stóðu. Fremst í svokölluðum Búðamel er að finna óglöggar minjar húsgrunns og veggheðslu sem líklega tilheyra verslunartímanum. Einnig eru tvær tóftir við núverandi íbúðarhús sem kunna einnig að vera frá þeim tíma.

Hættumat

Helsta hætta sem steðja kann að minjum er vegna ábúðar. Gæta þyrfti að því að gróðursetja ekki í tóftirnar umhverfis núverandi bæjarhús. Tóftum hákarlahjalls, íshúss, sláturkofa og nausts, auk hluta húsgrunnss sem tilheyra kann tíma einokunarverslunarinnar, stafar hætta af sjávargangi þar sem sjór brýtur framan af Búðamel.

Minjar á Svínaskála

Á Svínaskála má enn finna nokkuð af minjum frá fyrri tíð. Bæjartóftirnar eru enn mjög greinilegar en aðrar tóftir í heimatúni eru verr farnar enda eru matjurtagarðar Eskfirðinga í túninu umhverfis bæinn. Tóftir gamalla fjárhúskofa auk Svínaskálaréttar er að finna rétt innan (vestan) við tún á Svínaskála. Tóftir kvía og lambhúss eru við lækinn Beljanda sem rennur austan bæjarstæðisins. Tóftir verslunarhúss og íshúss eru fast ofan vegar austan Beljanda en hafa orðið fyrir nokkrum skemmdum við vegagerð. Neðan þeirra voru sjóhús Svínaskálabænda en þau eru horfin, fyrir utan eitt veggjarbrot. Ofan sjóhúsanna var líka svokallaður Lambastekkur, grjóthlaðin girðing, en hann er nú horfinn. Leifar tveggja grjótbyrgja eru í hlíðinni ofan sjóhúsanna og kann þar að vera um fiskbyrgi eða þurkhjalla að ræða.

Hættumat

Lítill hætta steðjar að minjum í landi Svínaskála og þá helst vegna garðræktar í túninu við bæjartóftirnar og þyrfti að gæta sérstaklega að því að þær verði ekki fyrir skemmdum. Verslunar- og íshús hafa orðið fyrir skemmdum vegna vegagerðar og skal hafa aðgát verði ráðist í frekari vegagerð.

Minjar á Lambeyri / Eskifjarðarkaupstað

Í Eskju má finna greinargóða lýsingu á upphafi byggðar, örnefnum og húsum í kaupstaðarlandinu. Ætla má að fjölmargar minjar hafi verið innan bæjarmarka, túnblettir, fjós, fjárhúskofar, garðlög, sjóhús o.fl. Heimildir eru þöglar um þessar hversdagslegu minjar og þær hafa orðið undan að láta fyrir hinni vaxandi byggð. Á gömlum myndum frá Eskfirði má oft sjá húskofa, útihús og garðlög sem engin merki eru um nú.

Eins og fyrr var getið er byggingasaga bæjarins löng og eru mörg merk hús í bæjarfélaginu. Má þar t.d. nefna Gömlu-Búð, Randulffs sjóhús og Jensenshús. Eins og oft vill verða í þéttbýli eru þó fá merki um upphaflega byggð á svæðinu, tóftir og garða henni tilheyrandi. Engar minjar eru lengur um býlið Lambeyri eða þau tómthús og húsmannspláss sem því tilheyrðu. Í bæjarlandinu var einnig býlið Bleiksá en engar menjar þess eru nú greinanlegar. Í landi Svínaskála var býlið Hlíðarendi, minjar um það eru nú horfnar en enn er til hús sem ber það nafn. Í kaupstaðarlandinu voru einnig beitarhús frá Svínaskála en þau eru nú horfin. Þær minjar innan bæjarmarka sem enn eru greinilegar eru t.a.m. leiðið á Mjóeyri og leifar Bleiksárréttar, smábýlisins Gils ofan nýju kirkjunnar og smátóftar vestan við kirkjugarðinn sem líklega hefur tilheyrt Gili.

Minjar í Eskifirði / Veturhúsum

Í Eskifirði hafa margar minjar horfið við jarðrækt og aðrar verklegar framkvæmdir. Fáar minjar eru í heimatúni, myllutóft er við bæjarlæk ofan núverandi íbúðarhúss og útihúsatóft er austan við svokallaðan Hesthúslæk. Greinileg stekkjartóft er skammt innan bæjarins og enn má greina leifar af smábýlinu Gili sem var rétt vestan Bleiksár. Þar er einnig að finna leifar svokallaðrar Bleiksárréttar og smátóftar. Innan Veturhúsa eru athyglisverðar tóftir sem kunna að vera af beitarhúsum frá Stóru-Breiðuvík. Þar niðri við Eskifjarðará er einnig að finna Gömlurétt og merki um rétt eða sauðaborg er á melholti beint sunnan Veturhúsa. Á Veturhúsum eru heillegar minjar búskapar frá fyrri hluta 20. aldarinnar, tóftir íbúðarhúss sem og útihúsa í heimatúni.

Hættumat

Sú hætta sem helst steðjar að minjum í landi Eskifjarðar eru verklegar framkvæmdir tengdar þéttbýlinu. Sérstaklega þarf að gæta að minjum vestan Bleiksár, tóft bæjarhúsa á Gili, Bleiksárréttar og smátóftar uppi við melinn sem grafreitirinn stendur á. Stekkur er fremst í malarkambi um 500 m innan (vestan) bæjarhúsa í Eskifirði. Sótt hefur verið möl í kambinn og stafar tóftunum hætta af því. Tóftir beitarhúsanna á svokölluðu Leiti innan Veturhúsa eru rétt neðan vegar inn Kálkinn (Eskifjarðardal) og geta því verið í hættu af umferð inn dalinn.

Minjar í Eskifjarðarseli / Byggðarholti

Á Eskifjarðarseli eru fáar minjar í heimatúni, einungis ein útihúsatóft undir mel suðvestan bæjar í túni. Engar minjar eru lengur við gamla bæjarstæðið en tóftir útihúsa og fjárréttar eru efst í túni ofan bæjarins. Fjárhús, sem hafa verið torf- og grjóthlaðið að hluta til, eru nú að mestu horfin vegna malarnáms, aðeins stendur eftir hluti vestari langveggjar. Leifar smalakofa eru efst á melnum suðvestan bæjarins. Tóftir beitarhúsa eru á grundunum um kílómetra inn af bænum. Tóftir réttar eða gripheldis einhvers konar er um 500 m inn af bæ. Á Byggðarholti fundust engar minjar en þar er nú golfvöllur Eskfirðinga.

Hættumat

Litla hættu má telja á að minjar í Seli verði fyrir skemmdum, enda er bærinn kominn í eyði og enginn búskapur þar lengur.

Minjar á Borgum

Á Borgum er heildstætt menningarlandslag, leifar bæjarstæðis og allra tófta í heimatúni. Minjarnar eru almennt mjög heillegar en þó hefur a.m.k. eitt útihúsanna sem efst er í túni orðið að hluta til undir skriðu.

Hættumat

Býlið var komin í eyði fyrir miðja 20. öldina og enginn búskapur verið þar síðan þótt tún hafi lítið eitt verið nytjuð. Minjunum stafar því helst hætta af skriðuföllum úr Hólmatindi.

Minjar í Teigagerði

Í Teigagerði er einungis einn matjurtagarður (138-23 í skrá) skráður í námunda við deiliskipulagssvæðið, hann er þó utan svæðisins. Minjar á deiliskipulagssvæðinu eru sýndar á meðfylgjandi loftmynd.

Minjar í Bakkagerði

Í landi Bakkagerðis eru, líkt og annarsstaðar í þéttbýli, margar minjar horfnar. Þó voru skráðar nokkrar minjar á jörðinni s.s. fjárhús, fjós og hlaða í nágrenni Bakkagerðisbæjar, leifar af svarðargröfum, matjurtagörðum og girðingum. Einnig eru menjar um umsvif hernámsliðsins, skotbyrgi, húsgrunnur og girðingastæði.

Í landi Bakkagerðis munu nokkrar minjar hverfa undir byggð samkvæmt deiliskipulaginu.

Fjárhús og garðlag– 139-15/16

Svarðargrafir – 139-39

Fjós – 139-17

Sumarfjós – 139-37

Hlaða – 139-38

Rétt og tóft – 139-31/32

Tóftir – 139-33/34

Matjurtagarður – 139-36

Skotbyrgi - 139-35/45

Húsgrunnur – 139-44

Flestar minjanna eru frá stríðsárunum eða tilheyra búskap í kaптúninu á 20. öld og teljast því ekki til fornleifa samkvæmt lögum.

Minjar á deiliskipulagssvæðinu eru sýndar á meðfylgjandi loftmynd.

Minjar á Kollaleiru

Á Kollaleiru eru flestar minjar á deiliskipulagssvæðinu horfnar. Tveir skráðir minjastaðir munu hverfa undir byggðina við Stekki, Garðlag 140-18 og tóftarbot 140-19. Líklega er hér um að ræða 20. aldar minjar og hafa þær þegar orðið fyrir skemmdum vegna túnaræktunar. Skotbyrgi 140-17 er utan deiliskipuagssvæðisins.

Minjar á deiliskipulagssvæðinu eru sýndar á meðfylgjandi loftmynd.

Minjar í Áreyjum

Í Áreyjum er enn nokkuð af minjum í heimatúni, umhverfis gamla bæjarhólinn, útihús og rétt. Nokkur þessara útihúsa eru á stöllum ofan bæjarstæðisins og mynda nokkuð skemmtilega minjaheild. Svokölluð Stekkjartóft er ofar í fjallinu um 500 m upp og inn

(vestur) af bæ. Tvær tóftir eru einnig í hlíðinni beint vestur af núverandi bæjarhúsum við og upp af klettahæð sem nefnist Paradísarhæð.

Hættumat

Ekki er lengur búskapur í Áreyjum en jörðin er nú skógræktarjörð og er minjum mest hætta búin af þeim sökum. Nauðsynlegt er að taka tillit til minjanna og þeirrar heildar sem þær mynda við skipulagningu skógræktar á jörðinni.

Minjar á Sléttu / Sléttuströnd

Fjölmargar minjar eru í landi Sléttu. Fáar minjar eru þó í heimatúni en þar hefur land verið sléttað, þ.á.m. gamli bæjarhóllinn. Nokkrar tóftir eru í nágrenni við bæjarhúsin, má þar nefna Kofabarð og stekkjartóft innan bæjar. Enn eru heillegar minjar um afbýlið Sléttukrók við fjarðarbotn utan Sléttu, tóftir og garðlög. Nokkrar minjar eru um útgerðar og verslunarstaðinn á Hrúteyri sem myndaðist seinni hluta 19. aldar, húsgrunnar og sjóhústóftir. Margar minjar er einnig að finna á Sléttuströndinni út með firðinum, bæði búsetuminjar, sjó- og verslunarminjar. Má þar nefna Klausensgrunn, tóftir verslunarhúsa, Guðjónsblett, tóftir útihúsa og garðlög, Miðströnd, hlaðinn húsgrunn, Holtastaðaeýri/Strönd, búskaparminjar, garðalög og sjóminjar frá tímum síldarútgerðar Norðmanna, Innri-Selstaði, glöggar minjar beitarhúsa frá Seljateigi og Selstaði, beitarhús frá Borgargerði, en þar eru leifar útihúsa og uppsáturs.

Hættumat

Slétta er enn í ábúð og er minjum næst bæ helst hætta búin af þeim sökum. Ein tóft mun hverfa við vegagerð vegna jarðgangagerðar og fór fram fornleifarannsókn á henni sumarið 2003. Tóftir á Sléttuströnd teljast almennt ekki í mikilli hættu, nema þá helst ef veglínu yrði breytt. Tóftir sjóhúsa á Hrúteyri, Klausensgrunnur og sjóminjar á Holtastaðaeýri, eru þó allar í nokkurri hættu af sjávargangi. Nokkur uppblástur er á holtinu þar sem tóftirnar á Innri-Selstöðum liggja, sem kann að hafa áhrif á varðveislu þeirra. Stekkur sem liggur á árbakka sunnan árinna, sem rennur austan Hrúteyrar, er að brotna fram í ána og liggur undir skemmdum.

Minjar í Borgargerði

Í Borgargerði er mjög heildstætt menningarlandslag. Tóftir bæjarhúsa glöggar og tóftir útihúsa í heimatúni enn vel sýnilegar.

Hættumat

Vegur sem liggur að gangamunna jarðganga milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar mun liggja um 100 m neðan við bæjarstæðið. Litlar líkur eru til að minjar verið fyrir skemmdum af þessum sökum en fara þarf gætilega við allar framkvæmdir á svæðinu.

Minjar og varðveislugildi

Menningarlandslag er hugtak sem hefur hlotið aukið vægi innan þjóðminjavörslunnar hin seinni ár. Er þá átt við samspil manngerðra minja innbyrðis sem og tengsl þeirra við náttúru og sögu. Slík heild kann að hafa áhrif á varðveislugildi minjanna auk þess sem hún segir fyllri sögu um búsetu og kjör manna til forna.

Hugtakið menningarlandslag hefur einnig verið í umræðunni í tengslum við svokallaða menningartengda ferðaþjónustu og má segja að nú sé viss vakning í notkun

menningararfsins til kynningar á landi og þjóð. Þá er ekki einungis um að ræða söguslóðir eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera gömlu verklagi, byggingaháttum og landnotkun vitni. Kynning á fornleifum er ekki síður mikilvæg heimamönnum og eykur áhuga og skilning á nánasta umhverfi og þeirri byggðasögu sem lesa má út úr menningarlandslagi.

Fornleifar eru vitaskuld einnig metnar út frá eigin verðleikum, hve sjaldgæfar þær eru og hvert fræðslugildi þeirra er. En það kann enn fremur að skipta máli hvaða þýðingu þær hafa fyrir rannsóknir og að hvaða leyti þær þykja geta fært mönnum nýja vitneskju um mannlíf til forna.

Minjar sem hafa sérstakt varðveislugildi eða eru áhugaverðar til kynningar:

Útstekkur

- Tóftir framan við Búðamel og við íbúðarhús sem kunna að vera frá tímum einokunarverslunarinnar.

Svínaskáli

- Fjárhústóftir og Svínaskálarétt innan túns á Svínaskála.
- Lambhús, tóftir fjárhúsa á eystri bakka Beljanda, utan Svínaskála.
- Tóftir í Selbotni. Minjar smábýlis í sérstæðu fjallalandslagi.

Eskifjörður

- Tóft Gils eða Bleiksárgils, smábýlis sem stóð vestan Bleiksár. Tóft þessa býlis er nú nokkra tugi metra ofan núverandi kirkju.
- Nokkuð fornlegar tóftir eru á Leiti innan Veturhúsa, rétt neðan vegar inn Kálkinn. Kunna að vera tóftir beitarhúsa frá Stóru-Breiðuvík.
- Gamlarétt er hlaðin upp við klett norðan Eskifjarðarar, inn og niður af Veturhúsum.

Veturhús

- Á Veturhúsum var búið allt fram undir miðja 20. öldina. Þar eru þó útihúsaminjar allar með gamla verklaginu, úr torfi og grjóti. Bæjarstæði og útihús mynda skemmtilega heild. Bæjarstæði er fast ofan vegar inn Kálkinn (Eskifjarðardal) og henta vel til kynningar.

Borgir

- Heildstæð bæjarmynd lítils bæjar frá seinni hluta 19. og fyrri hluta 20. aldar í túni skammt ofan vegar inn að golfvellið í Byggðarholti. Hentar vel til merkingar og kynningar.

Slétta

- Tóftir býlisins Sléttukróks. Tóftir býlisins eru við fjarðarbotn, skammt ofan þjóðveg. Gott dæmi um smábýli þar sem stundaður var einhver búskapur með sjóskókn..
- Klausensgrunnur. Heillegur húsgrunnur við sjávarborð utan Hrúteyrar. Merkilægur fyrir þær sakir að þar var löggiltur verslunarstaður á 19. öld. Sést vel frá vegi út Vattarnes.

- Guðjónsblettur. Tóftir útihúsa og garðlag fast ofan og neðan vegar út Sléttuströndina. Heillegar minjar vel greinilegar frá vegi.
- Miðströnd. Húsgrunnur rétt ofan vegar innan Miðstrandarár. Þar var búið í skamman tíma á 19. öld.
- Holtastaðeyri / Strönd. Þar var búið fram á 20. öldina en húsakostur, utan íbúðarhúsið sem var tréhús á steiptum grunni, hefðbundin 19. aldar útihús. Virkjamikill grjótagarður er kringum túnið og heillegar tóftir innan og við hann. Við sjávarborð yst á Holtastaðeyrinni eru greinileg merki hlaðinna húsgrunna, tófta og bryggju sem tilheyra útgerð Norðmanna á síðari hluta 19. aldar. Allar eru minjar þessar við þjóðveg út Vattarnes, vel sýnilegar og henta vel til merkinga.
- Innri-Selstaðir. Þar eru mjög greinilegar tóftir tveggja fjárhúsa og réttar. Þar munu hafa verið beitarhús frá Seljateigi.
- Selstaðir. Á Selstöðum munu hafa verið beitarhús frá Borgargerði auk þess sem þaðan var sóttur sjór. Þar eru greinilegar tóftir og húsgrunnar rétt neðan þjóðveg.

Borgargerði

- Heildstætt menningarlandslag í fögru umhverfi. Margar heillegar minjar í túni um búsetu á seinni hluta 19. og fyrri hluta 20. aldar. Vel sést til minjanna frá nýja þjóðveginum og þær henta vel til merkingar.

Niðurstöður

Almennt má segja að minjarnar á hinu skráða svæði séu dæmigerðar fyrir austfirskar sveitir og sjávarbyggðir á 19. öld og fyrri hluta þeirrar 20. Er þar um að ræða hefðbundnar búsetuminjar auk ummerkja um verslun, útgerð og sjósókn. Svæðið hefur sérstöðu að því leyti að þar eru a.m.k. fjórir verslunarstaðir, Búðareyri, verslun á tímum Englendinga og Hamborgara og svo aftur á 19. öld, Breiðavík, verslun á einokunartímanum, Eskifjörður, verslun frá lokum einokunartímans, og Hrúteyri á síðasta hluta 19. aldar. Fáar minjar eru lengur til sem minna á þessa verslunarstaði.

Það sem helst kann að hafa áhrif á varðveislu þeirra minja sem skráðar voru eru framkvæmdir, s.s. vega- eða byggingaframkvæmdir. Fyrirsjáanlegt er að einhverjar minjar eru í hættu vegna framkvæmda við nýja íbúðarbyggð á Reyðarfirði. Þar er um að ræða minjar frá 20. öld sem ekki teljast fornleifar samkvæmt skilgreiningu laganna. Yngri minjar, s.s. herminjar, kunna að hafa sérstakt sögulegt gildi og heimilt er í lögum að friða þær. Því ber að leita álits Fornleifaverndar ríkisins, minjavarðar Austurlands, þegar sýnt er að minjar eru í hættu vegna framkvæmda.

Búskapur er einungis stundaður á þremur þeirra bæja sem skráðir voru. Búskapur fylgir alltaf einhver hætta á jarðraski sem hafa kann einhver áhrif á minjaumhverfið. Skógrækt hefur einnig aukist undanfarin ár og ber sérstaklega að taka tillit til minja þegar skógrækt og skógræktarjarðir eru skipulagðar. *Skráning fornleifa er því mikilvægur þáttur í öllu skipulagi, hvort sem þar er um að ræða verklegar framkvæmdir eða skipulag landssvæða til ræktunar.*

Margar minjar hafa horfið við túnrækt og aðrar verklegar framkvæmdir á síðastliðnum áratugum. Sérstaklega á það við um minjar á jörðum sem lagðar hafa verið undir þéttbýli. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir

yfirborðinu þótt þeirra sjái ekki stað ofanjarðar. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum.

Heimildir sem stuðst var við:

Óprentað

Fasteignamat 1918
 Uppdráttur af túnum í Áreyjum
 Uppdráttur af túni, Árbakka
 Uppdráttur af túnum á Bakkagerði
 Uppdráttur af Bleiksártúni
 Uppdráttur af túnum á Borgum
 Uppdráttur af túni Clausens og Þ. Jakobssonar
 Uppdráttur af túni F. Clausens
 Uppdráttur af túnum í Eskifirði
 Uppdráttur af túnum í Eskifjarðarseli
 Uppdráttur af túnum A. Figveds
 Uppdráttur af túnum J. Arnesen
 Uppdráttur af túni J. Jónssonar og Jóhanns Jensen
 Uppdráttur af túnum Jóhanns Þorvaldssonar
 Uppdráttur af túni K. Jónssonar
 Uppdráttur af túnum á Lambeyri
 Uppdráttur af túnum M. Magnússonar
 Uppdráttur af túni Sjólust
 Uppdráttur af túni í Steinholti
 Uppdráttur af túnum á Svínaskálum
 Uppdráttur af túnum á Teigagerði
 Uppdráttur af túnum á Útstekki
 Þjóðskjalasafn Íslands. Afsals- og veðmálabók Suður Múlasýslu, bls. 574-5. No. 4/1868.
 Þjóðskjalasafn Íslands. Þingbók Suður Múlasýslu, bls. 349.
 Örnefnaskrá Áreyja, Stefán Einarsson skráði (ÖÁ)
 Örnefnaskrá Bakkagerðis, Stefán Einarsson skráði
 Örnefnaskrá Byggðarholts og Eskifjarðarsels, Stefán Einarsson skráði (ÖBE)
 Örnefnaskrá Kollaleiru, Stefán Einarsson skráði (ÖK)
 Örnefni í landi jarðarinnar Eskifjarðar, Stefán Einarsson skráði (ÖE)
 Örnefnaskrá Lambeyrar, skráð af Alfreð Guðnasyni (ÖL)
 Örnefni við Reyðarfjörð, Björn G. Eiríksson skráði, 1. des. 2000 (ÖR)
 Örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði (ÖSB)
 Örnefnaskrá Svínaskála og Svínaskálastekks B, Stefán Einarsson skráði, með viðbættum (ÖSS)
 Örnefnaskrá Teigagerðis, Stefán Einarsson skráði

Prentaðar heimildir

Bruun, Daniel, *Fortidsminder og nutidshjem paa Island*. Kaupmannahöfn, 1928
Eskja bindi I, Einar Bragi Sigurðsson bjó til prentunar, 1971
 Guðmundur Magnússon, *Saga Reyðarfjarðar 1883-2003*, Fjarðabyggð 2003
 Íslenzkt fornbréfasafn XIII. Rvk. 1923-1928. Bls. 75-6.
Manntal á Íslandi árið 1703, tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Rvk. 1924-1947.

Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn, 1847.

Landamerkjabók S-Múlasýslu. 1883

Múlasýslur, sýslu- og sóknarlýsingar. Finnur M. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfu. Reykjavík, 2000.

Ólafur Olavius, *Ferðabók*. Landshagir í norðvestur, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777. Reykjavík 1965.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson, ritstjóri: 1976

Minjar á Útstekk og Helgustaðanáman

Efri náma

Helgustaðanáman

124-32

124-31

124-33

Neðri náma



Útstekkur/Stekkur

15

9

30

7

31/32

29

5

3

16

11

6

14

17

4

23

1/2

8

24

20

26

21

10

22

19

15

Minjar í landi Svínaskála og Lambeyrar



Lega minja í Eskifirði, Veturhúsum, Eskifjarðarseli, Byggðarholti og Borgum




Loffmynd: Loffmyndir ehf

Minjar í landi Teigagerðis, Bakkagerðis og Kollaleiru



Lega minja á Áreyjum



Löftmynd: Löftmyndir hf

Minjar í landi Sléttu



Lofmynd: Lofmyndir ehf

Minjar á Sléttu, Borgargerði, Hróteyri, Guðjónsbletti, Holtastaðaeeyri

